

9. Háskólinn vex úr grasi

1. Háskóli Íslands á tímum heimsstyrjaldar

Heimsstyrjöldin síðari þrýsti mjög á um breytingar á starfsemi Háskóla Íslands, eins og Alexander Jóhannesson hafði spáð á háskóla-hátíð haustið 1939. Brýnasti vandinn sneri að utanferðum íslenskra stúdenta, því að þótt háskóli hefði verið rekinn á Íslandi frá árinu 1911 þá treystu íslensk stjórnvöld enn á að verulegur hluti íslenskra háskólastúdenta sækti nám sitt til erlendra háskóla, á kostnað skattgreiðenda annarra landa. Þegar Þjóðverjar réðust inn í Danmörku og Noreg árið 1940 lokuðust þrjú vinsælustu námslönd íslenskra háskólanema fyrir íslenskum nemendum, því að með hernámi Breta lentu Íslendingar á yfirráðasvæði Bandamanna sem bönnuðu flest samskipti við löndin hinum megin víglínunnar.¹ Þetta setti verulegt strik í reikning þeirra námsmanna sem höfðu haft hug á að læra námsgreinar sem ekki voru kenndar við Háskóla Íslands, og reyndar þótti fáum fýsilegt að sigla til náms í Evrópu á þessum árum átaka og óvissu.

Ekki er auðvelt að fá nákvæmar eða heildstæðar upplýsingar um þær breytingar sem urðu á utanferðum íslenskra námsmanna á stríðsárunum, en þær sjást þó glöggt í breytingum á námsdvöl íslenskra læknakandídata á sjúkrahúsum og í sérnámi að lokinni útskrift frá Háskóla Íslands. Eins og sést af töflu I.6 var Danmörk langvinsælasta námslandið meðal þeirra læknanema sem útskrifuðust frá Háskólanum á árunum fyrir stríð, enda var rík hefð fyrir því að íslenskir læknar sæktu nauðsynlega starfsþjálfun til danskra spítala að loknu prófi frá Háskóla Íslands. Þrír af hverjum fjórum þeirra nemenda sem útskrifuðust frá Læknadeild Háskólans á tímabilinu 1936–39 dvöldu þannig um lengri eða skemmri tíma við nám og störf í Danmörku að loknu námi við Háskóla Íslands. Þetta breyttist snögglega með hernámi Danmerkur og Íslands, því að aðeins tveir þeirra sem útskrifuðust á árunum 1940–43 sóttu klíniska þjálfun við dönsk sjúkrahús og rannsóknarstofnanir – annar náði til Danmerkur rétt í þann mund sem landið var hernumið, og hinn fór þangað að heimsstyrjöldinni lokinni.² Á stríðsárunum urðu Bandaríkin og Kanada aftur á móti mjög vinsæl meðal íslenskra læknakandídata, og þarf það ekki að koma á óvart. Þessi lönd voru bæði fjarri stríðsátökunum,

¹ Námsárið 1938–39 voru 109 af 144 íslenskum háskólanemendum erlendis við nám í þessum þremur löndum, sbr. *Þsljfs*. Stjr. I. skrifst. B/645, ör. 4. Db. 15, nr. 505. Viðskipta-háskólinn. Ódagsett skýrsla samin af nefnd Stúdentaráðs HÍ, „Nám við Háskóla Íslands“.

² Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* I, 154–55 (Bjarni Konráðsson) og 479 (Kaj Jessen).

þótt bæði tækju þátt í þeim, og þóttu þau því ákjósanlegur dvalarstaður á tímum ófriðarins. Einnig hjálpaði til að Rockefellerstofnunin í New York stóð fyrir sérstöku átaki til að styðja íslenskt læknánám eftir að ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna gerðu með sér varnarsamning sumarið 1941, sjálfsagt í og með til að auka velvild landsmanna í garð bandaríska hersins. Styrkti stofnunin bæði rannsóknar- aðstöðu Læknadeildar Háskóla Íslands myndarlega og gerði sérstakt átak til þess að styðja íslenska læknakandídata til námsdvalar í Bandaríkjunum. Veitti stofnunin fjóra slíka styrki árið 1942,³ og fengu allir kandídatarnir inni á bandarískum sjúkrahúsum í fremstu röð. Hafði þetta úrslitaáhrif fyrir þá, því að gríðarlega kostnaðarsamt þótti að stunda nám í Bandaríkjunum á þessum árum sökum lágs gengis íslensku krónunnar gagnvart Bandaríkjadal.

Tafla I.6 Námsdvöl og sérnám læknakandídata frá Háskóla Íslands 1936–43 eftir námslöndum

	1936–39	1940–43
Fjöldi útskrifaðra	28	23
Framhaldsnám og námsdvöl		
Danmörk	21	2
Ísland	9	13
Svíþjóð	2	4
Bandaríkin og Kanada	4	11
Bretland	0	3
Annað	3	0

Heimildir: *Árbók Háskóla Íslands 1936–43*. – Lárus H. Blöndal og Vilundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* I.

Margir kandídatanna dvöldu í fleiri löndum en einu, og því er samanlagður fjöldi nemenda eftir löndum hærrí en heildarfjöldi útskrifaðra. Hér er aðeins tekið tillit til námsdvalar á sjúkrahúsum og sérnáms fyrstu tíu árin eftir útskrift frá Háskóla Íslands.

Hvað Háskóla Íslands varðar urðu áhrif stríðsins ekki síst þau að námsgreinum við skólann fjölgaði ört. Skipta má þessum nýju greinum í tvennt. Annars vegar var tekið upp nám sem fylgdi hefðbundnu skipulagi við Háskóla Íslands og lauk með kandídatprófi við Háskólann. Þetta átti við bæði tannlækningar og viðskiptafræði, en þessar námsgreinar voru festar í lög árið 1941 þótt tannlæknakennslan hafi ekki hafist í raun fyrr en haustið 1945.⁴ Hins vegar var styttra nám, eða grunnnám, sem var annaðhvort hugsað sem hluti af lengra námi,

³ Vef. *The Rockefeller Foundation Annual Report 1942*, 24–26, 130–31.

⁴ *Stjórnartíðindi* 1941 A, 61, 114. – Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 111–12.



I. EMBÆTTISMANNSKÓLINN – I.9 HÁSKÓLINN VEX ÚR GRASI

Háskólasvæðið og nágrenni á styrjaldarárunum. Við Gamla garð og vestan Suðurgötu er það þakið hermannaskálum. Á miðri mynd blasir Melavöllurinn við, en hann var þar fram á núunda áratug aldarinnar.




Þar sem nemendur urðu að sækja síðari hlutann til erlendra háskóla, eða því lauk með lokaprófi frá Háskóla Íslands. Þetta var fyrrihlutanám í verkfræði, sem komið var fyrir í sérstakri deild, Verkfræðideild, og BA-nám í ýmsum greinum tungumála við Heimspekideild Háskólans.

Verkfræði- og BA-námið mörkuðu ákveðna stefnubreytingu í starfi Háskóla Íslands. Fram að þessu hafði allt nám við skólann farið eftir reglum embættisskólans, þ.e. því lauk með meistara- eða kandidategráðum frá Háskóla Íslands sem voru ekki síst hugsaðar sem aðgöngumiði að embættismannakerfi ríkisins. Með verkfræði- og BA-náminu fíkraði Háskólinn sig aftur á móti inn á braut grunnmenntunar, sem átti eftir að einkenna starfsemi hans á áttunda og níunda áratugnum. Að þessu leyti breytti Háskólinn nokkuð um svip á stríðsárunum, þótt viðhorf embættismannaskólans til kennslu og rannsókna hafi enn ráðið mestu um mótun sjálfsmýndar skólans.

2. Grunnám í embættismannaskóla

Fyrstu sæmilega skýru hugmyndirnar um grunnám við Háskóla Íslands komu fram í þingsályktunartillögu sem lögð var fyrir Alþingi sumarið 1931 að frumkvæði Vísindafélags Íslendinga. Í fyrsta lið tillögunnar var lagt til að rannsakað yrði „að hve miklu leyti og hvernig væri unnt að koma á fót undirbúningskennslu við Háskóla Íslands í þeim námsgreinum, sem þar eru ekki kenndar nú, til þess að stytta





Íslenskir stúdentar við verkfræðinám í Kaupmannahöfn í janúar 1948. Fremri röð frá vinstri: Gestur Stefánsson, Þóroddur Th. Sigurðsson, Einar H. Árnason, Erlingur Guðmundsson, Ólafur Jensson, Magnús R. Jónsson, Sveinn Torfi Sveinsson, Guttormur Þormar. Aftari röð frá vinstri: Andrés Andrésón, Sveinn K. Sveinsson, Benedikt B. Sigurðsson, Sören Langvad, Sigurður Þormar, Skúli Guðmundsson, Theodór Árnason. Á myndina vantar Steingrím Pálsson.

nám í þeim erlendis“.⁵ Samkvæmt tillögunni var gert ráð fyrir grunnkennslu í greinum eins og náttúrufræði, verkfræði, hagfræði og málfræði, og fylgdu henni greinargerðir frá nokkrum sérfræðingum á þessum sviðum um mögulega tilhögun námsins. Þrátt fyrir góðan undirbúning vakti tillagan litla athygli í þinginu; hún var lítillega rædd í efri deild, en sofnaði síðan í menntamálanefnd deildarinnar og kom aldrei til endanlegrar afgreiðslu.⁶


Þegar litið er til þess námsfyrirkomulags sem tíðkaðist í þeim löndum sem Íslendingar sóttu helst fyrirmyndir til, þ.e.a.s. á Norðurlöndunum og í Þýskalandi, þá hljóta tillögur Háskólans og Vísindafélagsins að teljast allnýstárlegar. Á þessum tíma var háskólanám í þessum löndum yfirleitt skipulagt sem ein heild, sem lauk með meistara- eða kandidateksprófum, líkt og verið hafði við Háskóla Íslands frá upphafi.⁷ Fyrstu hugmyndirnar um grunnnám við Háskólann tóku greinilega mið af þessu skipulagi, því að ekki var litið á það sem sjálfstætt nám heldur aðeins sem fyrsta hlutann í lengra háskólanámi sem ljúka átti erlendis. Það sem var óvenjulegt við tillögurnar var að þær gengu út frá því að nemandinn tæki námið ekki aðeins í tveimur skólum heldur í tveimur löndum. Gengið var út frá því að Ísland væri of fámennt, strjálbyggt og fátækt til að bjóða upp á fjölbreytt háskólanám, sérstaklega á námsbrautum sem skiptust upp í fjölda sérgreina eða kröfðust dýrra og flókinna tækja eða stórra bókasafna. Því þurftu Íslendingar að treysta á velvilja annarra þjóða þegar kom að því að

⁵ *Alþingistíðindi* 1931 (aukaþing) A, 464.

⁶ *Alþingistíðindi* 1931 (aukaþing) D, 254–58.

⁷ Rothblatt, „Curriculum, Students, Education“.

I. EMBÆTTISMANNSKÓLINN – I.9 HÁSKÓLINN VEX ÚR GRASI



Mikill bókaskortur hlýtur að hafa hrjáð Háskóla Íslands sem menntastofnun fyrstu áratuginna. Sá einstaklingur sem bætti mest úr því var Benedikt S. Þórarinnsson kaupmaður í Reykjavík. Hann var mikill bókasafnari, og árið 1935 gaf hann Háskólanum bókasafn sitt. Benediktssafn er nú hluti af Landsbókasafni – Háskóla-bókasafni, varðveitt í Þjóðarbókhöfðu.

mennta íslenska stúdenta í ýmsum lykilgreinum háskólakennslu. Margt konar erfiðleikar fylgdu því þó að senda nemendur úr landi strax eftir stúdentspróf, því að bæði uxu slíkar utanferðir mörgum stúdentum í augum og oft vissu þeir ekki hvaða nám hentaði þeim best. Af þessum sökum sóttu nemendur í það nám sem í boði var við Háskóla Íslands, þótt hugur þeirra stæði til annars. Með því að bjóða upp á almennt grunn nám í greinum eins og verkfræði og náttúrufræði við Háskólann þótti líklegt að vinsældir tækni- og raunvísindanáms ykjust meðal íslenskra stúdenta, en mikil þörf var fyrir fólk með slíka menntun á Íslandi. Jafnframt var talið að undirbúningsnám á Íslandi gerði nemendurna betur hæfa til að takast á við íslenskar aðstæður að námi loknu en nám sem stundað var einvörðungu við erlenda háskóla. Fáir „eru til þess erlendis að vekja áhuga þeirra á ‚problem-unum‘ hér heima“, segir t.a.m. í skýrslu Árna Friðrikssonar fiski-fræðings um kennslu í dýrafræði við Háskólann,⁸ og úr þessu mátti bæta ef nemendurnir tækju fyrstu skrefin í háskólanáminu á Íslandi, undir handleiðslu íslenskra vísindamanna.

Eftir að þingsályktunartillagan sofnaði í nefnd sumarið 1931 heyrðist lítið af grunnnámsmálinu fyrir en það var tekið upp á ný haustið 1939. Þá hillti loks undir að Háskólinn flytti í nýtt hús, og forystumenn skólans höfðu fullan hug á að stórefla starfsemina. Sendi háskólaráð Alþingi því nýja tillögu til þingsályktunar um undirbúningsnám við skólann, nú í hagfræði, náttúrufræði og verkfræði, um leið og skorað var á ríkisstjórnina að semja við erlenda háskóla – einkum á Norðurlöndum – um að viðurkenna fyrrihlutanámið við Háskólann.⁹ Með þessu átti að slá margar flugur í einu höggi: mikill gjaldeyrissparnaður yrði af því að stytta námsdvöl íslenskra háskólana erlendis, Háskólinn myndi eflast með þessari viðbót í kennslunni, og aukin fjölbreytni beindi stúdentum inn á nýjar brautir í námi.¹⁰ Með því að fresta för íslenskra námsmanna til erlendra háskóla vildu háskólayfirvöld líka forða óhörðnuðum ungmönnum frá þeim freistingum sem fylgdu því að dvelja í erlendum stórborgum á viðkvæmu skeiði í lífi stúdentanna. Bitur reynsla sýndi að margir námsmenn höfðu „sogast niður í hringiðu stórborganna, af því að þá skorti það veganesti, er gerði þá hæfa til að berjast til sigurs á hinum oft og tíðum erfiða námsferli“, sagði Alexander Jóhannesson um þetta atriði í setningarræðu Háskólans haustið 1939.¹¹ Því vildi Háskólinn veita stúdentum „möguleika til þess að vinna hér að námi sínu fyrstu tvö árin, einmitt þau árin, sem mörgum stúdentinum hafa orðið hættuleg-

⁸ *Alþingistíðindi* 1931 (aukaþing) A, 474.

⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1939–40, 116–17. – *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs III. 10. nóv. 1939.

¹⁰ Alexander Jóhannesson, „Framtíð háskólans“, 5.

¹¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1939–40, 8.



Háskóli Íslands óx úr grasi á fimmta áratugnum, og kýrnar héldu áfram að gæða sér á grasinu á sumrin. Lengst til vinstri eru prófessorabústaðirnar, einbýlishús sem akademískir starfsmenn Háskólans fengu einir að byggja og voru öll byggð eftir nokkurn veginn sömu teikningu. Handan Háskóla-byggingarinnar eru Atvinnudeildarhúsið og Gamli garður.

ust vinalausum og einum í glaumi erlendra stórborga“, svo vitnað sé til blaðagreinar Sigurðar Einarssonar dósents sem birtist þetta sama haust í *Alþýðublaðinu*.¹²

Ekki er að sjá að stjórnvöld hafi virt tilmæli háskólaráðs viðlits, því að þingsályktunartillagan var hvorki rædd á Alþingi né var gert ráð fyrir undirbúningsnáminu á fjárlögum. Ári síðar vaknaði ríkisstjórnin þó við þann vonda draum að með hernámi Noregs, Danmerkur og Íslands hafði lokast að mestu fyrir venjulegt nám íslenskra háskólastúdenta erlendis. Haustið 1940 var því allt útlit fyrir að enginn íslenskur stúdent hæfi nám í mikilvægri grein á borð við verkfræði, þrátt fyrir viðvarandi skort á sérfræðingum á því sviði. Var þá í skyndi blásið til margumræddrar grunnkennslu í verkfræði við Háskólann, og hófst hún upp úr miðjum október 1940 eftir ótrúlega skamman undirbúning.¹³ Skráðir nemendur voru níu fyrsta haustið, og var öll kennslan í höndum stundakennara, enda voru engin lög eða formlegar reglur til um námið þegar það hófst. Þannig var hvorki minnst á fastar kennarastöður í verkfræði í lögum Háskólans, né var ljóst hvernig náminu skyldi komið fyrir í skipulagi skólans – og engin áætlun var til um hvað tæki við hjá fyrstu nemendum þegar þeir lykju undirbúningsnáminu við Háskólann.¹⁴

Af þessu sést að stjórnvöld hugleiddu ekki verkfræðikennslu við Háskólann fyrir en nokkrum vikum áður en kennslan hófst haustið 1940. Engir samningar voru til við erlenda háskóla um viðurkenningu

¹² Sigurður Einarsson, „Efling háskólans“.

¹³ Kennslan hófst formlega 15. okt., en sökum skorts á námsbókum var hún ekki komin í fullan gang fyrir en í byrjun nóv. 1940. – Finnþogi R. Þorvaldsson, „Verkfræðideildin 1940–1950“.

¹⁴ Aðdragandi verkfræðikennslunnar er rakinn í þessum ritum: Steingrímur Jónsson, „Verkfræði við Háskóla Íslands“. – Þorsteinn Vilhjálmsson, „Verkfræði og raunvísindi við Háskóla Íslands“. – Þorbjörn Karlsson, „Verkfræðikennsla í Háskóla Íslands“. – Jón Ragnar Stefánsson, „Saga stærðfræðings“.

á fyrrihlutanáminu við Háskólann, þótt loforð virðist fljótlega hafa fengist um að það veitti aðgang að skólum í Bandaríkjunum og Bretlandi.¹⁵ Hér hjálpaði þó til að kennslan hafði verið rædd ítarlega á vettvangi Verkfræðingafélags Íslands á fjórða áratugnum, og renndu menn því ekki algerlega blint í sjóinn með það hvernig henni yrði best háttað.¹⁶ Hugmyndin með náminu var sú að nemendur tækju fyrri hluta verkfræðinnar á Íslandi, en þar væri áhersla að mestu lögð á grundvallaratriði fagsins. Eftir tveggja til þriggja ára nám á Íslandi var ætlast til að nemendur héldu áfram sérgreinanámi við erlenda tækni- og verkfræðiháskóla og lykju lokaprófum þaðan. Var gengið út frá því í upphafi að friður yrði kominn á áður en fyrstu nemendurnir lykju fyrrihlutanáminu við Háskólann og að þeir gætu þá komist að í evrópskum háskólum eins og tíðkast hafði fyrir stríð. Þetta gekk ekki eftir, því að vorið 1943, þegar fyrsti árgangurinn lauk fyrrihlutaprófi, var stríðið enn í algleymingi, og stærstur hluti meginlands Evrópu á þýsku yfirráðasvæði.¹⁷ Til að koma til móts við nemendurna var þeim þá boðið að ljúka fullnaðarprófi í byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands, en deildin treysti sér ekki til að bjóða upp á próf í öðrum sérgreinum verkfræðinnar. Luku sjö nemendur slíku prófi á árunum 1946–48, en eftir það var námið til lokaprófs lagt niður.¹⁸

Formlega var Verkfræðideild Háskóla Íslands stofnuð með lögum sem samþykkt voru á Alþingi í desember 1944,¹⁹ en þá hafði deildin starfað í reynd frá árinu 1941. Fyrsti fundur „Verkfræðideildar“ var t.a.m. skráður í gerðabók í lok maí 1941, en á honum var Finn­bogi Rútur Þorvaldsson, þá stundakennari, kjörinn forseti deildar sem engin lög voru til um.²⁰ Þrátt fyrir þessi lausatök í stjórnsýslu einkenndist allt starf deildarinnar af mikilli festu frá fyrsta degi. Nemendafjöldinn var líka tiltölulega stöðugur, enda var honum lengst af stýrt með einhvers konar fjöldatakmörkunum. Eftir lok síðari heimsstyrjaldar varð Verkfræðideildin síðan að eins konar útibúi frá danska tækniháskólanum í Kaupmannahöfn, *Danmarks tekniske Højskole* (DTH), því að námið við Háskóla Íslands var algerlega bundið við kröfur og skipulag danska skólans. Fram yfir 1960 tók DTH að mestu þegjandi og hljóðalaust við öllum þeim nemum sem útskrifuðust frá Verkfræðideild Háskóla Íslands, án þess þó að beinir samningar virðist hafa verið gerðir þar um; því er ekki annað að sjá en að hin „vinsamlega og þýðingarmikla fyrirgreiðsla“ yfirvalda danska skólans, eins og kennarar Verkfræðideildar orðuðu það,²¹ hafi byggst á einskærri velvild þeirra í garð Íslands og Íslendinga og persónulegum tengslum kennaranna þar við íslenska kollega sína.

¹⁵ Finn­bogi R. Þorvaldsson, „Verkfræðinám við Háskólann“.

¹⁶ Sbr. „Byrjunarnám stúdenta við Háskóla Íslands“ – „Verkfræðinám við Háskóla Íslands“.

¹⁷ *Þskjs.* Mmm.1989-B/399 Háskóli Íslands almennt, júní 1942 – ágúst 1943. I. Jón Hj. Sigurðsson, rektor HÍ, til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis 25. júní 1943. – „Verkfræðinám við Háskóla Íslands“.

¹⁸ Finn­bogi R. Þorvaldsson, „Verkfræðideildin 1940–1950“.

¹⁹ *Stjórnartíðindi* 1944 A, 85–86.

²⁰ *HÍ. Gjörðabók Verkfræðideildar* I. 29. maí 1941. Deildarforseti Verkfræðideildar fékk þó ekki seturétt í háskólaráði fyrr en deildin varð til með lögum.

²¹ *HÍ. Gjörðabók Verkfræðideildar* I. 15. maí 1954.

Samstarf Verkfræðideildar og DTH sýnir í hnotskurn þann vanda sem fylgdi skipulagi grunnnáms á háskólastigi á þessum tíma. Engar skýrar eða gagnsæjar reglur voru til um námsmat á milli evrópskra háskóla fyrr en þær voru þróaðar í tengslum við menntasamstarf á vegum Evrópusambandsins og Norrænu ráðherranefndarinnar um og eftir 1990.²² Og þótt verkfræðinám væri um margt mjög líkt á Norðurlöndunum og í Þýskalandi þá var framvinda þess allólík frá einu landi til annars. Því var erfitt að skipuleggja fyrrihlutanám í einu landi án þess að það miðaðist beinlínis við framhald við einhvern einn ákveðinn skóla. Af þessum sökum sneið Háskóli Íslands verkfræðinámið eins nákvæmlega og unnt var að kröfum DTH, og minnstu breytingar á lesefni eða annarri námstillhögun við danska skólann kölluðu sjálfkrafa á viðbrögð hjá hinum íslenska.²³ Kvað svo rammt að þessu að árið 1960 settu forsvarsmenn Verkfræðideildar það sérkennilega skilyrði fyrir því að taka á móti kennara frá Bandaríkjunum, sem þeim bauðst til kennslu í eitt misseri með styrk frá Atlantshafsbandalaginu, að hann væri mæltur á eitthvert Norðurlandamálanna. Þetta var nauðsynlegt, að mati deildarmanna, því að annars væri bandaríski prófessorinn óhæfur til að kenna þær námsbækur sem notaðar voru við deildina. Ekki þarf að koma á óvart að erfitt reyndist að finna slíkan mann við bandarískan háskóla.²⁴

BA-námið við Heimspekideild var allt annars eðlis en fyrrihlutanámið í verkfræði, því að bæði var það ekki hugsað sem undirbúningur undir frekara nám, og því lauk með sérstakri prófgráðu frá Háskóla Íslands. Að þessu leyti markaði BA-námið meiri þáttaskil í þróunarsögu Háskólans en verkfræðinámið, þótt enginn virðist hafa gert sér grein fyrir því á þeim tíma þegar það var tekið upp. Þannig má líta á BA-námið sem fyrsta skrefið í áttina til þess skipulags sem síðar varð allsráðandi á öllum sviðum Háskólans, þar sem þriggja ára „bakkalárgráða“ myndar grunn frekara náms við Háskólann eða aðra háskóla. Einnig er athyglisvert að með BA-náminu leituðu yfirvöld Háskóla Íslands í fyrsta sinn markvisst að fyrirmyndum í skipulagi háskólakennslunnar til hins engilsaxneska heims, því að fyrir miðja síðustu öld tíðkuðust bakkalárgráður fyrst og fremst í Vesturheimi og á Bretlandi,²⁵ en voru nær óþekktar sem háskólagráður í þeim löndum sem Íslendingar höfðu helst miðað sig við fram að því.²⁶

Ekki er auðvelt að greina hvað forsvarsmenn Háskólans ætluðust fyrir með BA-náminu eða hvaða réttindi það átti að veita þeim sem

²² Sjá t.d. Rüegg og Sadlak, „Relations with Authority“, 113–22. – Rothblatt, „Curriculum, Students, Education“, 270–74.

²³ Sbr. *HÍ*, Gjörðabók Verkfræðideildar I, 18. des. 1953 og 17. apríl 1958.

²⁴ Talsverð bréfaskipti urðu á milli HÍ og ráðuneytisins um þetta mál, og eru þau geymd, ásamt minnisblöðum frá fundum í *Þskjs.* Mmrn. 1989-B/407. Háskóli Íslands almennt, jan. 1960 – des. 1960. XV.

²⁵ *Þskjs.* Mmrn. 1989-B/402 Háskóli Íslands almennt, júní 1950 – mars 1951. VIII. Alexander Jóhannesson til menntamálaráðherra 6. júní 1950.

²⁶ Franska „baccalauréat“-gráðan – „le bac“ – er þannig ekki háskólagráða, heldur jafngildir hún íslensku stúdentsprófi. – *Vef.* „Le baccalauréat“.

Það tóku BA-gráðunnar er fyrst getið í reglugerð Háskólans frá árinu 1942, og var þar gert ráð fyrir að hægt væri að ljúka BA-prófum í íslensku og nokkrum erlendum tungumálum (ensku, frönsku, latínu og þýsku).²⁷ Nokkur tungumál bættust við á næstu árum, og var þá jafnan talað um BA-deild eða tungumáladeild við skólann þótt námið væri staðsett í Heimspekideild.²⁸ Var í fyrstu eins og BA-námið snerist fyrst og fremst um að taka þá kennslu sem erlendir sendikennarar buðu upp á við skólann inn í formlegt starf Háskólans, en fram að þessu hafði fremur verið litið á tungumálanámið sem eins konar tómstundagaman en alvöru háskólanám. Árið 1951 var aukið verulega við BA-námið, en þá var farið að bjóða upp á Íslands- og mannkynsögu, uppeldisfræði, landafræði og jarðfræði, stærðfræði og ýmsar greinar raunvísinda (svo sem eðlis- og efnafræði) til BA-prófs frá Heimspekideild.²⁹ Þessi síðasta breyting var gerð til þess að gefa náminu ákveðnari tilgang, því að markmiðið með henni var að efla kennaramenntun í landinu. Tengdist þetta áætlunum um að flytja kennaranám að einhverju eða öllu leyti inn í Háskóla Íslands, en það hafði verið á döfnni síðan á fjórða áratugnum. Þeir sem gengu lengst í þessum ráðagerðum lögðu til að Kennaraskólinn yrði einfaldlega lagður niður og Háskólanum falið að þjálfa kennara fyrir öll skólastig³⁰ – í líkingu við það sem varð raunin með sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands árið 2008. Ekkert varð úr þeim áformum, en þó var í lögum um menntun kennara frá árinu 1947 sérstakt ákvæði um stofnun kennslustofnunar í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands, sem átti að vera opin bæði stúdentum og þeim sem lokið höfðu almennu kennaraprófi frá Kennaraskólanum.³¹ Forsvarsmenn Heimspekideildar virðast hafa haft þetta ákvæði í huga þegar þeir juku við BA-námið árið 1951, og ætlast til að það yrði opið kennaramenntuðu fólki sem eins konar framhaldsmenntun kennara.³² Háskólaráð samþykkti þó aldrei að slá af almennum aðgangskröfum að Háskólanum, þ.e. þeirri kvöð að nemendur hefðu lokið stúdentsprófi eða ígildi þess.³³ Slíkt próf höfðu kennarar venjulega ekki og því var skólinn áfram lokaður þeim sem höfðu aðeins kennarapróf.

Fálmkenndar tilraunir til að finna BA-náminu tilveruett og stað í skipulagi Háskólans bera nokkurn keim af þeim viðhorfum sem ríktu til námsins innan skólans og í samfélaginu almennt. Margir litu ekki á BA-námið sem alvöru háskólanám, heldur fremur sem eins konar tómstundagaman fyrir þá sem höfðu stúdentspróf en hugðu hvorki á frekara nám né starfsframa að námi loknu. Varektor Háskólans,

²⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 1941–42, 117.

²⁸ *Alþýðublaðið* 1. mars 1946, 2.

²⁹ *Stjórnartíðindi* 1951 A, 169–71.

³⁰ Sbr. *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/376, ör 11. Db. 10, nr. 213. Háskóli Íslands. Ásgeir Ásgeirsson fræðslumálastjóri til Kennslumálaráðuneytis 16. ágúst 1934.

³¹ *Stjórnartíðindi* 1947 A, 14–15.

³² Sbr. *Árbók Háskóla Íslands* 1950–51, 5–7. – *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs III. 24. apríl 1953. – „Sjöunda uppeldismálalöping“.

³³ Sjá ýmis bréfaskipti á milli fræðslustjóra, skólastjóra Kennaraskólans, rektora Háskólans og ráðherra á árunum 1950–55 í *Þskjs.* Mmrn. 1989-B/402. Háskóli Íslands almennt, júní 1950 – mars 1951. VIII. – *Þskjs.* Mmrn. 1989-B/404. Háskóli Íslands almennt, nóv. 1955 – okt. 1957. XI.



Ekki var aðeins stundað grunnnám í Háskólanum á sjötta áratugnum. Hér hafa verið dregin að gögn í mikla rannsókn, þýkkað bækur og margir pappírar, í lestrarsal framan við Háskólabókasafn árið 1951.

Einar Ólafur Sveinsson prófessor í íslenskum bókmenntum, vitnaði þannig til ónefnds „gamansams“ manns í ræðu sem hann hélt til að minnast 40 ára afmælis Háskólans árið 1951. Gat Einar Ólafur BA-námsins sérstaklega meðal nýjunga í starfi skólans og á umræddur gárungi að hafa sagt um það „að réttara nafn væri B.H., biðsalur hjónabandsins,“ og var það, hélt vararektor, „sjálfsagt af því að margar stúlkur tóku þetta nám.“³⁴ Vinsældir námsins meðal kvenstúdenta komu örugglega til af því að BA-námið var styttra en flest annað nám við Háskólann og hentaði því þeim vel sem ílentust ekki lengi í skólanum en vildu samt ljúka einhverjum prófum. Vildu ýmsir því stíga skrefið til fulls og móta sérsniðnar leiðir í náminu fyrir kvennemendur, sem byggju þær undir framtíðarstöður þeirra á heimilinu. Árið 1950 stakk Alexander Jóhannesson þannig upp á „húsmæðrafræðslu fyrir kvenstúdenta“ sem hugsanlegri námsgrein til BA-prófs við Háskólann, og sýnir sú tillaga vel þann hug sem forystumenn Háskólans báru til háskólanáms kvenna um miðja síðustu öld.³⁵

Það orð loddði því lengi við BA-námið að það væri ekki raunverulegt háskólanám, a.m.k. ekki í samanburði við hefðbundið embættis-

³⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1950–51, 18–19.

³⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1950–51, 6. – *Þskjs.* Mmrn. 1989-B/402. Háskóli Íslands almennt, júní 1950 – mars 1951. VIII. Alexander Jóhannesson til menntamálaráðherra 6. júní 1950.

nám við Háskóla Íslands. Árið 1970 vakti Rauðsokkahreyfingin þannig athygli á þeirri staðreynd að stór hluti kvenstúdenta við Háskólann stundaði BA-nám í Heimspekideild, og taldi hún það mjög miður. Deildin þjónaði „tvíþættu hlutverki í menntun kvenna“, að mati hreyfingarinnar. „Annars vegar er hún biðsalur hjónabandsins hins vegar leið til að ná á auðveldan hátt prófi.“ Stunduðu kvenstúdentar námið, að sögn Rauðsokkanna, ekki síst til að kosta eiginmenn sína, sem valið höfðu „alvarlegra nám“, í gegnum Háskólann.³⁶ Ekki virðast Rauðsokkurnar hafa gert ráð fyrir að nokkur veldi BA-námið af áhuga eða með það í huga að nýta það í starfi að námi loknu, t.d. við kennslu, og því hlutu vinsældir þess meðal kvenna að bera vott um kynjamisrétti í samfélaginu.

Þrátt fyrir slíka fordóma í garð BA-námsins naut það vaxandi vinsælda meðal nemenda. Var svo komið á hálftrar aldar afmæli Háskólans að Heimspekideildin var orðin langstærsta deild skólans, en mikill meirihluti þeirra 300 nemenda sem stunduðu nám við deildina stefndi á BA-próf fremur en meistara- og kandídatstúdíum í íslenskum fræðum. Enn var BA-kennslan þó rekin með eins konar bráðabirgðafyrirkomulagi, eins og segir í ályktun nefndar í Heimspekideild sem skipuð var árið 1961 til að gera tillögur um þarfir deildarinnar fyrir nýja kennara. Enginn þeirra sem kenndu „þessar greinar, hefur þessa kennslu að aðalstarfi,“ sögðu nefndarmenn, „heldur hafa þeir allir aðalstarf sitt utan háskólans, en kennsla sumra þeirra við háskólann er engu að síður svo mikil, að hún ein verður að teljast fullt starf fyrir háskólakennara“.³⁷ Tilfni þessara orða var vaxandi óánægja BA-kennaranna með kjör sín, en þeir höfðu hótad því að hætta kennslu við Háskólann ef staða þeirra yrði ekki tryggð.³⁸ Eftir alllangan undirbúning var BA-náminu svo algerlega umbylt haustið 1965 með nýrri reglugerð fyrir Háskólann. Þar var kennsla til BA-prófs í raungreinum flutt úr Heimspekideild yfir í Verkfræðideild, og var það nám beinlínis hugsað sem sérnám fyrir þá sem hugðu á kennarastörf í þessum fögum en stóð annars ekki í beinum tengslum við annað nám í deildinni. Í reglum Heimspekideildar var BA-námið aftur á móti skipulagt sem þriggja ára grunnnám fyrir nemendur deildarinnar, sem veitti í vissum tilfellum aðgang að kandídatstúdíum og meistaranámi deildarinnar. Segja má að þar með hafi BA-náminu loks verið fundinn staður í Háskólanum – 23 árum eftir að það var tekið upp.

³⁶ *Vísir* 7. nóv. 1970, 1.

³⁷ *HÍ*. Gjörðabók Heimspekideildar I. 22. nóv. 1961.

³⁸ *HÍ*. Gjörðabók Heimspekideildar I. 22. júní 1961.

3. Náttúruvísindi í Háskóla Íslands?

Haustið 1944, nokkrum mánuðum eftir stofnun lýðveldis á Þingvöllum, birtist hressileg ádrepa í Tímariti Máls og menningar undir fyrrsögninni „Vísindi og verkleg menning“. Höfundurinn var upprennandi stjarna í íslenskum náttúruvísindum, Björn Sigurðsson, sem þá var nýsnúinn heim úr nokkurra ára náms- og rannsóknardvöl í Danmörku og Bandaríkjunum. Var hann á þessum tíma aðstoðarlæknir á Rannsóknarstofu Háskólans, þar sem hann vann undir stjórn Níelsar Dungal.³⁹ Í greininni gagnrýndi Björn forystumenn Háskóla Íslands harðlega fyrir metnaðarleysi í rannsóknum sem tengdust náttúru Íslands. Því til stuðnings vitnaði hann til greinar sem Jón Hjaltalín Sigurðsson, prófessor við Læknadeild og rektor Háskóla Íslands, birti í hátíðarútgáfu Stúdentablaðs 17. júní 1944. Þar lét Jón þau orð falla að Heimspekideild ætti „að sjálfsgöðu að vera aðal vísindadeild háskólans“,⁴⁰ og túlkaði Björn ummælin þannig „að öðrum deildum, svo sem læknadeild, verkfræðideild o.s.frv. sé ekki ætlað að tefja sig verulega við vísindaleg störf“. Þetta hafði einkennt starf Háskólans frá upphafi, hélt Björn áfram, því að raunin hefur „orðið sú, að þrátt fyrir mjög mikla þenslu á kennslustarfsemi háskólans undan farin ár ... hefur ekki orðið vart mikillar viðleitni til aukinnar vísindalegrar vinnu“.⁴¹

Gagnrýni Björns Sigurðssonar á forystumenn Háskólans var ekki að öllu leyti sanngjörn, því að þeir höfðu lengi barist fyrir auknum rannsóknum og kennslu við Háskólann á hinum ýmsu sviðum raunvísinda, og þá ekki síst á þeim sem sneru að íslenskri náttúru. Rökin voru ávallt þau sömu, og reyndar mjög svipuð þeim sem Björn færði fyrir því að efla rannsóknir og kennslu í náttúrufræðum á Íslandi – íslenska náttúru bæri að rannsaka á Íslandi, því að bæði væru aðstæður hér á landi aðrar en annars staðar og því ekki hægt að yfirfæra niðurstöður erlendra rannsókna hráar til Íslands, og nútímalegt atvinnulíf myndi aldrei blómstra í landinu án stuðnings öflugra vísindarannsókna og velmenntaðs vinnuafns. Þegar þekkinguna vantaði var útilokað að koma „fram eðlilegum og nauðsynlegum umbótum á atvinnuháttum“ hér á landi, skrifaði Björn í annarri grein sem hann birti um sama efni: „Án þess verðum vér ekki sjálfstæð þjóð, hvað sem öllum yfirlýsingum líður.“⁴²

Hugvekjur Björns Sigurðssonar virðast hafa ýtt við mönnum, því að vorið 1945 tók hann höndum saman við forystumenn Háskólans um að semja tillögur um auknar rannsóknir og kennslu í náttúru-



Björn Sigurðsson stýrði Tilraunastöðinni á Keldum frá stofnun hennar árið 1946 til æviloka, 1959. Hann var menntaður sem læknir, stundaði rannsóknir í meinafræði og er talinn meðal merkustu vísindamanna Íslendinga.

³⁹ Halldór Þormar, „Björn Sigurðsson“.

⁴⁰ Jón Hj. Sigurðsson, „Nokkur orð um Háskóla Íslands“, 7.

⁴¹ Björn Sigurðsson, „Vísindi og verkleg menning“, 118–19.

⁴² Björn Sigurðsson, „Þekking og þjóðfrelsi“, 29.

I. EMBÆTTISMANNSKÓLINN – I.9 HÁSKÓLINN VEX ÚR GRASI

*Verkfræðideildin var helsti vettvangur raunvísinda í Háskóla Íslands þangað til Raunvísindadeild var stofnuð. Hér er verkfræði-
professorinn Finnbogi Rútur Þorvaldsson með nokkrum nemendum sínum einhvern tímann á árunum 1955–58.*



fræðum við Háskóla Íslands. Björn sat á þessum tíma í Rannsóknarráði ríkisins, og skipaði Brynjólfur Bjarnason menntamálaráðherra hann, ásamt Alexander Jóhannessyni, Níels Dungal og þremur öðrum sérfræðingum, í nefnd sem var ætlað „að gera tillögur um atvinnudeild háskólans og samband hennar við þá stofnun“ – þ.e. Háskóla Íslands.⁴³ Lagði ráðherra síðan fram frumvarp þessa efnis, sem samið var af Einari Arnórssyni, fyrrverandi prófessor við Háskólann og hæstaréttardómara, í samvinnu við nefndina, fyrir Alþingi um haustið 1945. Í því var endurvakin sú hugmynd að Atvinnudeild Háskólans yrði raunveruleg háskóladeild með svipuðu skipulagi og aðrar deildir Háskóla Íslands, því að auk rannsókna fyrir atvinnuvegina skyldu starfsmenn Atvinnudeildarinnar annast kennslu í ýmsum greinum náttúrufræða fyrir verðandi náttúrufræðikennara í gagnfræðaskólum landsins. Þar með væri komið á svipaðri grunnkennslu í þessum greinum í Atvinnudeildinni og með BA-náminu í tungumálum í Heimspekideild.⁴⁴

Tilfni frumvarpsins var ekki aðeins almennur áhugi nefndarmanna á að efla rannsóknir og kennslu í náttúrufræði, heldur tengdist það einnig myndarlegum styrk sem Rockefellerstofnunin hafði veitt Háskóla Íslands – að nokkru leyti fyrir tilstilli fyrrverandi styrkþega hennar, Björns Sigurðssonar – til byggingar tilraunastöðvar í meinafræði (*Institute of Experimental Pathology* eins og hún var kölluð í gjafabréfinu) á Keldum. Nam styrkurinn 150 þúsund Bandaríkjadöl-

⁴³ *Alþingistíðindi* 1945 A, 529.

⁴⁴ *Alþingistíðindi* 1945 A, 527–49. – *Árbók Háskóla Íslands* 1945–46, 7–9.

um, eða sem nam helmingi áætlaðs byggingarkostnaðar stöðvarinnar og kostnaðar við tækjakaup handa henni. Fylgdi það skilyrði gjöfnni að íslenska ríkið útvegaði hinn helming framkvæmdafjárins og að byggingunni yrði lokið innan tveggja ára; annars rynni það sem enn væri ónotað af styrknum aftur til gefandans.⁴⁵ Nokkuð lá því á að setja lög um tilraunastöðina svo hægt væri að hefja framkvæmdir í tíma.

Frumvarp nefndarinnar, sem var lagt fram í neðri deild Alþingis í desember 1945 og velktist í þinginu fram á næsta vor, var yfirgripsmikið og snerist að mestu um allt annað en tilraunastöðina í meinafræði. Hennar er þannig aðeins getið í blálok frumvarpsins, þar sem segir: „Rannsóknarstofa háskólans og tilraunastöðin á Keldum í Mosfellssveit lúta læknadeild háskólans, enda skipar ráðherra sá, er fer með mál hans [þ.e. menntamálaráðherra], þar forstöðumenn og starfsfólk að fengnum tillögum læknadeildar“. Lunginn úr frumvarpinu fjallaði annars um skipulag Atvinnudeildar Háskólans og kennslu starfsmanna hennar við Háskóla Íslands. Var þar boðuð alger bylting í starfi stofnunarinnar og skipulagi, og minnti tillagan óneitanlega mjög á upphaflegar tillögur Háskólans um Atvinnudeildina frá árinu 1934.

Greinilegt var að andinn í frumvarpinu fór illa í margan þingmanninn, þótt erfitt sé að ráða í afstöðu þeirra af þingumræðunum.⁴⁶ Það var samþykkt í neðri deild, en var stöðvað í efri deild með rökstuddri dagskrá; þótti það illa undirbúið, og deildin vísaði því frá „í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fara fram nýja athugun á því og leggi niðurstöðuna fyrir næsta Alþingi“.⁴⁷ Jónas Jónsson frá Hriflu átti síðasta orðið í þingumræðunum, og vandaði hann frumvarpinu ekki kveðjur. Það var bæði „hættulegt“ og „byggt á einberum dónaskap“, og að mati Jónasar þurfti enginn Íslendingur að sýta það að styrkurinn frá Rockefellerstofnuninni tapaðist. „Þjóðin hefur ekkert með þessa peninga að gera“, sagði Jónas. „Það er undarlegt, hvernig unglingar nú gera kröfu til að kallast vísindamenn, þótt þeir hafi engan rétt til þess, bara vegna þess að hér hafa verið til peningar.“⁴⁸ Í þessu máli voru víglínur stjórnmalanna dregnar á nokkuð óvæntum stað, því að hér varði sósíalístrinn Brynjólfur Bjarnason bandarískan styrk, kenndan við einn þekktasta auðjöfur Ameríku, sem Jónas Jónsson, helsti hvatamaður náins samstarfs við Bandaríkin í kjölfar síðari heimsstyrjaldar, vildi helst vísa rakleiðis til föðurhúsanna.⁴⁹

Við þessi örlög málsins á þinginu sá stjórnin sitt óvænna og stofnaði Tilraunastöðina á Keldum með sérstökum bráðabirgðalögum hinn

⁴⁵ *Alþingistíðindi* 1945 A, 547. – Vef. *The Rockefeller Foundation Annual Report 1945*, 24–26, 161–62.

⁴⁶ Umræður um frumvarpið eru í *Alþingistíðindum* 1945 C, 109–26.

⁴⁷ *Alþingistíðindi* 1945 A, 1620.

⁴⁸ *Alþingistíðindi* 1945 C, 126.

⁴⁹ Guðjón Friðriksson, *Ljónið öskrar*, 278–89.

4. júní 1946.⁵⁰ Ekki var talið unnt að bíða lengur með framkvæmdir ef uppfylla átti skilyrði Rockefellerstofnunarinnar fyrir styrknum, og treysti stjórnin sér því ekki til að bíða eftir samþykki Alþingis. Bráðabirgðalögin voru síðan lögð fyrir næsta þing, eins og ráð er fyrir gert í stjórnarskrá, en stutt aukþing kom saman um sumarið 1946 til að ræða inngöngu Íslands í Sameinuðu þjóðirnar. Í umræðum á Alþingi um lögina var tekist á um bæði staðsetningu tilraunastöðvarinnar í stjórnkerfinu og skilgreiningar á starfssviði hennar. Af þingumræðum má ráða að meirihluti þingmanna hafi fremur viljað setja stöðina undir landbúnaðarráðherra en menntamálaráðherra og tengja hana aðeins að nafninu til við Háskóla Íslands – eitthvað í líkingu við Atvinnudeild Háskólans. „Í læknadeild og háskólaráði eru menn, sem þekkja ekki, hvar skórin kreppir að í þessu efni“, fullyrta Páll Zóphóníasson, þingmaður Framsóknarflokks, „en engir mundu um málið fjalla frá landbúnaðinum“. Hann vildi einnig marka stofnuninni „þrengri bás en svo, að hún geti hvort sem vill unnið að því að rannsaka sjúkdóma búfjár eða manna, en það getur hún gert eftir þessum lögum“.⁵¹ Á endanum og með nokkrum semingi féllst meirihluti Alþingis á frumvarpið, en þó aðeins eftir að skilgreindu hlutverki stofnunarinnar hafði verið breytt þannig að henni leyfðist einungis að rannsaka búfjárjúkdóma og nafni hennar sömuleiðis í „Rannsóknarstofnun háskólans í búfjármeinafræði“.⁵² Hvort tveggja var gert til að taka af öll tvímæli um að stöðin skyldi þjóna landbúnaðinum eingöngu en ekki rannsaka sjúkdóma í mannfólki. Þessi málalok ollu greinilega nokkurri óánægju í Háskólanum, því að nafni stöðvarinnar var breytt á ný að kröfu hans strax árið eftir í Tilraunastöð háskólans í meinafræði, og var það gert bæði til samræmis við styrk Rockefellerstofnunarinnar og vegna þess að Læknadeild taldi ekki rétt að „takmarka starfssvið hennar við rannsóknir búfjárjúkdóma einna“.⁵³

Haustið 1946 gerði Brynjólfur Bjarnason menntamálaráðherra úrslitatilraun til að færa Atvinnudeildina undir stjórn Háskóla Íslands með frumvarpi sem var nær samhljóða því sem vísað hafði verið frá um vorið. Illa gekk að beina athygli þingmanna að frumvarpinu, því að þeir höfðu um margt annað að hugsa þessa haustmánuði en skipulag rannsókna á Íslandi. Nýsköpunarstjórn Sjálfstæðisflokks, Sósíalístaflokks og Alþýðuflokks riðaði til falls þessa mánuði sökum deilna um svokallaðan Keflavíkursamning, og féllu öll önnur mál í skugga þess. Lítil stuðningur virðist líka hafa verið við málið í þinginu, nema þá helst í flokki ráðherrans, Sósíalístaflokksnum, og strandaði það því í

⁵⁰ *Stjórnartíðindi* 1946 A, 151. Bráðabirgðalögin voru nær samhljóða ákvæðinu um stöðina í Atvinnudeildarfrumvarpinu. – Páll A. Pálsson, „The Institute for Experimental Pathology“.

⁵¹ *Alþingistíðindi* 1946 (sumarþing) B, 59–61.

⁵² *Stjórnartíðindi* 1946 A, 183–84.

⁵³ *Alþingistíðindi* 1946 (haustþing) A, 395–97. – *Stjórnartíðindi* 1947 A, 9–10. – Sbr. *Þskjs.* HÍ. BA2:6. Rektor til menntamálanefndar neðri deildar 13. nóv. 1946.

nefnd. Segja má að þar með hafi verið fullreynt að tengja Atvinnudeild Háskólans þeirri stofnun sem hún var kennd við.

Með þessari niðurstöðu voru hugmyndir um kennslu og rannsóknir í náttúruvísindum við Háskóla Íslands komnar á byrjunarreit, því að þótt fengur væri í þeirri rannsóknaraðstöðu sem fékkst með Tilraunastöðinni á Keldum þá sérhæfði hún sig á fremur þröngu sviði vísindanna, og ekki var ætlast til að starfsmenn hennar kenndu við Háskólann. Þetta voru sjálfsagt nokkur vonbrigði fyrir nefndina sem undirbjó frumvarpið um Atvinnudeildina, því að hún hafði ætlað deildinni að mynda grunn að raunvísindadeild við Háskóla Íslands. Þegar það gekk ekki eftir leituðu háskólamenn nýrra leiða til að styrkja náttúruvísindin við skólann. Beindu þeir næst sjónum að nýju húsi undir náttúrugripasafn, en áætlanir voru um að byggja það á háskólalóðinni. Hugmyndin var ekki ný, því að þegar árið 1930 hafði Ólafur Lárusson prófessor stungið upp á því að náttúrugripasafn yrði byggt í tengslum við skólann, og að það myndaði „stofninn að náttúrufræðisdeild háskólans. Háskólinn á að verða miðstöð íslenskra náttúruvísinda.“⁵⁴

Málið komst fyrst formlega á dagskrá eftir að háskólaráð veitti Náttúrufræðifélaginu, sem átti Náttúrugripasafn Íslands, leyfi til að reisa hús undir safnið á háskólalóðinni árið 1942, gegn því að háskóla-kennsla færi fram í húsinu og vísindalegt starf.⁵⁵ Upphaflega hugmyndin var að reisa safnið við háskólaskeifuna sunnanmegin háskóla-byggingar, gegnt Atvinnudeildarhúsinu. Átti það að geyma „fullkomið safn af öllu því, sem til er á Íslandi, úr jurta-, dýra- og steinarfki,“ með það að markmiði að „stuðla að hagnýtingu auðlinda íslenskrar náttúru“, eins og Alexander Jóhannesson orðaði það í hugleiðingu um framtíð Háskólans sem birtist í dagblaðinu Vísir vorið 1942. Sá hann fyrir sér að safnið starfaði í samvinnu við Atvinnudeild Háskólans, og „mun þá atvinnudeildin verða kennsludeild, eins og fyrirhugað var, er hún var sett á stofn“. Námið átti að skipuleggja á svipaðan hátt og verkfræðina, þ.e. „þannig að örfáir stúdentar á hverjum tíma ljúki fyrra hluta embættisprófs í þessari deild heima, en stundi aðalnám sitt erlendis. Mun þeim verða mikill styrkur, að því að kynnast til hlítar á fyrstu tveim árum námsins öllu því, sem til er í íslenskri náttúru, því að flestir þeirra munu hverfa heim aftur að námi loknu og gerast starfsmenn þjóðfélagsins.“⁵⁶

Strax árið eftir var náttúrugripasafnshús komið á óskalista Háskólans, og var þess getið í umsókn skólans um framlengingu einka-

⁵⁴ Ólafur Lárusson, „Bygging háskóla“, 6.

⁵⁵ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs III. 13. mars 1942.

⁵⁶ Alexander Jóhannesson, „Framtíðarmál Háskólans“.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.9 HÁSKÓLINN VEX ÚR GRASI

Þorbjörn Sigurgeirsson prófessor í Verkfræðideild var frumkvöðull geisla-mælinga á Íslandi á árum kjarnorkutilrauna stórveldanna. Hér undirbýr Þorbjörn (til vinstri) mælingarferð í flugvél Björns Pálssonar (í miðju) með Erni Garðarssyni (til hægri). Myndin er líklega tekin árið 1960.



leyfis Happraættis Háskólans árið 1943 og aftur í tillögum um breytingu á happraættislögum árið 1945.⁵⁷ Teikningar Gunnlaugs Halldórssonar arkitekts af byggingunni voru tilbúnar árið 1948, og árið 1952 átti að hefjast handa við að reisa húsið. Nú var því ætlaður staður á milli háskólabyggingar og íþróttahúss, eða þar sem Háskólatorg reis síðar. Þegar á hólminn kom hljóp þó allt í hnút á milli forystumanna safnsins og Háskólans. Að sögn háskólamanna gerðist þetta þannig að Finnur Guðmundsson fuglafræðingur og Sigurður Þórarinnsson jarðfræðingur, forstöðumenn Náttúrugripasafnsins, fóru fram á að stærra hús yrði byggt en ráð hafði verið fyrir gert í upphaflegum tillögum. Varð það til þess að húsið hefði reynst bæði of dýrt fyrir Happraættið og of stórt fyrir hina fyrirhuguðu lóð, og því treysti Háskólinn sér ekki til að leggja út í framkvæmdirnar.⁵⁸ Reyndi háskólarektor að fá styrk frá Rockefellerstofnuninni til húsbyggingarinnar, en það skilaði ekki árangri – enda veitti stofnunin aðeins styrki til húsbygginga í sérstökum undantekningartilfellum.⁵⁹ Að sögn forvarsmanna Náttúrugripasafnsins var aftur á móti hætt við bygginguna vegna þess að Háskólinn hafði ekki nægilegan áhuga á málinu. Kaus skólinn, að þeirra sögn, frekar að reisa kvikmyndahús, sem þeir gerðu „sér vonir um, að ... yrði mikið gróðafyrirtæki“, eins og einn forystumanna Náttúrufræðistofnunar sagði síðar.⁶⁰ Hver sem ástæðan var þá voru byggingaráformin lögð á hilluna árið 1957, en þá hafði fjárfestingarleyfi til byggingarinnar verið hafnað í nokkur ár

⁵⁷ *Alþingistíðindi* 1943 A, 574–75; 1945 A, 329–30.

⁵⁸ Trausti Einarsson, „Athugasemd um byggingarmál Náttúrugripasafnsins“, 6.

⁵⁹ *HÍ*. Ein 10:3. Einkaskjalasafn Alexanders Jóhannessonar. Sjá t.d. bréf Thors Thors til Alexanders Jóhannessonar 6. feb. 1951 og afrit af bréfi Alexanders Jóhannessonar til Henrys Goddard Leach 21. jan. 1952.

⁶⁰ *Vísir* 22. júní 1965, 7.



í röð. Þess í stað var ákveðið að kaupa húsnæði við Hlemmtorg fyrir safnið og starfsmenn þess, og var það kostað af Happraetti Háskóla Íslands.⁶¹

Sama ár og Háskólinn gafst upp á að byggja yfir Náttúrugripasafnið var stofnaður fyrsti vísirinn að Raunvísindastofnun Háskólans. Segja má að þar með hafi skólinn skipt um kúrs í fyrirætlunum sínum um uppbyggingu náttúrufræðikennslu við skólann. Í stað þess að tengja námið starfandi rannsóknarstofnunum utan Háskólans var ákveðið að byggja það upp innan skólans og á forsendum hans. Skipun Sigurðar Þórarinssonar í stöðu prófessors í jarðfræði árið 1968 var táknræn fyrir hina nýju stefnu, en með ráðningu hans var lagður grunnur að uppbyggingu rannsókna og kennslu í jarðfræði við Háskóla Íslands.⁶² Nánar verður fjallað um þá þróun annars staðar í þessu riti.

4. Nýir kennarar, gömul vandamál

Þá tæpu þrjá áratugi sem Háskóli Íslands starfaði í Alþingishúsinu stóð fjöldi fastra kennara við skólann nokkurn veginn í stað. Þannig fjölgaði prófessorum og dósentum um aðeins þrjá frá stofnun skólans árið 1911 þar til hann fluttist í háskólahúsið á Melunum, eða úr ellefu í 14. Á fyrstu tveimur áratugunum í nýju húsi varð mikil breyting hér á, því að á hálfri aldar afmæli skólans árið 1961 hafði tala prófessora og dósentar við skólann nær fjórfaldast frá því flutt var úr Alþingishúsinu, eða í 51 – og ef lektorar Læknadeildar eru taldir með voru fastir kennarar Háskólans orðnir 56 talsins. Gerðist þetta fyrst og fremst í tveimur bylgjum með 15 ára millibili, annars vegar um miðjan fimmta áratuginn og hins vegar í tengslum við endurskoðun á háskólalögum undir lok sjötta áratugarins.

Fjölgun kennara við Háskólann skýrist að talsverðu leyti af stofnun nýrra námsleiða við skólann, sem fjallað var um hér að framan. Fimm prófessorar og dósentar voru t.a.m. ráðnir til að kenna viðskipta- og verkfræði við Háskólann á árunum 1941–45, og kennsla í tannlækningum kallaði á nýtt dósentsembætti við Læknadeild. Hér má bæta við að árið 1957 var stofnað til kennslu til fyrrihlutaprófs í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands, um leið og Lyfjafræðingaskóli Íslands, sem starfræktur hafði verið frá árinu 1940, var lagður niður.⁶³ Varð þá til nýtt prófessorsembætti við Læknadeild. Önnur ástæða þessarar fjölgunar var sú grundvallarbreyting sem varð í skilgreiningu starfa við Háskólann á árunum 1957 og 1958 með nýjum Háskólalögum og reglugerðum.⁶⁴ Með þeim var „gert ráð fyrir, að reglulegir kennarar við



Það tókadist mikið í Stúdentabladi að birta svoltið skoplegar teikningar af nýjum háskólakennurum. Þessi mynd af Ármanni Snævarr birtist þegar hann var skipaður prófessor í lögum árið 1950. Síðar átti hann eftir að verða rektor Háskólans og margar ljósmyndir að birtast af honum í blaðinu.

⁶¹ HÍ. Gjörðabók háskólaráðs III. 31. maí og 21. júní 1957. – *Árbók Háskóla Íslands* 1955–56, 10; 1956–57, 11; 1957–58, 9.

⁶² Sigurður Steinþórsson, „Sigurður Þórarinsson“.

⁶³ *Stjórnartíðindi* 1957 A, 241–43. – Ármann Snævarr, „Um Háskóla Íslands“, 92–93.

⁶⁴ *Stjórnartíðindi* 1957 A, 234–43. – *Stjórnartíðindi* 1958 A, 125–57.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.9 HÁSKÓLINN VEX ÚR GRASI

Tafla I.7 Fjöldi kennara við Háskóla Íslands 1941–62

1941–42				
	Prófessorar	Dósentar	Lektorar	Aðrir kennarar
Guðfræðideild	2	1		3
Læknadeild	4			5
Laga- og hagfræðideild	3	1		11
Heimspékideild	4		1	4
Verkfræðideild				8
Alls	13	2		31
1951–52				
	Prófessorar	Dósentar	Lektorar	Aðrir kennarar
Guðfræðideild	4			2
Læknadeild	6			13
Laga- og hagfræðideild	4			4
Heimspékideild	6	1		12
Verkfræðideild	3			7
Alls	24	1		38
1961–62				
	Prófessorar	Dósentar	Lektorar	Aðrir kennarar
Guðfræðideild	4	1		1
Læknadeild	10	12	5	10
Laga- og viðskiptadeild	7	2		4
Heimspékideild	9	1		17
Verkfræðideild	5			6
Alls	35	16	5	38

Heimildir: *Árbók Háskóla Íslands* 1941–42, 13, 21–22; 1951–52, 18–20; 1961–62, 119–24. Taflan fylgir upplýsingum í Árbókum Háskólans. Þannig er gefinn upp kennarafjöldi í Verkfræðideild háskólaárið 1941–42 þótt deildin hafi ekki verið formlega stofnuð fyrr en árið 1944–45. Í hópnun „aðrir kennarar“ eru taldir auka- og stunda- og sendikennarar; í sumum tilvikum kenndu sömu aukakennarar í tveimur deildum og eru þeir þá tvítaldir.

háskólann, hinir eiginlegu háskólakennarar, verði prófessorar. Dósentshæitið er hins vegar ætlað þeim háskólakennurum, sem að vísu eru skipaðir til ótiltekins tíma, en gegna þó jafnframt öðru aðalstarfi“, eins og menntamálaráðherrann, Gylfi Þ. Gíslason, skýrði málið fyrir þingmönnum haustið 1957.⁶⁵ Á næstu árum var síðan fjöldi svokallaðra aukakennara færður upp í flokk dósentar, en eldri dósentssstöðum var


⁶⁵ *Alþingistíðindi* 1956 B, 1833.

breytt í prófessorsembætti. Jafnframt því var starfsheitið lektor tekið upp í lögum um Háskólann, en þar var um að ræða aukakennara á tímabundnum samningum, sem voru þó til tveggja ára hið skemmsta. Samkvæmt þessu varð allnokkur fjöldi fastra aukakennara, aðallega í Læknadeild, gerður að dósentum og lektorum, og skýrir það að mestu hina snöggu þenslu í kennaraliði Háskólans á árunum 1959–60. Með þessari breytingu var viðurkennd hefð sem einkennt hafði Háskóla Íslands alla tíð, þ.e.a.s. að hinir föstu kennarar höfðu allir jafna stöðu í virðingartiganum, og mismunur í launum kennaranna helgaðist einungis af starfsaldri þeirra. Aldrei hafði verið gert upp á milli prófessora í lögum og reglum Háskólans – þegar forrættindi Sigurðar Nordal eru undanskilin –, og með lögum frá árinu 1930 um sjálfkrafa framgang dósentna í prófessorsembætti eftir sex ára starf höfðu skilin á milli dósentna og prófessora verið afmáð í raun.

Vel má túlka fjölgunina í kennaraliði Háskólans á árunum 1941–61 sem vitnisburð um ný og jákvæðari viðhorf hjá þingi og ríkisstjórnunum til Háskóla Íslands. Yfirvöld skólans höfðu kvartað sáran yfir þeirri stöðnun sem þeim þótti ríkja í málefnum stofnunarinnar á fjórða áratugnum, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir þeirra til að koma á nýju námi við skólann. Því má þó ekki gleyma að alvarleg kreppa ríkti stóran hluta fjórða áratugarins, og hafði íslenska ríkið þar af leiðandi ekki úr miklum fjármunum að spila. Eins var erfitt að koma fleiri kennurum eða námsgreinum fyrir í Háskólanum á meðan hann hokraði á neðri hæð Alþingishússins. Úr hvoru tveggja rættist á stríðsárunum með flutningi í nýtt hús og gróðarlegri þenslu í þjóðfélaginu, og sá þess fljótlega stað í fjölda starfsmanna við Háskólann. Ef kennarahópurinn sem flutti úr Alþingishúsinu vorið 1940 er borinn saman við þá sem störfuðu við Háskólann í stríðslok sést að á þessum fimm árum fjölgaði föstum kennurum úr 14 í 25, eða um tæp 80%.⁶⁶ Athyglisvert er einnig að af upphaflegum kennslugreinum skólans varð breytingin langmest í íslenskum fræðum, þar sem prófessorum og dósentum fjölgaði úr fjórum í sjö – auk þess að einn lektor starfaði við deildina, þótt það starfsheiti hafi ekki verið til í háskólalögum – á meðan kennurum í sambærilegum embættum í lögfræði, guðfræði og læknisfræði fjölgaði aðeins úr tíu í 13 samanlagt. Á þessum tíma virðist íslenskum stjórnvöldum því hafa verið sérlega umhugað um að styðja við rannsóknir og kennslu í íslenskri sögu, bókmenntum og tungumáli, og gætir þar örugglega þeirrar sterku þjóðerniskenndar sem einkenndi íslenskt samfélag á árum hernáms og lýðveldisstofnunar.

⁶⁶ Sbr. *Árbók Háskóla Íslands* 1939–45.

Myndrit 1.7 Fjöldi prófessora og dósentar við Háskóla Íslands 1911–62



Heimild: Árbók Háskóla Íslands 1911–62.

Stærsta breytingin á kennarahópi Háskólans á stríðsárunum varð með samþykkt þriggja lagafrumvarpa á haustþingi árið 1944. Mikilvægast þeirra var það sem fól í sér breytingu á lögum um Háskóla Íslands sem lögð var fram af menntamálanefnd neðri deildar, að tillögu háskólaráðs, en þar var kveðið á um stofnun sjö nýrra prófessors- og dósentsembættar við skólann. Þar var um að ræða tvö dósentsembætti í viðskiptafræði, sem reyndar var þegar búið að ráða í, þrjú prófessors-embætti í verkfræði (tengd formlegri stofnun Verkfræðideildar) og tvö dósentsembætti við Heimspekideild, eitt í sögu og annað í bókmenntum.⁶⁷ Hin löggin snerust um stofnun tveggja nýrra embættar; annars vegar var það nýtt dósentsembætti við Guðfræðideild, sem var sérstaklega ætlað Birni Magnússyni prófasti á Borg, og hins vegar nýtt prófessorsembætti í heilbrigðisfræði við Læknadeild.⁶⁸

Ýmsum þótti nóg um þetta örlæti yfirvalda í garð Háskólans, enda jaðraði hér við byltingu í starfsemi skólans. Í þingumræðum var Bjarni Benediktsson, fyrrverandi prófessor við Lagadeild, þingmaður Sjálfstæðisflokks og borgarstjóri Reykjavíkur, einna harðorðastur í gagn-

⁶⁷ *Alþingistíðindi* 1944 A, 403–13. – *Stjórnartíðindi* 1944 A, 85–86.

⁶⁸ *Stjórnartíðindi* 1945 A, 14, 36.

rýninni. Sakaði hann meirihluta menntamálanefndar efri deildar um að reka lögin um fjölgun háskólakennaranna í gegnum þingið með „áróðri bak við tjöldin“ og gegn „öllum röksemdum og skynsemi“. Beindi Bjarni spjótum sínum einkum að stofnun dósentsembættanna tveggja í viðskiptafræði og sagðist sannfærður um að Háskólanum hefði verið „lítil greiði gerður, þegar þessi svokallaða viðskiptadeild var sett í háskólann“. Taldi borgarstjóri að miklu nær hefði verið „að koma upp til viðbótar aukinni kennslu í verzlunarskólanum, kennslu, sem þeir menn úr verzlunarskólanum, samvinnuskólanum og menntaskólanum, sem ætluðu að leggja fyrir sig þessi fræði, hefðu getað tileinkað sér“.⁶⁹ Eins þótti Bjarna alger óþarfi að bæta tveimur nýjum kennaraembættum við í Heimspékideild, enda sá hann, „í ljósi þeirrar þekkingar, sem við höfum nú af starfsemi sumra þeirra manna, sem þarna eru“, takmarkaða ástæðu til að hlaða sérstaklega undir deildina. „Guði sé lof, að spekingarnir voru ekki fleiri við deildina með sama hugarfari í lýðveldismálinu en voru á síðasta vori“, sagði hann og bætti við: „Það er nóg að hafa Sigurð Nordal á móti íslenskum málstað, þó að ekki fleiri jafnstærkir aðilar komi til að beita sér gegn Íslendingum, þjóðinni til lítilsvirðingar.“⁷⁰ Hér vísar Bjarni til baráttu Sigurðar Nordal á árunum 1942–43 gegn uppsögn sambandslagasáttmálans við Dani, en Sigurður hafði verið áberandi á meðal þeirra sem hvöttu til þess að beðið væri til stríðsloka með að stofna lýðveldi á Íslandi. Bjarni var aftur á móti einn helsti hugmyndasmiður svokallaðrar hraðskilnaðarstefnu á þessum árum, en fylgismenn hennar vildu segja upp sambandinu við Danakonung við fyrsta tækifæri – styrjöldin hefði í raun bundið enda á samband Íslands og Danmerkur, benti Bjarni á árið 1940, og sá enga ástæðu til að bíða með að „jarðsetja það, sem þegar er dautt“.⁷¹ Bæði Gylfi Þ. Gíslason og Ólafur Björnsson, sem sátu í dósentsembættunum tveimur í viðskiptafræði við Háskólann, fylgdu Sigurði Nordal að málum í sambandsmálinu,⁷² og hefur sú staðreynd væntanlega ekki mildað afstöðu Bjarna til viðskiptafræðikennslunnar við Háskólann.

Þrátt fyrir þessar efasemdir Bjarna Benediktssonar mætti fjölgun kennaraembættanna við Háskólann ótrúlega lítilli andstöðu á þinginu árið 1944, og þau voru öll samþykkt á endanum – dósentsembætti Björns Magnússonar samt með nokkrum semingi.⁷³ Þetta sló tóninn fyrir næstu þing, því að þótt ekki hafi hlaupið neinn ofvöxtur í Háskólann voru frumvörp um ný kennaraembætti við skólann lögð fyrir Alþingi með reglulegu millibili á næstu árum og runnu flest nokkuð greiðlega í gegnum þingið.⁷⁴

⁶⁹ *Alþingistíðindi* 1944 B, 1020–21.

⁷⁰ *Alþingistíðindi* 1944 B, 1041–49; 1944 A, 871.

⁷¹ Bjarni Benediktsson, „Sjálfsstæði Íslands“, 33. – *Vef. Borgarskjallasafn. Einkaskjallasafn nr. 360. Ræður og greinar 1929–1964.* Askja 4-1, Örk 1. Bjarni Benediktsson, „Sambandslagasamningurinn vanefndur“.

⁷² *Ástandið í sjálfstæðismálinu.*

⁷³ *Alþingistíðindi* 1944 B, 1280–1310.

⁷⁴ Undantekningar voru frá þeirri reglu, sbr. *Alþingistíðindi* 1952 A, 859; C, 1–3, 164–65.

Þetta þýddi þó ekki að samskiptavandi stjórnvalda og Háskólans væri þar með úr sögunni, því að enn var iðulega tekist á um ráðningar kennara við skólann. Í kjölfar deilnanna við Harald Guðmundsson um skipun Ísleifs Árnasonar og Sigurðar Einarssonar á árunum 1936–37 voru settar skýrari reglur um ráðningar háskólakennara sem áttu að tryggja að faglega væri staðið að verki. Í reglunum var kveðið á um að umsækjendur um föst embætti við Háskólann skyldu „láta fylgja umsókn sinni ítarlega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðir og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf“, sem og eintök af þeim vísindalegu verkum sem taka átti til mats. Fimm manna dómnefnd, þar sem háskólaráð skipaði tvo fulltrúa, menntamálaráðherra tvo og viðkomandi háskóladeild einn, skyldi meta verk umsækjendanna og skrifa rökstudda álitgerð á grundvelli þeirra. Álitid var þó ekki bindandi fyrir veitingarvaldið á annan hátt en þann að ráðherra var óheimilt að veita nokkrum „fast kennaraembætti við háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið það álit í ljósi, að hann sé hæfur til þess“.⁷⁵

Í raun breyttu þessar nýju reglur ekki veitingarvaldi ráðherra menntamála á annan hátt en þann að honum var meinað að skipa nokkurn í kennaraembætti við Háskólann sem dómnefnd hafði úrskurðað óhæfan. Ennþá hafði ráðherrann síðasta orðið þegar embættin voru veitt og gat skipað hvern þann sem meirihluti dómnefndar taldi hæfan. Háskóladeildir gáfu alla jafna til kynna hvern umsækjendanna þær töldu hæfastan, en ráðherra var algerlega óbundinn af slíkum samþykktum. Kom reyndar alloft fyrir að ráðherrar hunsuðu vilja deildanna, svo sem þegar Björn Þórðarson, forsætis- og menntamálaráðherra, veitti Sigurbirni Einarssyni dósentsembætti í guðfræði haustið 1944, en báðir prófessorar deildarinnar höfðu lagt til að Björn Magnússon yrði fyrir valinu.⁷⁶ Varð þetta til þess að sérstakt embætti var stofnað fyrir Björn, eins og áður var vikið að, eftir að fjöldi presta hafði skorað á Alþingi að tryggja Birni starf við Háskólann.⁷⁷ Réttum áratug síðar gekk þáverandi menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, á ný gegn vilja meirihluta Guðfræðideildar við skipun í þetta sama dósentsembætti í deildinni. Þá mælti meirihluti deildarkennaranna (prófessorarnir Björn Magnússon og Magnús Már Lárusson) með Guðmundi Sveinssyni, presti á Hvanneyri, sem gegnt hafði embættinu til bráðabirgða, en ráðherra fylgdi álit minnihlutans (Sigurbjörns Einarssonar prófessors) og skipaði Þóri Kr. Þórðarson í embættið.⁷⁸

⁷⁵ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs III. 28. mars 1941. – *Stjórnartíðindi* 1942 A, 61.

⁷⁶ *Þskjs.* HÍ. BA2:15. Yfirlýsing háskólaráðs 17. okt. 1944.

⁷⁷ *Alþýðublaðið* 15. nóv. 1944, 2.

⁷⁸ *Þskjs.* HÍ. BA2:16. Dómnefndarálit um dósentsstöðu í guðfræði, 16. sept. 1954; Björn Magnússon, forseti Guðfræðideildar, til Menntamálaráðuneytis, 20. sept. 1954; Menntamálaráðuneyti til háskólarektors, 5. okt. 1954.

Ekki er hægt að gefa neina einhlíta skýringu á því hvers vegna ráðherrar kusu að ganga gegn ráðleggingum háskóladeilda við skipun í kennaraembætti við Háskólann. Dæmin sýna þó að ráðherrar, hvar í flokki sem þeir stóðu, gáfu lítið fyrir þær hugmyndir að háskólar skyldu vera sjálfstæðir gagnvart ríkisvaldinu. Athyglisvert er í þessu sambandi að sjá hvernig afstaða manna breyttist við það að flytjast frá annarri hlið borðsins til hinnar. Árið 1936 var Bjarni Benediktsson, þá ungur prófessor við Lagadeild, mjög áberandi í flokki þeirra sem mótmæltu harðlega skipun Ísleifs Árnasonar í embætti prófessors, m.a. með þeim rökum að með henni hefði kennslumálaráðherra brotið gegn „sjálfsákvörðunarrétti háskólans um skipanir í embætti“.⁷⁹ Tveimur áratugum síðar, haustið 1956, kom veiting kennaraembætta við Háskóla Íslands enn til umræðu á Alþingi, nú í tengslum við samþykkt nýrra háskólalaga. Meðal þeirra sem þá tóku til máls voru flokksbræðurnir Gunnar Thoroddsen og Bjarni Benediktsson. Í samræmi við þau orð sem féllu í hinum hatrömmu deilum um skipun prófessors við Lagadeild árið 1936 lagði Gunnar fram breytingartillögu við háskólafrumvarpið, þar sem kveðið var á um að ráðherra yrði óheimilt að ganga framhjá vilja deilda við skipun í kennaraembætti. Fullyrti Gunnar í umræðum um breytingartillögunu að það væri „nærri undantekningarlaus regla í lýðræðislöndum, að embættaveitingar í ríkisháskóla [væru] í höndum þeirra sjálfra“;⁸⁰ og endurtók hann þar nær orðrétt þau rök sem Háskólinn hafði fært fyrir skipun hans sjálfs í embætti tuttugu árum fyrir.⁸¹ Nú hafði Bjarni aftur á móti turnast í afstöðunni til veitingarvaldsins. „Ég tel, að það sé óhjákvæmilegt,“ sagði hann í umræðum um háskólalögin, „að ráðherrann beri á þessu endanlega ábyrgð og háskólinn hafi hvorki ástæðu né eðlilegan rétt til að óska eftir meiru en að geta útilokað þá, sem óhæfir eru, og síðan verði veitingarvaldið með venjulegum hætti að velja úr þeim, sem hæfir teljast til embættisins.“⁸² Gylfi Þ. Gíslason, sem þá var í leyfi frá prófessorsembætti sínu við Laga- og hagfræðideild Háskólans, var sama sinnis og sagði að pólitískur aðili hlyti „að bera hina endanlegu ábyrgð á ráðstöfun jafnmikilvægra embætta og háskólakennaraembætti eru“.⁸³ Reyndist mikill meirihluti þingmanna neðri deildar á sama máli og felldi breytingartillögu Gunnars Thoroddsen.⁸⁴ Hélt ráðherra því valdinu til að skipa kennara við Háskóla Íslands næstu árin, eða allt þar til það fluttist alfarið til Háskólans á tíunda áratugnum eins og rakið er í þriðja hluta bókarinnar.

Kennarahópurinn sem fagnaði hálfra aldar afmæli Háskólans í Háskólabíói var margfalt stærri en sá sem komið hafði saman í sal

⁷⁹ *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/505, örk 3. Db. 12, nr. 703. Háskóli Íslands. Yfirlýsing undirrituð af 13 prófessorum við HÍ, dags. 22. ágúst 1936.

⁸⁰ *Alþingistíðindi* 1956 A, 1122; B, 1857.

⁸¹ *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/505, örk 3. Db. 12, nr. 703. Háskóli Íslands. Ódagsett greinargerð frá Háskóla Íslands vegna skipunar prófessors við Lagadeild haustið 1936.

⁸² *Alþingistíðindi* 1956 B, 1869–70.

⁸³ *Alþingistíðindi* 1956 B, 1860.

⁸⁴ *Alþingistíðindi* 1956 B, 1865.



neðri deildar Alþingis við stofnun hans árið 1911 – eða við vígslu háskólabýggingar árið 1940. Að einu leyti hafði þó ekkert breyst á þessum 50 árum; hópurinn var einkynja, eða allur karlkyns. Í Árbók Háskólans fyrir háskólaárið 1961–62 eru tilgreind nöfn 92 kennara við skólann – prófessora, dósentra, lektora, aukakennara og sendikennara – en engin kona er þar á meðal. Þetta sama ár voru skráðir 799 nemendur við skólann, og þar af voru 190 stúlkur, eða tæpur fjórðungur nemendanna.⁸⁵ Þótt þetta misræmi á milli vaxandi fjölda kvenstúdenta og þeirrar staðreyndar að engin kona var á meðal kennaranna stingi í augu nú er ekki að sjá að það hafi haldið vöku fyrir mörgum þá. Nefna má sem dæmi að stuttu fyrir 50 ára afmælið gafst Læknadeild kjörið tækifæri til að ryðja brautina með því að skipa fyrstu konuna í fast embætti við skólann, en deildin kaus að nýta sér það ekki. Kennarinn var Ragnheiður Guðmundsdóttir lækni, sem hafði leiðbeint tannlækna-nemum í lífeðlisfræði frá árinu 1953. Vorið 1960 sótti hún um að færast úr starfi aukakennara í dósentsstarf í samræmi við ný lög um Háskóla Íslands. Um haustið hafnaði Læknadeild umsókn Ragnheiðar á þeirri forsendu að deildin teldi „ekki aðstæður til að stofna til dócentsstöðu í lífeðlisfræði við tannlæknadeildina að svo stöddu“. Sagði Ragnheiður þá kennslunni lausri. Athyglisvert er að Bjarni Konráðsson, sem sótti um dósentsstarf í tannlækningum um leið og Ragnheiður, var skipaður í starf þetta sama haust.⁸⁶ Samkvæmt fundargerðum Læknadeildar skrifaði Læknafélag Reykjavíkur deildinni bréf vegna kennslu Ragnheiðar,⁸⁷ en ekki kemur fram hvað í því stóð. Ekki er að sjá að þetta mál hafi dregið frekari slóða á eftir sér, og enn leið tæpur áratugur áður en fyrsta konan var skipuð í fast kennaraembætti við Háskóla Íslands – og var það reyndar við Læknadeild.

5. Lífæð Háskólans

Í nóvemberbyrjun árið 1940 opnaði Háskólabókasafn dyrnar fyrir gestum í hinu nýja húsi Háskólans á Melunum. Safninu var, að sögn Alexanders Jóhannessonar, ætlað að verða „lífæð Háskólans, aflvaki fyrir íslensk vísindi“.⁸⁸ Fram að þessu hafði ekki verið rekið sérstakt bókasafn við Háskólann, og hafði það vitanlega heft alla starfsemi hans, því að erfitt er að starfrækja háskóla án sæmilegs aðgangs að bókum og tímaritum. Í þrengslunum í Alþingishúsinu var ekkert pláss fyrir háskólabókasafn, enda þótt deildir skólans hefðu keypt nokkurn forða af bókum til afnota fyrir nemendur og kennara. Auk þess áskotnuðust skólanum vegleg einkasöfn að gjöf frá velunnurum

⁸⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1961–62, 119–51.

⁸⁶ *HÍ. Gjörðabók Lækna-deildar III*. 6. maí, 19. okt. og 30. nóv. 1960.

⁸⁷ *HÍ. Gjörðabók Lækna-deildar III*. 8. feb. 1961.


⁸⁸ *Þjóðviljinn* 2. nóv. 1940, 2–3. – *Morgunblaðið* 2. nóv. 1940, 5–6.



skólans – og voru bókasöfn þeirra Finns Jónssonar prófessors og Benedikts S. Þórarinssonar kaupmanns þeirra stærst.⁸⁹ Í Alþingishúsinu var bókum Háskólans einfaldlega komið fyrir í skápum í kennslustofum deildanna þar sem nemendur og kennarar gátu gengið að þeim. Þetta dugði þó skammt, ef marka má Ágúst H. Bjarnason, því að stofurnar urðu fljótt svo „alsettar bókum með öllum veggjum“ að koma þurfti nýjum ritum sem Háskólanum bárust fyrir í geymslu uppi á háalofti þinghússins þar sem „þær liggja í haugum“.⁹⁰ Plássleysið varð til þess að kennarar Læknadeildar gáfust upp á að geyma bækur deildarinnar í Alþingishúsinu og afhentu þær Landsbókasafni til varðveislu árið 1917. Sömdu þeir um leið við safnið um að það eignaðist bækur og tímarit sem deildin keypti.⁹¹

Opnun Háskólabókasafns olli nokkrum þáttaskilum í starfsemi Háskólans. Með stofnun þess fékkst loks nægilegt rými til að geyma allan bókakost Háskólans á einum stað og aðstaða til að skrá bækurnar. Einar Ólafur Sveinsson var ráðinn til safnsins strax haustið 1940, en hann varð þó ekki háskólabókavörður í föstu starfi fyrir en 1943 þegar staðan varð til með lögum.⁹² Þar með var Háskólabókasafn komið með starfsmann sem veitti safninu forystu, skipulagði bóka kaup og skráningu rita safnsins og sá um útlán til kennara og stúdenta. Lestraraðstaða nemenda batnaði líka stórum með safninu, þótt lýsingar fyrrverandi stúdenta bendi til þess að þörfin hafi verið vanmetin við hönnun hússins. „Húsnæði þröngt og í raun kytra“, svaraði lögfræðingur, sem stundaði nám við Háskólann á fimmta áratugnum, þegar hann var spurður um reynslu sína af Háskólabókasafni. Bætti hann við að safnið hafi verið fátækt af bókum og tímaritum í lögfræði, og því hafi hann ekki haft margt þangað að sækja.⁹³ Nemendur sem voru við skólann í og eftir síðari heimsstyrjöld bera safninu þó yfirleitt vel söguna, og minnst þá ekki síst Björns Sigfússonar háskólabókavardar með hlýhug.⁹⁴ Björn tók við starfinu af Einari Ólafi Sveinssyni árið 1945, þegar Einar var skipaður prófessor í íslenskum bókmenntum við Heimspekideild, og gegndi Björn bókavardarstarfinu í rétt tæpa þrjá áratugi.

Almennt var heldur illa búið að Háskólabókasafni fyrstu áratuginu, og því reyndist þessi lífæð skólans lengst af fremur blóðlítill. Allt frá því að Háskólinn fékk Sáttmálasjóð til umráða árið 1920 hafði sjóðurinn kostað öll bókakaup Háskólans, og hélst sú tilhögun til ársins 1960. Þá hafði Sáttmálasjóður rýrnað svo mjög í viðvarandi verðbólgu að hann stóð ekki lengur undir útgjöldum sínum. Voru



Ein tryggasta hjálparhella stúdenta var Björn Sigfússon háskólabókavörður 1945–74 og lengi eini starfsmaður safnsins. Íslenskar bækur þess voru óskráðar, og varð þá að treysta á að Björn myndi eða gæti ályktað hvar þær væru. Myndin er tekin eftir að Björn lét af starfi.

⁸⁹ Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 175–77. – Benedikt ánaftaði Háskólanum bókasafn sitt 1935.

⁹⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 1928–29, 8.

⁹¹ *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/165, örk 1. Db. 4, nr. 965. Háskóli Íslands. Guðmundur Hannesson til Stjórnarráðs 17. jan. 1917. – Björn Sigfússon, „Bókasafn Íslands“ (19. jan. 1947), 5.

⁹² Vésteinn Ólason, „Einar Ólafur Sveinsson“.

⁹³ *Pms.* Þjóðhátadeild. Spurningalistar. Skrá 95. Stúdentalíf, nr. A, 13030.

⁹⁴ Róbert Jack, *Séra Róbert Jack*, 171. – *Pms.* Þjóðhátadeild. Spurningalistar. Skrá 95. Stúdentalíf, nr. A, 13045, 13079, 13117, 13188 og 14212.

bókakaupin þá sett á fjárlög.⁹⁵ Sú breyting olli engri byltingu í starfsemi safnsins, því að það óx mest fyrir bókaþjafir innlendra og erlendra velunnara Háskólans, auk þess að það fékk sjálfkrafa allt nýtt íslenskt prent eftir að Háskólabókasafn var gert að prentskilafafni árið 1941.⁹⁶ Þrefaldaðist bókakosturinn því á fyrstu tveimur áratugunum sem safnið starfaði í háskólabýggingunni, eða úr rúmum 30 þúsund bindum í rúm 90 þúsund.⁹⁷ Þetta breytti því ekki að á hálftrar aldar afmæli Háskólans var bókasafnið enn örsmátt og stóð flestum ef ekki öllum sambærilegum söfnum nágrannalandanna langt að baki. Árið 1957 lét nefnd sérfræðinga þess getið í skýrslu til Alþingis að Háskólabókasafn væri áskrifandi að innan við 100 tímaritum og að sú tala væri aðeins um tíundi hluti þess sem tíðkaðist „við háskóla, sem hliðstæðir eru að kennara- og nemendafjölda, t.d. í Björgvin og Gautaborg“. Þætti engum þessi söfn þó ýkja stór.⁹⁸

Lengi var kvartað yfir því að knappar fjárveitingar og léleg aðstaða stæðu þróun íslenskra vísindabókasafna fyrir þrifum. Setti Guðmundur Finnbogason landsbókavörður því fram þá hugmynd skömmu eftir stofnun Háskólabókasafns að réttast væri að flytja Landsbókasafnið á háskólasvæðið og sameina söfnin tvö, enda væri „í rauninni fjarstæða að hafa tvö vísindaleg bókasöfn í Reykjavík“. Lagði hann til að byggt yrði nýtt hús yfir Landsbókasafnið „samhliða háskólanum, bak við hann, með framhlið út að Suðurgötu og sambyggt við bókasafn háskólans“, enda væri Safnahúsið orðið bæði of lítið fyrir safnið og óhentugt fyrir rekstur nútímalegs bókasafns.⁹⁹ Björn Sigfússon háskólabókavörður talaði oft fyrir þessari hugmynd Guðmundar en vildi ganga lengra. Benti hann á í blaðgrein árið 1947 að skynsamlegast væri að reisa nýtt „hús, sem einsamalt gæti rúmað hið sameinaða safn“ og starfsemi bókasafns flyttist þar með úr háskólabýggingunni. Myndi Háskólinn eiga létt með „að nota til fulls á annan hátt það rúm sem í húsi hans kynni að losna“.¹⁰⁰

Langt var þó í land með að hugmyndin um sameiningu Landsbókasafns og Háskólabókasafns í einni bókhöfðu yrði að veruleika. Alþingi ræddi málið fyrst af nokkurri alvöru árið 1957, en þá lagði Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra fram þingsályktunartillögu um „að sameina beri Háskólabókasafn Landsbókasafni eins fljótt og unnt er á næstu árum, þannig að Landsbókasafn verði aðalsafn, en í Háskólabókasafni sé sá þáttur starfseminnar, sem miðast við handbóka- og námsþarfir stúdenta og kennsluundirbúning og rannsóknir

⁹⁵ *Morgunblaðið* 26. sept. 1965, 6.

⁹⁶ Björn Sigfússon, „Háskólabókasafn“.

⁹⁷ Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 173–77.

⁹⁸ *Alþingistíðindi* 1956 A, 1128.

⁹⁹ *Morgunblaðið* 27. júlí 1941, 3. 6.

¹⁰⁰ Björn Sigfússon, „Bókasafn Íslands“ (19. jan. 1947), 5. – *Sunnudagur* 7. okt. 1945, 113–14.

kennara“.¹⁰¹ Studdist tillagan við álit áður nefndrar sérfræðinganevndar sem forveri Gylfa á ráðherrastólnum, Bjarni Benediktsson, hafði skipað til þess að fjalla um málið. Í álit nefndarinnar var lagt til að „reist verði bókasafnshús í næsta nágrenni við Háskólann, til þess að sameining safnanna verði framkvæmanleg“.¹⁰² Benti ráðherra á að fé til bókakaupa nýttist mun betur ef það væri notað af einu safni en tveimur, og tók þingið einum rómi undir þá skoðun.¹⁰³ Sá stóri hængur var þó á að þingsályktunartillögum fylgdi ekkert fé til að reisa nýtt safnahús, og því varð lítið úr framkvæmdum næstu árin. Var Björn Sigfússon spurður um gang bókhöðumálsins í viðtali við Morgunblaðið um miðjan sjöunda áratuginn, og var hann fremur svartsýnn. „Það er staðreynd,“ sagði háskólabókavörður, „að engin ríkisstjórn sem setið hefir að völdum sl. átta ár, hefur stigið spor að alvöru til þessara framkvæmda.“ Miðað við þá reynslu taldi hann litlar líkur á að þetta stóra ríkisbókasafn á háskólasvæðinu yrði að veruleika fyrir en að 20–25 árum liðnum.¹⁰⁴ Árin urðu reyndar nærri 30, því að söfnin sameinuðust ekki endanlega fyrir en með opnun Þjóðarbókhöðu 1. desember 1994.¹⁰⁵

Segja má að saga Háskóla Íslands fyrstu hálfu öldina birtist í hnotskurn í sögu Háskólabókasafns. Stór orð voru höfð um mikilvægi safnsins fyrir íslenskt mennta- og vísindalíf þegar það var opnað, en illa gekk að afla fjár til að reka það. Bókasafnið reyndi sitt besta til að sinna hlutverki sínu, en því gekk treglega að leggja þann grunn undir starfsemina sem öflug háskólabókasöfn hvíla á. Það er því ekki að ástæðulausu sem kennarar og nemendur Háskóla Íslands hafa löngum kvartað sáran yfir fátæklegum bókakosti Háskólabókasafns.

¹⁰¹ *Alþingistíðindi* 1956 A, 1126.

¹⁰² *Alþingistíðindi* 1956 A, 1129.

¹⁰³ *Alþingistíðindi* 1956 D, 134–37.

¹⁰⁴ *Morgunblaðið* 26. sept. 1965, 6.

¹⁰⁵ Byggingarsögu Þjóðarbókhöðu er lýst í *Morgunblaðinu* B, 1. des. 1994.


10. Nemendur 1940–61

1. Nemendafjöldi 1940–61: vöxtur og stöðnun

Fyrstu tveir áratugirnir í nýrri byggingu Háskóla Íslands skiptust í tvö ólík skeið hvað þróun í fjölda nemenda varðar. Allan fimmta áratuginn og fram á hinn sjötta óx nemendahópurinn bæði stöðugt og hratt, og var þar um svipaða þróun að ræða og á árunum fyrir síðari heimsstyrjöld. Snemma á sjötta áratugnum hófst aftur á móti stöðnunartímabil sem stóð í tæpan áratug. Á tímabilinu frá 1940 til 1953 fjölgaði innrituðum nemendum við Háskólann þannig úr 280 í tæplega 750 – sem þýðir að tala þeirra þrefaldaðist næstum því á þessum 13 árum. Næstu átta árin, eða til haustsins 1961, fjölgaði nemendum aftur á móti aðeins um tæp 10%, eða í rétt tæplega 800 nemendur. Meginskýringuna á þessum sveiflum í fjölgun háskólastúdenta er að finna utan skólans, því að þær endurspeglar breytingar sem urðu á aldurskiptingu íslensku þjóðarinnar á árunum um og eftir síðari heimsstyrjöld. Frá því snemma á þriðja áratugnum og fram yfir 1950 fór saman nokkuð stöðug fjölgun í aldurshópnum sem náði stúdentsprófsaldri á Íslandi (þ.e. þeirra sem urðu tvítugir á árinu), um leið og hlutfall stúdenta í aldurshópnum hækkaði jafnt og þétt. Hvort tveggja breyttist snögglega snemma á sjötta áratugnum, og gætir þar áhrifa kreppunnar. Eins og gjarnan gerist á krepputímum dró úr barnsfæðingum á Íslandi á árunum upp úr 1930 sem hægði síðan, eðli málsins samkvæmt, á fjölgun stúdenta í landinu þegar kreppuárgangarnir komust á stúdentsprófsaldur tveimur áratugum síðar. Af einhverjum ástæðum dró um leið tímabundið úr hækkingu á hlutfalli stúdenta í hverjum aldursárgangi, eins og sést í myndriti I.9. Stöðnunartímabilinu í innritunum við Háskóla Íslands lauk síðan snögglega snemma á sjöunda áratugnum þegar börn fædd í síðari heimsstyrjöld tóku að flykkjast í skólann. Þá gerðist tvennt í senn, árgangarnir stækkuðu verulega og hlutfall stúdenta úr hverjum þeirra hóf að hækka á ný, en sú þróun leiddi svo aftur til þeirrar sprengingar í nemendafjöldanum við Háskólann sem átti eftir að gjörbreyta eðli skólans á sjöunda og áttunda áratugnum. Hinn 1. janúar árið 1960 voru tvítugir Íslendingar 2.237 talsins, en áratug síðar voru þeir 3.638. Þeim hafði því fjölgað um rúm 60% á þessum tíu árum.¹ Stúdentafjölguninni og afleiðingum hennar er fylgt eftir í öðrum hluta bókarinnar.


¹ Vef: Hagstofa Íslands. Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841–2011.

Myndrit I.8 Fjöldi skráðra nemenda við Háskóla Íslands 1940–62



Heimild: Árbók Háskóla Íslands 1940–62.

Myndrit I.9 Fjöldi tvítugra og hlutfall stúdenta af fjölda þeirra (%) 1911–61



Heimild: Vef. Hagstofa Íslands. Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841–2010 (fjöldi tvítugra). – Hagskinna, 857–58 (hlutfall stúdenta).

Ef skyggst er á bak við þessar tölur sést að síðari heimsstyrjöldin olli engri byltingu í samsetningu stúdentahópsins. Með vaxandi þéttbýli og fólksfækkun í sveitum komu sífellt færri háskóla-

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.10 NEMENDUR 1940–61

stúdentar úr sveit, en sú þróun hófst þegar á þriðja áratugnum eins og áður hefur komið fram (I.7.1). Af þeim 16 nýnemum sem innrituðust í Háskólann haustið 1916 voru átta, eða réttur helmingur, skráðir sem börn bænda, en afmælishaustið 1961 var svo komið að aðeins einn af hverjum tíu nýnemum við Háskólann átti bónda að föður. Á sama tíma fjölgaði eðlilega börnum verkafólks, iðnaðarmanna, sjómanna, skrifstofu- og verslunarmanna, auk forstjóra og kaupmanna, en allt voru þetta stéttir sem einkenndu hið nýja þéttbýlissamfélag á Íslandi.


Tafla I.8 Atvinna feðra nýnema við Háskóla Íslands 1941–61

	1941		1951		1961	
	N	%	N	%	N	%
Atvinnustétt feðra						
Bændur	20	22	27	15	21	10
Verka-, iðnaðar- og sjómenn	17	18	50	28	62	30
Skrifstofu- og verslunarmenn	5	5	25	14	29	14
Kennarar	8	9	13	7	19	9
Kaupmenn og forstjórar	22	24	21	12	27	13
Málafærslumenn			4	2	4	2
Prestar	2	2	4	2	1	0
Læknar	11	12	12	7	11	5
Aðrir embættismenn	3	3	5	3	4	2
Verkfræðingar			2	1	2	1
Annað	3	3	1	1	4	2
Óþekkt	1	1	17	9	23	11
Samtals	92		181		207	

Heimildir: *Árbók Háskóla Íslands* 1941–42, 1951–52 og 1961–62. – Í þeim tilvikum þar sem atvinna feðra er ekki skráð í *Árbók Háskólans* var upplýsinga leitað í öðrum heimildum, svo sem stéttatölum, æviskrám og í dagblöðum.

Fjöldi „óþekkttra“ árin 1951 og 1961 skýrist að mestu af því að atvinnu feðra erlendra nemenda er einungis getið í undantekningartilfellum og sjaldnast er hægt að afla þeirra upplýsinga í aðgengilegum heimildum.

Þótt varast beri að lesa alltof mikið í tölur um atvinnu foreldra nýstúdenta, því að hvorki eru upplýsingarnar að öllu leyti áreiðanlegar né segja starfsheiti feðra alla söguna um aðstæður nemenda, þá benda þær þó eindregið til þess að stéttaslagsíðan í nemendahópnum hafi lítið breyst á fyrstu hálfu öldinni sem Háskólinn starfaði. Allan þennan tíma kom mun stærri hluti nemendanna úr efri lögum



Breska herliðið hertók stúdentagarðinn. Veturinn 1941–42 var ákveðið á almennum stúdentafundi að reisa nýjan stúdentagarð, og var það gert að hluta til í sjálfboðavinnu stúdenta. Reisugilli Nýja garðs var haldið 15. september 1942, og þá var myndin tekin.

samfélagsins, og þá ekki síst úr röðum menntafólks, en ætla mætti af hlut þeirra í mannfjöldanum.² Á milli 70 og 80% þeirra Íslendinga sem voru virkir á atvinnumarkaði á árunum 1940–60 flokkuðust sem „verkafólk“ eða „starfsfólk“, og var það um helmingi hærri prósentutala en hlutfall nýnema við Háskólann sem komu úr fjölskyldum verka-, skrifstofu- og verslunarfólks.³ Endurspeglar þetta misræmi samfélagslegt misrétti af ýmsum toga. Fátækir foreldrar áttu augljóslega erfiðara með að styðja börn sín til langskólanáms en þeir sem betur voru stæðir, og urðu því margir af lægri stigum að gera sér styttra nám, svo sem kennaranám, að góðu þótt hugur þeirra stæði til annars.⁴ Einnig má reikna með að á þessum tíma, eins og öðrum, hafi þeim sem komu úr umhverfi þar sem langskólamenntun var ekki talin sjálfögð reynst erfiðara að yfirstíga ýmiss konar menningarlegar hindranir á menntabrautinni en hinum sem áttu háskólamenntaða foreldra. Þetta þýðir þó ekki að Háskólinn hafi verið lokaður ungu fólki úr verkalýðsstétt, og má ætla að efna- minni nemendur á Íslandi hafi vart átt þess kost að sækja háskólanám sitt annað en til Háskóla Íslands. Þrátt fyrir allt var mun ódýrara fyrir háskólanema að stunda nám á Íslandi en að sigla til útlanda, og því var nær útilokað fyrir börn fátækari foreldra að fara utan til náms án opinberra styrkja.⁵

Á fimmta og sjötta áratugnum var félagslegur stuðningur við íslenska námsmenn enn skorinn við nögl; húsnæðis- og framfærslu-

² Sbr. Sigurjón Björnsson og Wolfgang Edelstein, *Explorations in Social Inequality*.

³ *Hagskinna*, 240.

⁴ Sjá t.d. Erlingur Davíðsson, *Aldnir hafa orðið*, 92–93.

⁵ Önundur Björnsson, „Björn Önundarson læknir“, 126–27. – Jónína Leósdóttir, *Guð almáttugur hjálpi þér*, 93.

styrkir við Háskóla Íslands voru orðnir það lágir að þeir skiptu engum sköpum fyrir nemendur, og styrkir til náms erlendis voru fáir og ýmsum skilyrðum bundnir. Með stofnun Lánasjóðs stúdenta árið 1952 var námsstyrkjum við Háskóla Íslands breytt í námslán, en fjárhagslegt bolmagn sjóðsins var það lítið fyrstu árin að aðeins líttill hluti stúdenta fékk lán, og þau dugðu hinum heppnu hvergi nærri til framfærslu.⁶ Varð námsfólk því að framfleyta sér sem best það gat, annaðhvort með stuðningi foreldra eða með eigin launum. Nær allir háskólanemar unnu á sumrin, og dugðu sumartekjurnar mörgum til framfærslu á námsárunum, ekki síst þeim sem bjuggu í foreldrahúsum yfir námstímann. Á stríðsárunum vænkaðist hagur nemenda verulega að þessu leyti, því að þá hvarf atvinnuleysi kreppuáranna í einu vetfangi. Á eftirstríðsárunum virðast stúdentar líka hafa haft næga atvinnu, t.a.m. á síld og í vegavinnu.⁷ Margir háskólanemar unnu einnig langan vinnudag með náminu, og þá einna helst við kennslu. Þetta átti ekki síst við utanbæjarnemendur, sem ekki gátu búið í foreldrahúsum á námstímanum, og þá sem stofnuðu til fjölskyldu og heimilis á námstímanum.⁸ Lýsing Sigurðar Guðmundssonar vígslubiskups á því hvernig hann fleytti sér í gegnum háskólanámið er dæmigerð fyrir reynslu utanbæjarstúdenta á árum síðari heimsstyrjaldar. Sigurður var verkamannssonur frá Akureyri, en hann innritaðist í Guðfræðideild Háskólans haustið 1940. Foreldrar hans hjálpuðu honum af mætti á meðan á háskólanáminu stóð, en það dugði þó skammt í dýrtíð síðari heimsstyrjaldar. Minnst Sigurður þess líka að hafa fengið smávægilega „námsstyrki ... úr einhverjum sjóðum innan skólans síðustu þrjá veturna, en þeir nægðu engan veginn til þess að brúa bilið á milli tekna og þarfar“. Um námslán var ekki að ræða á þessum tíma. „Peningaleysinu varð ég að finna lausn á“, segir hann:

og fetaði þá sömu braut og margir aðrir stúdentar, auglýsti eftir nemendum til einkakennslu. Fyrstum kenndi ég norskum stúdent sem hingað var kominn til að læra íslensku. Hann var á fyrsta ári í lækisfræði og þurfti að tileinka sér málið fljótt. ... Næstu vetur kenndi ég mjög mikið, um sex tíma á dag, ... kennslan í guðfræðideild var venjulega á milli níu og tólf árdegis, síðan kenndi ég frá hálf tvö til hálf þrjú, sat aftur í tímum seinni hluta dags, las svo í einn til tvo tíma og kenndi á nýjan leik um kvöldið. ... Þessi kennsla, að viðbætti sumar-

⁶ Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 35–47.

⁷ *Dms. Þjóðháttadeild. Spurningalistar. Skrá 95. Stúdentalíf, nr. A, 13036, 13052, 13069, 13075, 13082, 13088, 13286, 13289 og 13306.*

⁸ *Dms. Þjóðháttadeild. Spurningalistar. Skrá 95. Stúdentalíf. – Sjá einnig Hjalti Þórarinnsson, *Glefsur*, 37. – Þórir S. Guðbergsson, „Friðjón Þórðarson“, 45.*



Konur voru fámennar í Háskóla Íslands á árum embættismannaskólans, en Húsmæðrakennarskóli Íslands hafði aðsetur í kjallara nýju byggingarinnar á árunum 1942–56. Hér eru skólastjóri og nemendur skólans á tröppum háskólabyggingarinnar. Sú sem situr neðst er Helga Sigurðardóttir skólastjóri og höfundur frægrar matreiðslubókar. Hverjar hinar eru má lesa í bók Páls Sigurðssonar, Úr húsnæðis- og byggingarsögu Háskóla Íslands II, 134–35.

vinnu, dugði til þess að ég hafði tiltölulega rúm fjárráð í Háskólanum og þurfti ekki að velta hverjum eyri ...⁹

Nemendur Sigurðar komu flestir frá efnaheimilum, enda var öðrum um megn að kaupa sérkennslu fyrir börn sín. Af dæmi hans má því sjá hvort tveggja hvað efnaminni námsmenn af landsbyggðinni urðu að leggja á sig til að komast í gegnum námið og þann gríðarlega aðstöðumun sem var til náms á Íslandi um miðja síðustu öld. Efnafólk studdi þannig ekki aðeins börn sín fjárhagslega í náminu, heldur gat það einnig kostað umtalsverða stuðningskennslu fyrir þau ef þess þurfti með. Það gaf börnum þeirra vitanlega forskot á skólasystkinin frá efnaminni heimilum. Þótt Háskólinn lokaði ekki dyrum sínum fyrir fátækari nemendum þá voru þröskuldarnir örugglega mun hærri fyrir þá en námsmenn sem komu frá heimilum þar sem efnin voru næg.

2. „En svo eru það nú stúlkurnar“

Fyrir nokkrum árum stóð Þjóðháttadeild Þjóðminjasafns Íslands fyrir ítarlegri spurningakönnun þar sem fólk sem lærði við Háskóla Íslands fyrir 1960 var spurt út í ýmislegt sem tengdist námi þess við skólann.¹⁰ Meðal svarenda var kona, fædd árið 1927, sem lauk prófi frá Háskólanum á fyrri hluta sjötta áratugarins. Þegar hún var í síðasta bekk menntaskólans heimsótti ónefndur fyrirlesari skólann

⁹ Bragi Guðmundsson, *Aðalbjörg og Sigurður*, 109–12.

¹⁰ Þms. Þjóðháttadeild. Spurningalistar. Skrá 95. Stúdentalíf. Svörin eru frá 49 nemendum sem hófu nám við HÍ á árunum 1920–56.

til að fræða nemendur um námsmöguleika og framtíðarstörf að loknu stúdentsprófi. „Fyrirlesarinn var mælskur vel“, segir konan í svari sínu, „og talaði í hálfra aðra klukkustund um ýmiss konar námsleiðir og áhugaverð störf. Þá tók hann sér málhvöld, dæsti og mælti raunalegum rómi: „En svo eru það nú stúlkurnar. Ekki veit ég hvað maður á að ráðleggja þeim.“¹¹

Þessi saga er lýsandi fyrir afstöðu samfélagsins til háskólanáms stúlkna fyrir rúmri hálfri öld. Allt til loka þriðja áratugarins var langskólanám í reynd að mestu lokað konum, í það minnsta voru kvenstúdentar sárafaír, og sjaldnast voru fleiri en tvær til þrjár konur skráðar í Háskólann samtímis. Á fjórða áratugnum tók þetta að breytast með aukinni sókn kvenna inn í menntaskólana. Í byrjun síðari heimsstyrjaldar voru konur orðnar um fimmtungur þeirra sem luku stúdentsprófi ár hvert, og við lok sjötta áratugarins voru þær um þriðjungur stúdenta. Fjölgunin ber augljósan vott um vaxandi áhuga íslenskra stúlkna á að ganga menntaveginum hvað sem öllum hindrunum á vegi þeirra leið. Eins og áður kom fram var formlegt jafnrétti til náms og embætta innleitt á Íslandi sama árið og Háskóli Íslands var stofnaður, og því var eðlilegt að með tímanum tækju þær tilboði yfirvalda um sama starfsframa og menntun og skólabræðrum þeirra var boðið upp á. Kynjamunur á frammistöðu nemenda í barnaskólum hvarf líka að mestu á fyrstu áratugum 20. aldar, og hefur það örugglega ýtt undir áhuga stúlkna á að mennta sig frekar.¹² Viðbrögð samfélagsins við menntaáhuga stúlkanna voru blandin og óljós, eins og ráða má af vandræðalegu andvarpi fyrirlesarans í menntaskólanum. Flestir virðast hafa tekið honum með þögninni, en þó heyrðust þær raddir að nauðsynlegt væri að loka hefðbundnum karlavígjum í framhaldsskólum fyrir stúlkum. Í tillögum miðstjórnar Framsóknarflokksins snemma árs 1942 var t.a.m. stungið upp á því að flytja Menntaskólann í Reykjavík frá höfuðstaðnum til hins forna mennta- og biskupsseturs í Skálholti og gera hann um leið að piltaskóla. Til að koma til móts við stúlkurnar var lagt til „að gera Kvennaskólann í Reykjavík svo úr garði, að hann geti orðið menntaskóli og vönduð uppeldisstofnun fyrir stúlkur.“¹³ Þótt þess sé ekki beinlínis getið í tillögnum má þó lesa á milli línanna að uppeldi stúlkna hefði allt annan tilgang en piltanna, enda væru störf karla og kvenna að námi loknu í eðli sínu mjög ólík. Því þótti sjálfsagt að kynin gengju ólíka menntavegi í undirbúningi sínum undir lífið.

¹¹ *Dms.* Þjóðháttaeild. Spurningalistar. Skrá 95. Stúdentalíf, nr. A, 13159.

¹² Ólöf Garðarsdóttir, „Skóli og kynferði“. – Ólöf Garðarsdóttir, „Félagskerfi skólans“.

¹³ *Dagur* 5. mars 1942, 1. – Valborg Sigurðardóttir, *Íslenska menntakonan verður til*, 9–24.

Vorið 1942 lagði Pálmi Hannesson, rektor Menntaskólans í Reykjavík og þingmaður Framsóknarflokks, fram þingsályktunartillögu á Alþingi þar sem spurt var „hvort ekki sé tiltækilegt að flytja skólann að Skálholti í Biskupstungum“.¹⁴ Ekki var minnst berum orðum á kyngreiningu námsins í tillögunni, en rektorinn hafði sagt hug sinn í því máli í setningarræðu skólans haustið áður þannig að afstaða hans fór ekki á milli mála. Þar lagði hann til að bráð húsnæðisvandræði Menntaskólans yrðu leyst með því að flytja hann í Skálholt og að aðeins piltar yrðu teknir inn í skólann. Jafnframt yrði „kvennaskólinn gerður að stúdentaskóla fyrir stúlkur og sniðinn við þeirra hæfi“,¹⁵ eins og hann sagði, án þess þó að skýra nánar hvað stúlkunum hæfði best. Gerði málgagn sósíalista, Nýtt dagblað, stólpagrín að hugmyndum Pálma og sagði hann ætla að flýja með skólann úr bænum og „stofna munklíffisskóla fjarri hinni lauslátu höfuðborg“ – og í samræmi við það „væri best að flytja Háskólann upp í hreinlífi Ódáðahrauns“.¹⁶ Þegar til kom fengu fyrirætlanir um að flytja Menntaskólann frá Reykjavík litlar undirtektir á Alþingi, og kyngreiningu framhaldsskólans var mótmælt harkalega af ýmsum kvennasamtökum.¹⁷ Runnu þessar tillögur því út í sandinn.

Tölur um fjölda skráðra nemenda við Háskóla Íslands sýna að æ fleiri konur sóttu í Háskólann á fimmta og sjötta áratugnum. Hluttur kvenna í nemendahópnum jókst reyndar nokkurn veginn í takt við fjölgun kvenstúdenta, þótt hlutfall kvennemenda við Háskólann væri ávallt nokkru lægra en hluttur þeirra á stúdentsprófi. Á hálftrar aldar afmæli skólans voru konur þannig orðnar tæplega fjórðungur skráðra nemenda skólans, og sú tala átti eftir að hækka enn frekar á næstu árum. Þessari þróun svipaði til þess sem sjá mátti í nágrannalöndunum, a.m.k. ef marka má upplýsingar frá Kaupmannahafnarháskóla, þótt Háskóli Íslands hafi verið nokkuð á eftir í þessum efnum. (Konur voru rúm 20% nemenda við háskólann í Kaupmannahöfn árið 1938 og 36% árið 1963; samsvarandi tölur fyrir Háskóla Íslands voru 10% og 28%.)¹⁸ Kynjahlutföllin hjá þeim sem luku prófum frá Háskólanum breyttust þó mun hægar en hjá innrituðum nemendum, eins og sjá má í myndriti I.10. Af þeim tæplega 3.900 nemendum sem nýinrituðust í Háskóla Íslands á árunum 1940–61 voru rúmlega eitt þúsund konur, eða 27% innritaðra nemenda, en aftur á móti voru konur aðeins sjö prósent þeirra sem útskrifuðust frá skólanum á þessum sama tíma. Yfirgnæfandi meirihluti kvenstúdentanna í Háskólanum virðist því hafa flosnað upp úr námi áður en til lokaprófa kom, og var það í

¹⁴ *Alþingistíðindi* 1942 A, 240–41.


¹⁵ *Tíminn* 18. nóv. 1941, 2–3.

¹⁶ *Nýtt dagblað* 21. okt. 1941, 3.

¹⁷ *Nýtt dagblað* 17. apríl 1942, 4.

¹⁸ Thomsen, „Københavnns Universitet 1936–1966“, 61. – Kjærulff Helleesen og Tuxen, „Studenterne ved Københavnns Universitet“, 395.

Myndrit I.10 Hlutföll karla og kvenna (%) af þeim sem luku stúdentsprófi, hófu nám í Háskóla Íslands og útskrifuðust 1911–60



Heimildir: Árbók Háskóla Íslands 1911–61. – Hagskinna, 857–58.

samræmi við þá hugmynd að staður konunnar væri á heimilinu en ekki á vinnumarkaðnum. Konur sem giftust og eignuðust börn áttu heldur ekki í mörg hús að vanda með barnagæslu – og fáir ætluðu feðrum að sitja heima og sinna hússtörfum. Flestar konur hættu því námi þegar þær stofnuðu heimili þótt vissulega væru undantekningar frá þeirri reglu.¹⁹

Lesi má þennan kynbundna mun á námsmöguleikum karla og kvenna úr æviskrám stúdenta sem útskrifuðust frá Menntaskólanum á Akureyri á fimmta og sjötta áratugnum. Samsvarandi vitneskja liggur ekki á lausu um stúdenta frá öðrum íslenskum framhaldsskólum, en reikna má með að námsval Akureyrarstúdenta gefi allgóða mynd af ástandinu á þessu tímabili. Það sem einkum vekur athygli við töflu I.9 er að ekki er unnt að merkja af henni að nein sérstök þróun hafi orðið í átt til aukins kynjajafnréttis í háskólamenntun á áratugunum tveimur frá 1941 til 1961 – þvert á móti þá virðist misréttið heldur hafa aukist. Konur voru mun færri en karlar meðal stúdenta allan tímann, lægra hlutfall kven- en karlstudenta skráði sig í háskólanám, og sárafaár þeirra kvenna sem skráðu sig í háskóla luku námi. Það skal tekið fram að þessar tölur segja aðeins hálfra söguna um menntun stúdenta, því að þær mæla

¹⁹ Valborg Sigurðardóttir, *Íslenska menntakonan verður til*, 159–88. – Hjalti Þórarinnsson, *Glefsur*, 22. – Pms. Þjóðhátadeild. Spurningalistar. Skrá 95. Stúdentalíf, nr. A, 13037.



Kennarar og stúdentar í Guðfræðideild veturinn 1944–45. Fyrir miðri mynd er fyrsta stúlkan sem lauk prófi í guðfræði, Geirþrúður Hildur Bernhöf. Hún lauk prófi árið 1945 en vígðist aldrei til prests. Fremst fyrir miðju sitja kennarar deildarinnar, Sigurbjörn Einarsson, Ásmundur Guðmundsson og Magnús Jónsson.

ekki nám sem taldist ekki á háskólastigi á þessum tíma, t.a.m. kennaranám. Niðurstaðan er samt eindregin; það var eins og kynja-kerfið í háskólamenntuninni væri frosið og að draumurinn um að ganga í háskóla hafi í raun fyrst og fremst verið fyrir karlkyns Íslendinga.

Tafla I.9 Framhaldsmenntun stúdenta frá Menntaskólanum á Akureyri 1941–61

	1941			1951			1961		
	Konur	Karlar	Alls	Konur	Karlar	Alls	Konur	Karlar	Alls
Alls	3	32	35	16	33	49	14	56	70
Hófu háskólanám									
við Háskóla Íslands	3	24	27	10	26	36	4	45	49
við Kennaraháskólann	0	0	0	1	0	1	0	0	0
erlendis	0	7	7	0	2	2	2	8	10
Af þeim, fyrsta háskólapróf									
frá Háskóla Íslands	2	19	21	1	16	17	0	26	26
frá Kennaraháskólanum	0	0	0	2	0	2	0	0	0
erlendis	0	8	8	0	6	6	2	13	15
luku ekki háskólaprófi	1	4	5	8	6	14	4	14	18
Stunduðu ekki háskólanám	0	1	1	5	5	10	8	3	11

Heimildir: Gunnlaugur Haraldsson, ritstj., *Æviskrár MA-stúdenta I–III*.

Fyrrihlutapróf í verkfræði er hér talið sem fyrsta háskólapróf. Kennaraháskólanemarnir stunduðu nám þar eftir að Kennaraskólinn varð að Kennaraháskóla árið 1971.

Sú staðreynd að mikill meirihluti kvennemenda í Háskóla Íslands hvarf próflaus frá námi fór vitanlega ekki framhjá yfirvöldum skólans. Ólafur Lárusson rektor minntist á þetta í ræðu sem hann hélt á háskólahátíð árið 1946, en þar gerði hann meint brottfall nemenda úr Háskólanum að umtalsefni. Taldist honum til að 600 nemendur hefðu horfið frá skólanum án fullnaðarprófs á fyrstu 35 starfsárum stofnunarinnar, og við fyrstu sýn virtust vanhöldin því mikil. En þegar betur var að gáð fannst honum engin ástæða til að kvarta:

Margir þeirra, er stúdentsprófi ljúka, einkanlega hin síðari árin, eftir að stúdentaviðkoman jókst svo mjög, sem raun er á, eru ráðnir í því að halda ekki náminu áfram, en fjöldi þeirra lætur samt skrá sig í stúdentatölu háskólans til þess að taka þar próf í forspjallsvísindum. Í þessum hóp er allur þorinn af kvenstúdentum. Fram til þessa hafa tiltölulega mjög fáar þeirra lokið fullnaðarprófi.

Í tölum um brottfall, benti hann ennfremur á, voru einnig þeir stúdentar sem hugðu á nám erlendis, en skráðu sig til bráðabirgða í Háskóla Íslands vegna þess að þeir höfðu tafist af einhverjum ástæðum á leið sinni til útlanda. Þar voru einnig taldir þeir útlendingar sem skráðu sig í Háskólann, en fæstir þeirra stefndu á að ljúka prófi við skólann. Ef þessir nemendur voru ekki teknir með í reikninginn mátti ljóst vera, sagði Ólafur, „að hin eiginlegu vanhöld, þ.e. tala þeirra, sem flosnað hafa upp frá námi sínu hér, [er] tiltölulega mjög lág, og er það þá vottur þess, að stúdentarnir hafi langflestir rækt nám sitt vel“.²⁰ Skilaboð rektors Háskóla Íslands til þeirra 76 stúlkna sem skráðar voru í skólann haustið 1946 voru því skýr; þótt þorri þeirra ætti eftir að hverfa frá Háskólanum án fullnaðarprófs þá var enginn verulegur skaði skeður fyrir samfélagið.

Auðvelt er að skýra þessi orð rektors með því að hann hafi ekki sagt annað en það sem flestum samtímamönnum hans fannst sjálf-sagt og eðlilegt og að ræða hans hafi þar með verið í takti við tíðarandann.²¹ Sú skoðun var landlæg að konum væri eðlilegt að sjá um börn og heimili, og til að sinna þeim störfum þurftu þær ekki háskólamenntunar við. Margar stúlkur samsömuðu sig þessari hugmynd um konuna og stöðu hennar í samfélaginu, eins og sjá má af bréfi eins kvenstúdents frá þessum tíma til móður sinnar. Faðir stúlkunnar hafði hvatt hana til embættisnáms og þá annaðhvort til

²⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 1946–47, 7.

²¹ Sbr. Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*.

að taka próf í lögfræði eða læknisfræði, en hún streist á móti. Sagðist hún miklu frekar vilja ganga í húsmæðraskóla en Háskólann, enda gæti hún „ekkert gert að því, að þegar eg fæddist og reyndist vera stúlka, en ekki piltur ... að eg skyldi hafa verið búin kvenlegum dyggðum, en ekki karlmannlegum, að eg skyldi hafa meiri áhuga á matreiðslu og útsaum, heldur en læknisfr[æði]“.²²

Viðhorf af þessu tagi voru heldur ekki bundin við Ísland, því að í Danmörku var einnig lengi vel litið á háskólanám kvenna sem eitthvað sem konur gerðu sér til ánægju á meðan karlar bjuggu sig undir embætti.²³ Þó er erfitt að afsaka orð rektorsins ef ætlast er til að metnaður stofnunar eins og Háskóla Íslands sé að ryðja nýjum hugmyndum braut í íslensku samfélagi fremur en að staðfesta rótgrónar klisjur. Því til stuðnings má benda á að aðeins rúmum áratug síðar tók annar rektor Háskólans allt annan pól í hæðina. Á hálfri aldar afmæli skólans, sem haldið var hátíðlegt í Háskólabíói í byrjun október 1961, minntist þáverandi rektor, Ármann Snævarr prófessor, sérstaklega á það að frá stofnun skólans hefðu „aðeins 5% kandidatanna frá Háskóla Íslands [verið] konur, og er vonandi, að sú hundraðstala hækki stórlega á næstu áratugum“.²⁴ Þessi orð boðuðu ekki byltingu í málefnum kvenstúdenta við Háskóla Íslands, en þau sýndu að þáverandi rektor skólans tók því ekki lengur sem sjálfsögðum hlut að mikill meirihluti kvenna hyrfi próflaus frá námi; Háskólinn skyldi verða eitthvað meira en biðsalur hjónabandsins fyrir nemendur „af hinu kyninu“. Ef orð eru til alls fyrst, þá mátti ætla að breytinga væri að vænta í jafnréttismálum Háskólans.

3. Deildir Háskólans

Grundvallarbreytingar urðu á skipulagi Háskólans á fyrsta áratugnum í háskólabýggingunni með stofnun nýrrar deildar (Verkfræðideildar) og upptöku nýrra námsleiða innan þeirra deilda sem fyrir voru (viðskiptafræði í Lagadeild, BA-náms í Heimspékideild og tannlækninga í Læknadeild). Þessi umskipti höfðu eðlilega mikil áhrif á skráningar nemenda í einstakar deildir því að með þeim urðu til ný tækifæri fyrir íslenska háskólanema til að afla sér menntunar á Íslandi.

Ýmislegt sker í augu þegar litið er á skráningu nemenda Háskólans í deildir á fimmta og sjötta áratugnum (sbr. myndrit I.11). Þar ber fyrst að nefna stöðuga fjölgun stúdenta í Heimspékideild, en undir lok tímabilsins var hún orðin stærsta deild Háskólans – og það jafn-


²² Anna Ólafsdóttir Björnsson, *Saga Húsmæðraskólans Íslands*, 144–45.

²³ Larsen, „København Universitet 1902–1936“, 488.

²⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1961–62, 11.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.10 NEMENDUR 1940–61

Myndrit I.11 Fjöldi nemenda eftir deildum 1940–62



Heimild: Árbók Háskóla Íslands 1940–62.

Viðskiptafræði og lögfræði eru aðgreindar í myndritinu þótt greinarnar tvær hafi formlega verið innan sömu deildar til 1962.

vel þótt nemendum í lögfræði og viðskiptafræði, sem voru formlega séð innan sömu deildar á þessum árum, sé slegið saman í eina tölu. Þetta stafaði fyrst og fremst af vaxandi vinsældum BA-námsins. Annað sem vekur athygli er mikil fjölgun nemenda í Læknadeild á árunum eftir síðari heimsstyrjöld, en það er ekki fyrr en undir lok sjötta áratugarins sem Heimspékideildin seig afgerandi fram úr Læknadeildinni. Þannig voru yfir 230 nemendur skráðir í læknisfræði haustið 1955, eða rúmlega þrefalt fleiri en á síðari hluta þriðja áratugarins þegar umræður voru hvað heitastar um meinta offjölgun í íslenskri læknastétt. Eftir það fækkaði nemendum nokkuð í deildinni, og var það í sæmilegu samræmi við stöðnunina í fjölda útskrifaðra stúdenta úr menntaskólunum á þessum árum. Að öðru leyti eru breytingar á nemendafjölda í einstökum deildum tiltölulega litlar á árunum í og eftir síðari heimsstyrjöld, þótt vissulega hafi hann sveiflast nokkuð frá einum tíma til annars.

Skráningar í deildir segja þó ekki nema hálfa söguna um námsval háskólanema því að brottfall nemenda úr námi var gríðarlega ólíkt eftir deildum. Hér skar Heimspékideild sig úr eins og áður, því að á meðan rúmlega 1.600 nemendur skráðu sig til náms við deildina frá haustinu 1940 til hausts 1961 þá útskrifuðust aðeins 170 nem-

Tafla I.10 Nýinnritaðir og útskrifaðir nemendur í Háskóla Íslands 1940–62

	Guðfræði- deild		Lækna- deild		Lögfræði		Viðskipta- fræði		Heimspæki- deild		Verkfræði- deild		Alls	
	Innr	Útskr	Innr	Útskr	Innr	Útskr	Innr	Útskr	Innr	Útskr	Innr	Útskr	Innr	Útskr
1940–45	31	24	162	29	130	50	51	25	153	18	75	16	602	162
1946–50	34	17	228	47	125	70	50	19	297	26	77	35	811	214
1951–55	52	31	216	92	98	91	132	44	480	45	64	47	1042	350
1956–62	36	27	273	144	201	76	145	62	675	81	92	56	1422	446
Alls	153	99	879	312	554	287	378	150	1605	170	308	154	3877	1172
Konur fjöldi	10	2	143	26	38	4	19	3	827	44	3	0	1040	79
Karlar fjöldi	143	97	736	286	516	283	359	147	778	126	305	154	2837	1093
Konur %	7	2	16	8	7	1	5	2	52	26	1	0	27	7
Karlar %	93	98	84	92	93	99	95	98	48	74	99	100	73	93

Heimild: *Árbók Háskóla Íslands 1940–62.*

endur frá henni á þessum rúmu 20 árum (69 með mag. art.- og cand. mag.-próf, en 101 með BA-próf og próf í íslensku fyrir erlenda stúdenta). Brottfall var einnig mikið í Læknadeild, en það var mun minna í öðrum deildum Háskólans. Ástæður brottfallsins í Heimspékideild og Læknadeild voru þó mjög ólíkar. BA-námið hafði greinilega tilætluð áhrif því að eftir stofnun þess flyktust konur í Heimspékideild – og hún varð snögglega helsta „kvennadeild“ Háskólans. Heimspékideildin hafði nokkra sérstöðu hvað þetta varðar, því að kynjahlutfallið í nemendahópnum stóð að mestu í stað í öðrum deildum Háskólans, og var hlutur kvenna í Læknadeild reyndar hærri á árunum fyrir síðari heimsstyrjöld en á fimmta og sjötta áratugnum. Brottfallið hafði alltaf verið mikið í Heimspékideild, en það jókst umtalsvert eftir að konum fjölgaði í deildinni vegna þess hversu stór hluti kvenstúdenta lauk ekki prófum. Ætla má aftur á móti að afföllin í Læknadeild hafi fremur stafað af því að læknánámið þótti bæði langt og strembið, og því þraut marga örendi áður en til lokaprófs kom.

Þrátt fyrir fjölgun deilda, námsgreina og nemenda tók skipulag kennslunnar engum stakkaskiptum fyrstu áratugi Háskólans í nýrri byggingu. Nýjar greinar lögðu sig að mestu að því sem fyrir var, og gömlu kennslugreinarnar héldu sig við þær hefðir sem mótast höfðu í Alþingishúsinu. Lokagráðan í viðskiptafræði fékk heitið cand. oecon. – í stíl við upprunalegar embættisgráður Háskólans (cand.

I. EMBÆTTISMANNSKÓLINN – I.10 NEMENDUR 1940–61

Tveir spaklegir menn nota skeifuna framan við háskólabýgginguna til lestrar árið 1951.




theol., cand. med. og cand. jur.) – þótt námsskipulag kandídatsprófs í viðskiptafræði hafi fyrstu árin líkst bakkalár-námi í breskum háskólum fremur en meistaranámi.²⁵ En þótt þessar gráður, auk cand. mag.-gráðunnar í Heimspekideild, hafi allar borið sambærileg heiti voru þær um margt ólíkar, og það tók nemendur mislangan tíma að ljúka þeim. Nám í viðskiptafræði var styst kandídatsgreinanna, a.m.k. á pappírnum, því að nemendur áttu að geta lokið því á þremur árum og án teljandi erfiðleika á þremur og hálfu ári. Námið í viðskiptafræði var síðan lengt til samræmis við annað kandídatsnám með nýrri reglugerð árið 1964 og jafnframt skipt í tvo hluta.²⁶ Það tók læknanema almennt sjö til átta ár að komast í gegnum læknanámið, en eðlilegur námstími í guðfræði var talinn fjögur ár, lögfræði sex ár og meistara- og kandídatsprófin í Heimspekideild fjögur og hálf til fimm ár (cand. mag.-próf) eða fimm og hálf til sex og hálf ár (meistarapróf).²⁷ Þessar tölur segja þó ekki alla söguna, því að raunverulegur námstími var iðulega lengri, enda unnu margir nemendur með námi eins og áður kom fram.

²⁵ *Handbók stúdenta* (1948), 45.

²⁶ *Stjórnartíðindi* 1964 A, 190–92.

²⁷ Byggt á *Handbók stúdenta* (1948).

Myndrit I.12 Hlutfall kvenna og karla í deildum Háskóla Íslands 1911–64 (konur/karlar)



Heimild: Árbók Háskóla Íslands 1911–64.

Þetta þýðir ekki að námsskipulagið hafi ekkert breyst fyrstu hálfu öld Háskólans, en allar breytingar voru hægar og hreyfðu ekki við grunnhugsuninni í náminu. Meginmarkmið embættismannaskólans var að búa nemendur undir embættispróf sem veittu ákveðin réttindi. Litið var á námið í flestum greinum skólans sem samfellda heild, og nemendur tóku lokapróf „þegar þeim sýndist“, eins og sagði í fyrstu reglugerð Háskólans.²⁸ Hlutverk kennaranna var að koma til skila því efni sem prófað var úr í lokin, en próf og kennsla tengdust ekki með beinum hætti. Námið greindist því ekki upp í ákveðin námskeið, sem metin voru til eininga eða lauk með prófum, heldur sóttu nemendur fyrirlestra í þeim greinum sem komu til lokaprófs, og í mörgum tilvikum tók yfirferð kennaranna mörg ár. Í samræmi við þessa hugsun var námið skipulagt þannig fyrstu starfsár Háskólans að flestir nemendur tóku engin próf önnur en í heimspekilegum forspjallsvísindum allt þar til þeir gengu til embættisprófa. Í Læknadeild greindist námið þó strax í hluta, fyrst tvo og síðar þrjá, og aðrar deildir fylgdu því fordæmi þegar kom fram á fjórða og fimmta áratuginn. Þá var námi í lögfræði, guðfræði og íslenskum fræðum deilt í tvo hluta, og eftir það tóku nemendur svokölluð fyrrihlutapróf, oftast eftir tveggja til þriggja ára nám. Hér var um sambærilega þróun

²⁸ *Stjórnartíðindi* 1912 A, 32.

að ræða og við Kaupmannahafnarháskóla, en þar var um svipað leyti komið á milliprófum í flestum námsgreinum.²⁹ Með þessu var reynt að bregðast við sívaxandi fjölda nemenda, því að hugmyndin um frjálst nám og sjálfstæða nemendur, sem drukku í sig vísdom kennaranna þar til þeim fannst sjálfum þeir vera reiðubúnir til að ganga til embættisprófa, á illa við í skólum þar sem nemendur eru margir og samband milli kennara og nemenda lítið.³⁰ Með því að skipuleggja ákveðna áfanga á leiðinni til lokaprófs, sem nemendur urðu að ljúka á tilsettum tíma, var ýtt undir að þeir legðu stund á námið frá byrjun, og einnig var þeim gert auðveldara að meta stöðu sína eftir tvö til þrjú ár í skólanum. Verkfræðinámið við Háskólann var skipulagt samkvæmt þessu sama kerfi og þjónaði í raun sem fyrri hluti kandídatsprófs í verkfræði sem lokið var við erlendan háskóla.

BA-námið í Heimspekideild var hugsað á allt annan hátt, enda taldist það ekki undirbúningur undir embættispróf. Það skiptist í nokkur svokölluð prófstig, sem lauk hverju um sig með munnlegum og skriflegum prófum. BA-nemendur tóku engin samræmd lokapróf, heldur fengu þeir gráðuna þegar þeir höfðu náð tilgreindum fjölda prófstiga. Í fyrstu reglum um BA-námið var það skilgreint þannig að nemendur tóku sex prófstig, þar sem forspjallsvísindi mynduðu eitt; þessu var síðar breytt þannig að hætt var að skilgreina forspjallsvísindi sem prófstig, en námið hélst að mestu óbreytt að öðru leyti.³¹ Í reglugerðum skólans sagði ekkert annað um prófstigin en að hvert þeirra væri miðað við „ákveðnar þekkingarkröfur: 1. stig táknar minnstar kröfur, 2. stig meiri kröfur, 3. stig mestar kröfur“, og virðist kennurum hafa verið í sjálfsvald sett að skilgreina stigin og innihaldið innan þessa ramma. Einnig virðist námstíminn til BA-prófs hafa verið á reiki, því að í Handbók stúdenta frá árinu 1959 var honum lýst þannig: „almennast mun vera, að 1 stig í hverri grein taki um 2 misseri, en þó hefur ýmsum tekizt að ljúka námi á styttri tíma til jafnaðar, t.d. hafa menn tekið 3 stig á fjórum misserum“.³² Af þessu má ætla að BA-námið hafi almennt tekið fjögur til sex ár.

Ekki er að sjá að kennsluhættir hafi breyst mikið við flutninginn úr Alþingishúsinu í háskólahöllina á Melunum. Eins og fyrr voru fyrirlestrar algengasta kennsluformið í öllum deildum skólans, en í fyrirlestrum fóru kennarar yfir það efni sem koma átti til lokaprófs, oft í nokkurra ára fyrirlestraröðum. Nemendur á ýmsum stigum náms-

²⁹ Thomsen, „København's Universitet 1936–1966“, 134–36.

³⁰ Rothblatt, „Curriculum, Students, Education“, 253–56.

³¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1941–42, 117; 1957–58, 118.

³² *Handbók stúdenta* (1959), 46.



Fullveldisháttíð stúdenta 1. desember var jafnan vettvangur átaka. Árið 1960 átti viðreisnarstjórnin í samningum um lausn í landhelgisdeilu Íslendinga við Breta, og meirihluti Vöku í Stúdentaráði fékk Guðmund Í. Guðmundsson utanríkisráðherra til að fjalla um málið á samkomu í háttðarsal Háskólans. Fáir hirtu um að sækja samkomuna nema vinstrimenn sem söfnuðu liði og settust framan til í salnum. Þeir gengu síðan út um leið og Guðmundur byrjaði að tala og skildu salinn eftir næstum mannlausan. Myndin birtist á forstöðu Þjóðviljans daginn eftir.

ins sátu þá saman í tímum og hlýddu á sömu fyrirlestrana. Kom efni þeirra nýnemum oft nokkuð spánskt fyrir sjónir, enda gengu þeir einfaldlega inn í frásögnina þar sem kennarinn hafði skilið við hana vorið áður. Séra Jón Bjarman lýsir þessu skemmtilega í ævisögu sinni þar sem hann segir frá fyrsta degi sínum í Guðfræðideild Háskólans haustið 1954:

Á auglýstum tíma gaf ég mig fram í kennslustofu 5 í Háskólanum, snemma morguns. Fimmtán mínútum seinna birtist kennarinn, fékk sér sæti og tók til við ritskýringu á Postulasögunni þar sem hann hafði verið staddur þegar skóla lauk um vorið. Við vorum þarna fjórir nýnemar og tveir eldri. Ég verð að játa það, að ég skildi ekki neitt af því sem var að gerast og ég var hræddur. Mér fannst þetta óaðgengilegt og framandi, næstum leiðinlegt. Hvar voru draumar mínir? Ætlaði ég að leita skjóls í þeim einu sinni enn? Ég þraukaði út tvo tíma hjá þessum kennara.

Nokkuð fjölgaði í kennslustofunni áður en næsti kennari tók við, en það var Sigurbjörn Einarsson, prófessor og síðar biskup. Þegar „hann byrjaði að tala og kenna,“ skrifar Jón, „var eins og hann stækkaði allur og fyllti út í rýmið uppi við töfluna. Þó var aðferðin sú sama og hjá hinum kennaranum, hann tók til við námsefnið þar sem hann

hafði verið staddur á vormisseri og hélt áfram eins og hann hefði brugðið sér rétt frá.³³

Hér kynntist Jón af eigin raun því kerfi sem notað hafði verið í Heimspekideild og Guðfræðideild frá stofnun Háskólans og tíðkaðist fram yfir 1970 (sbr. annan hluta bókarinnar). Samkvæmt lýsingu Aðalsteins Davíðssonar stud. mag. í Stúdentablaðinu var „Íslenskudeild ... eins og stór og hægeng hringekja, stúdentar setjast í eina skúffuna, svífa í hringi nokkra stund og stíga svo aftur úr, þegar þeir eru búnir að fá nægju sína“.³⁴ Steingrímur J. Þorsteinsson, prófessor í íslenskum bókmenntum, lýsir kerfinu frá sinni hlið í bréfi til Sigurðar Nordal um jólin 1954, en Sigurður starfaði þá sem sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn. „Ég er nú að ljúka við lærdómsöld,“ upplýsir Steingrímur, og „hef þá verið 3 misseri með hana og 2 misseri með miðöld, ætla mér svo 5 misseri í nýja tímanna, eða 5 ár ... til yfirferðarinnar allrar frá 1350“. Einar Ólafur Sveinsson prófessor, sem kenndi bókmenntasögu tímabilsins fyrir 1350, kvaðst, ef marka má Steingrím, „verða 6–7 ár með þessa 2. yfirferð sína fram til 1350, svo að einhver er nú munurinn á nákvæmninni hjá okkur“.³⁵ Engin kennslubók var lögð til grundvallar kennslunni í bókmenntasögunni, heldur var ætlast til að nemendur skrifuðu niður öll helstu atriði fyrirlestranna eftir prófessorunum, og fyrirlestrar gengu því gjarnan í nákvæmum uppskriftum manna á milli, og kom jafnvel fyrir að þeir væru fjölritaðir og seldir, kennurum til mikils ama.³⁶

Eins og gefur að skilja hrifust ekki allir af þessari kennsluáðferð enda þótti hún heldur staglsöm. Óánægjan fór vaxandi á sjötta áratugnum, a.m.k. meðal heimspekideildarnema, og varð nokkur ágreiningur á milli kennara og nemenda í deildinni af þeim sökum.³⁷ Rakti Steingrímur J. Þorsteinsson ólguna til blaðagreinar sem birtist í Þjóðviljanum haustið 1952, en þar var hart deilt á bókmenntasögukennsluna við Háskólann. Fólst kennslan, að sögn greinarhöfundar, „einkum ... í því að þylja svonefnda fyrirlestra fyrir nemendum – og flytja þá svo hægt að auðvelt sé að rita þá upp orðréttu eftir fyrirlesaranum“. Segir hann að sama aðferð hafi tíðkast í Íslandssögu og sætti það „stórri furðu ef hvorki lærisveinar né meistarar hafa komið auga á það hvílíkt daufdumbrahæli kennslustofan er gerð með þessari aðferð“. Hvatti greinarhöfundur til þess að gerð yrði skipulögð „uppreisn gegn slíkum háttum í háskóla“ ef ekki yrði úr bætt hið snarasta.³⁸ Sagði Steingrímur að kommúnistar í hópi nemenda deildarinnar hefðu tekið málið upp, og hefðu þeir eitrað útfrá

³³ Jón Bjarman, *Af fönfum og fjálsfum mönnum*, 86–87. – Bragi Guðmundsson, *Aðalbjörg og Sigurður*, 99.

³⁴ Aðalsteinn Davíðsson, „Nokkur orð um íslenskudeild“, 16.

³⁵ *Lbs.* 10 NF. Steingrímur J. Þorsteinsson til Sigurðar Nordal, júl 1954.

³⁶ Sbr. *Lbs.* 10 NF. Steingrímur J. Þorsteinsson til Sigurðar Nordal 20. feb. 1954.

³⁷ *Dms.* Þjóðháttadeild. Spurningalistar. Skrá 95. Stúdentalíf, nr. A, 13069.

³⁸ *Þjóðviljinn* 31. ágúst 1952, 3, 6. – Ekki tíðkuðu allir kennarar þessa fyrirlestraáðferð, sbr. Vésteinn Ólason, „Einar Ólafur Sveinsson“, 24.

sér til sammemenda sinna. Á milli væru auðvitað „einstakir ágætismenn, sem eru ‚immun‘ [ónæmir] fyrir eitrun af nöðruinnspýtingum“, skrifar hann, „annars væri hér óverandi. Áður voru hér allir vinir og félagar. Nú á víst helzt að vera opinbert stríð – eða baktjaldanag – nema hvortveggja sé.“³⁹ Önnur vinsæl kennsluáðferð við Háskólann voru svonefndar „yfirheyrslur“, en þær fólust í því að nemendur voru „teknir upp“ af kennurum og látnir svara spurningum úr námsefninu. Höfðu flestir kennarar þann sið að spyrja aðeins þá nemendur sem sátu á fremsta bekk kennslustofunnar, en þeir sem þar settust gáfu til kynna með því að þeir væru bæði lesnir í náms-efninu og reiðubúnir til að svara spurningum.⁴⁰ Vissulega ýtti þetta fyrirkomulag undir þátttöku nemenda í kennslustundum, en hún var þó tæpast mjög uppbyggileg eða óvænt.

Það skal tekið fram að þrátt fyrir nokkra gagnrýni fyrrverandi nemenda á kennsluhætti við Háskólann þá minnst þeir nær undan-tekningarlaust háskólaáranna og háskólakennaranna með hlýju. „Háskóli Íslands hefur alla tíð verið góð menntastofnun og hefur haft á að skipa mjög hæfum kennurum“ segir t.a.m. prestur einn sem stundaði nám í Guðfræðideild Háskólans seint á fjórða áratugnum og snemma á hinum fimmta. „Fjársvelti hefur alltaf staðið í vegi fyrir nægum framförum. Samt finnst mér skólinn hafa verið mikil lyftistöng allri menning í landinu. Stúdentsárin voru afar skemmtilegur tími sem skilur eftir góðar minningar. Námið reyndist mér vel í starfi og tel ég það hafa verið gott, en síðar hefur þó undirbúningur presta batnað til muna. Ég er þakklátur fyrir háskólaárin.“⁴¹ Fyrrverandi læknanemi, sem var við nám á svipuðum tíma, hefur sömu sögu að segja:

Ef lítið er með sanngirni á kennsluna í læknadeild á þessum tíma þá held ég að óhætt sé að fullyrða að hún hafi veitt okkur býsna staðgóða menntun, undirstöðu, sem hægt var að byggja ofan á. Besta staðfesting á þessu er sú að íslenskir læknar hafa hvarvetna verið gjaldgengir ef svo má að orði komast þar sem þeir hafa stundað framhaldsnám og störf en það er víðs vegar um Evrópu og Norður-Ameríku, bæði í Bandaríkjunum og Kanada, eins og kunnugt er.⁴²

Slík ummæli endurspeglar viðhorf fólks sem óx úr grasi á tímum þegar háskólanám var enn forréttindi, sem veitti að auki aðgang að

³⁹ *Lbs.* 10 NF. Steingrímur J. Þorsteinsson til Sigurðar Nordal 20. feb. 1954.

⁴⁰ *Pms.* Þjóðháttadeild. Spurningalistar. Skrá 95. Stúdentalíf, nr. A, 12933, 12934, 13023, 13037, 13039, 13045, 13060, 13061, 13069, 13070, 13072, 13074, 13079, 13088, 13097, 13159, 13262 og 13993.

⁴¹ *Pms.* Þjóðháttadeild. Spurningalistar. Skrá 95. Stúdentalíf, nr. A, 13061.

⁴² *Pms.* Þjóðháttadeild. Spurningalistar. Skrá 95. Stúdentalíf, nr. A, 13993.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.10 NEMENDUR 1940–61

Lítið orð fer af íþróttaiðkunum háskólastúdenta fyrstu áratuginna. Árið 1938 birtist þó í Stúdentablaði mynd af jakkafataklæddu handboltaliði skólans með verðlaunabikar. Myndin fylgir grein þar sem segir að handbolti sé sú íþrótt sem stúdentar hafi náð mestum árangri í „eftir afrekum þeirra í skólakeppninni í vor að dæma“.



takmörkuðum gæðum – þ.e. sæmilega launuðum og tryggum embættum. Á þessum árum var Háskólinn líka enn það smár að tengsl kennara og nemenda voru mun nánari en tíðkaðist í stærri háskólum í Evrópu og Ameríku. Fyrirverandi nemendur eru því þakklátir fyrir að hafa fengið að ganga menntaveginum sem mörgum félögum þeirra var lokaður og ánægðir með kennarana sem þekktu þá með nafni og þeir umgengust árum saman.

4. Heilbrigðar sálir og hraustir líkamar

Árið 1942 var sú nýbreytni tekin upp við Háskóla Íslands að nemendur voru skyldaðir „til að leggja stund á leikfimi og sund 4 fyrstu námsmisseri“, eins og sagði í reglugerð skólans sem staðfest var af Sveini Björnssyni ríkisstjóra á júlilok það ár.⁴³ Í reglugerðarákvæðinu, sem byggt var á háskólalögum frá árinu 1941,⁴⁴ var gert ráð fyrir að stúdentar sæktu a.m.k. 80 stundir í leikfimi og 40 stundir í sundi á fyrstu tveimur árum háskólanámsins, og að þeir hefðu að auki leyst ákveðnar prófraunir í sundi áður en þeir gengu til loka-prófa. Til að fylgja ákvæðinu eftir var hverjum stúdent gert, áður en hann sagði sig til embættisprófs, að „leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi samvirkusamlega tekið þátt í leikfimi og sundæfingum og lokið prófraun þeirri, sem getið var um“.⁴⁵

Alexander Jóhannesson var helsti hvatamaðurinn innan Háskólans að þessum reglum, en hann hafði strax haustið 1934 lagt til að

⁴³ Stjórnartíðindi 1942 A, 59–78.

⁴⁴ Stjórnartíðindi 1941 A, 114.

⁴⁵ Stjórnartíðindi 1942 A, 64.

nemendur yrðu krafðir „prófs í íþróttum, áður en hinir ungu menn fái leyfi til að ganga undir embættispróf“. Hlutverk Háskólans væri ekki aðeins, að hans mati, „að skerpa skilning stúdentanna“, heldur bæri skólanum einnig „að ala hina ungu menn upp samtímis líkamlega, gera þá hrausta og djarfa, svo að á þeim rætist hið fornkveðna mens sana in corpore sano“.⁴⁶ Málið virðist ekki hafa komist alvarlega á dagskrá fyrr en Háskólinn flutti í eigin húsakynni, enda var lítið svigrúm til slíkra nýjunga á meðan hann hokraði á neðri hæð Alþingishússins. Skömmu eftir vígslu háskólabyggingar skrifaði Alexander kennslumálaráðherra bréf þar sem hann hvatti til þess að íþróttaiðkun nemenda yrði aukin, enda væri „þjóðarnauðsyn, að væntanlegir embættismenn landsins fái eins gott uppeldi og kostur er á“.⁴⁷ Þetta sama haust lýsti hann hugmyndum sínum um íþróttaiðkun nemenda svo á háskólahátíð:

Íþróttakennsla þessi á eingöngu að miða að því að þjálfa samtímis líkama og sál á mikilsverðustu þroskaárum hinna ungu nemenda og skapa nýja kynslóð stúdenta, djarfhuga og þróttmikla með fullkomnu samræmi andlegra og líkamlegra hæfileika. Mun þá háttþrýði og snyrtimennska verða ráðandi í fari þeirra, og er þeir gerast embættismenn, munu þeir verða færari að gegna hinum vandasömum störfum, er þeirra bíða.⁴⁸

Íþróttir skyldu því mynda eins konar brú á milli hins líkamlega og andlega í uppeldi stúdentanna, og styrkja siðferðisvitund þeirra og bæta hegðunina. Það sem Alexander kallaði „sanna hljómlist“ gegndi svipuðu hlutverki, og beitti rektor sér fyrir því að hún yrði snar þáttur í lífi stúdentanna. Eftir flutninginn í háskólabygginguna stóð hann fyrir tónleikum í Háskólanum í því skyni „að auka þekking stúdenta á dásendarverkum sannrar hljómlistar“ og til að rækta með þeim „góðan“ smekk og skilning á fegurðinni, eins og hann sagði í háskólahátíðarræðu sinni haustið 1941. „Orðið fegurð merkir samstilling, samhæfing,“ sagði Alexander, „og þeir, sem drekka í sig anda sannrar hljómlistar og skilja eðli hennar, verða sannari menn og fullkomnari“. Honum var einnig mjög í mun að nemendur skynjuðu muninn á „sannri tónlist og villimannlegum garganstonum þeim, er nefndir eru ‚jazz‘ og banna ætti í hverju siðuðu þjóðfélagi“.⁴⁹ Hér vísar Alexander til þeirra menningaráhrifa sem fylgdu Bandaríkjaher á Íslandi, en hann hafði leyst breska setuliðið að mestu af

⁴⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1934–35, 5.

⁴⁷ *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/665, ör. 3. Db. 15, nr. 952. Háskóli Íslands. Alexander Jóhannesson til kennslumálaráðherra 23. júlí 1940.

⁴⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1940–41, 6.

⁴⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1941–42, 12.

hólmi sumarið 1941. Hann var ekki einn um þessar áhyggjur af siðspillandi áhrifum framandi menningar á stúdenta, a.m.k. ef marka má grein eftir Gylfa Þ. Gíslason dósent sem birtist í Stúdentablaðinu árið 1942. Með bandaríska hernum barst hingað „negratónlist sú, sem nefnd hefur verið jazz“, skrifar Gylfi, „ljót tónlist og heimskandi, og hefur því miður haft mikil og ill áhrif á t.d. reykvískan æskulýð, smekk hans og jafnvel framkomu“. Tók Gylfi dæmi af því að ungar reykvískar stúlkur gengju „með festar um fótleggina eins og negrakonur í Afríku“ og á dansleikjum mætti „sjá ungt fólk aka sér í dansinum á hinn fáránlegasta hátt og viðhafa ýmsar fettur og brettur og jafnvel reka upp ámátleg óp, ... allt er þetta ömurlega heimskandi og þjóðlegri menningu Íslendinga hættulegt“.⁵⁰ Samkvæmt þessu vann djassinn gegn siðstyrkjandi áhrifum íþróttta og „sannrar tónlistar“, því að hann vandi æskulýðinn á „spillingu og taumleysi“. Með því að stunda íþróttir og hlusta á klassíska tónlist tamdi ungt fólk sér aga, samstillingu og háttþrýði, sem aftur stuðlaði að því að skapa vel siðaða embættismannastétt á Íslandi. Því bar Háskólanum að halda hvoru tveggja að stúdentum sínum.

Þótt íþróttaskylda hafi verið bundin í reglugerð árið 1942 var engin aðstaða fyrir hendi til íþróttaiðkana á háskólasvæðinu. Fór kennslan í fyrstu að mestu fram í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar við Lindargötu, en nemendum þótti húsið alltof langt frá Háskólanum. Kvörtuðu þeir sáran yfir ástandinu í bréfi til háskólaráðs árið 1944; nemendur væru „íþróttaskyldir og liggja við þung víti, ef undan er skorast, styrkmissir og synjun um próf“, en „erfitt [væri] um vik fyrir stúdenta, sem margir búa nú á Garði, að hlaupa bæinn á enda til uppfyllingar þessari skyldu, jafn sjálfsögð og hún er við haganlegri kringumstæður“. Vildu þeir því að íþróttahús yrði byggt hið snarasta á háskólalóðinni.⁵¹ Undirbúningur að byggingu hússins var þá reyndar löngu hafinn, þótt enn liði nokkur tími þar til það risi.

Í febrúar 1941 kynnti Alexander rektor fyrstu hugmyndir sínar um íþróttahús Háskólans fyrir háskólaráði, og voru áætlanir hans mjög glæstar. Hann lagði til „að reist yrði á háskólalóðinni íþróttahöll, þar sem fram færi leikfimi stúdenta og þar sem hægt væri að iðka tennis, badminton, handknattleik, glímu og hnefaleika, og að æskilegt væri, að kappleikir gætu farið fram þar og þyrfti því að vera ríflegt rúm fyrir áhorfendur (t.d. 2000)“.⁵² Metnaður rektorsins var greinilega mikill, því að húsið hefði orðið langstærsta samkomuhús landsins hefði

⁵⁰ Gylfi Þ. Gíslason, „Forheimskun og hvernd“, 4–6.

⁵¹ *Þskjs.* HÍ. BA2:19. Stúdentaráð til háskólaráðs 2. feb. 1944.

⁵² *HÍ.* Gjörðabók háskólaráðs III. 28. feb. 1941.



Íþróttahús Háskóla Íslands. Jónasi Jónssyni þótti húsið ekki sambodíð Háskólanum eins og Gísli Halldórsson teiknaði það. Mun mega lesa einhvers staðar eftir Jónas að byggt hafi verið íþróttahús með braggabaki og eftir það hafi borið svo við að stúdentar hættu að fást til að stunda líkamsrækt.

það risið. Fór rektor þess á leit við Guðjón Samúelsson að hann teiknaði höllina,⁵³ en ekkert varð af því. Þá voru arkitektarnir Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson fengnir til verksins, og var hönnunin aðallega á könnu hins fyrrnefnda.⁵⁴ Fyrstu teikningar Gísla voru tilbúnar sumarið 1944, og fylgdu þær upphaflegum hugmyndum Alexanders Jóhannessonar um íþróttahöll. Lagði Gísli til að húsið yrði með tveimur sölum, og tæki hinn stærri 1.500 manns í sæti í áhorfendastúkum. Þann sal átti að leigja út til ýmiss konar íþróttastarfsemi og hljómleika, sem myndu afla Háskólanum tekna til að reka húsið, en hinn minni átti einungis að nota fyrir starfsemi Háskólans. Háskólaráð virðist hafa tekið heldur dræmt í þessar tillögur og ákvað að byggja leikfímishús eingöngu.⁵⁵ Íþróttahöllin var því aldrei byggð, heldur var reist mun smærra íþróttahús sunnan við háskólabýgginguna á árunum 1945–49. Það var tekið í notkun vorið 1948⁵⁶ og þjónar enn sem íþróttahús Háskólans.

Í upphafi virðast nemendur hafa verið sáttir við íþróttaskylduna, a.m.k. mælti formaður Stúdentaráðs eindregið með henni sumarið 1940.⁵⁷ Eftir að skyldan var lögfest virðist áhuginn þó hafa dvínað hratt, enda þótti mörgum háskólaborgaranum „spríkl með bolta eða áhöld fimleikasala lítt fallin til að auka veg manna í háskólanámi“, svo vitnað sé í svar fyrrverandi verkfræðinema við spurningakönnun Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns.⁵⁸ Vildi það því brenna við að nemendur „létu undandragast að sækja leikfímítímana“, eins og segir í

⁵³ Þskjs. HÍ. BA2:19. Rektor til Guðjóns Samúelssonar 23. sept. 1941.

⁵⁴ Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 151–56.

⁵⁵ HÍ. Gjörðabók háskólaráðs III. 10. mars 1944.

⁵⁶ Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 156–62. – Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 89.

⁵⁷ Þskjs. HÍ. BA 2:18. Skýrsla Hannesar Þórarinssonar, formanns Stúdentaráðs HÍ, dags. 23. júlí 1940.

⁵⁸ Þms. Þjóðháttadeild. Spurningalistar. Skrá 95. Stúdentalf, nr. A, 13076 (í HÍ 1948–51).

ævisögu Birgis Snæbjörnssonar sem nam guðfræði við Háskólann á árunum 1949–53. „Fór oft svo að menn urðu að mæta nokkra tíma á dag undir lok námstímans til þess að fylla kvótann. Kennaranum var nóg boðið þegar einn ágætur guðfræðinemi kom töltandi í sjöunda tímamann sama daginn.“⁵⁹ Dræm mæting í íþróttirnar fór ekki framhjá háskólayfirvöldum, og því létu þau gera könnun á íþróttaiðkun stúdenta fyrsta haustið sem kennslan fór fram í nýju íþróttahúsi Háskólans. Kom þá í ljós að engir fyrsta og annars árs nemar Guðfræðideildar og Heimspekideildar sóttu leikfimitíma, og ástandið var litlu skárri í Lagadeild.⁶⁰ Var könnunin kynnt í háskólaráði í byrjun árs 1949, og lýstu ráðsmenn „yfir óánægju sinni yfir því, hve slæga stúdentar á 1. námsári hafa stundað skylduþróttir“. Ákváðu þeir þá að beita „á næsta vori ákvæðum reglugerðarinnar við þá 1. árs stúdentar, sem þá hyggjast taka próf í námsgreinum, sem taldar eru með í einkunnum við fullnaðarpróf“.⁶¹ Í samræmi við ályktunina var ákveðið árið eftir að svipta fimm stúdenta styrkjum vegna slægrar mætingar í leikfimi.⁶²

Tilraunir til að skerpa á íþróttaskyldunni vöktu lítinn fögnuð hjá meirihluta stúdenta. Almennur fundur þeirra, haldinn vorið 1951, mótmælti íþróttakvöðum, sem fundarmönnum þótti hvergi samræmast „hinum akademiska frelsisanda“ Háskólans. Líkamsrækt væri heldur ekki verkefni háskóla og ótækt væri að framkvæma hana með hörku. „Með óvæginni framkvæmd greinarinnar hefur stúdentum verið bægt frá prófum“, segir í ályktun stúdentafundarins, „og aðrir hafa verið þvingaðir til að sækja fjölda fimleikaæfinga í prófflestrartíma sínum. Oft er þó ljóst, að menn geta með engu móti uppfyllt íþróttaskylduna með venjulegum hætti vegna nauðsynlegrar atvinnu, heimilisástæðna eða annarra fullkomlega frambærilegra ástæðna.“⁶³ Ekki náðu stúdentar eyrum landstjórnarinnar, a.m.k. ef marka má athugasemd sem Björn Ólafsson menntamálaráðherra skrifaði á bréf þeirra með eigin hendi: „Ég mun ekki fella umrædda reglugerðargrein úr gildi.“⁶⁴ Reyndar virðist einhver efi hafa læðst að ráðuneytismönnum, því að Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi á fræðsluskrifstofu, var fenginn til að kanna hvernig íþróttakennslu væri háttað í háskólum nágrannalandanna. Niðurstaða hans var sú að af þeim löndum sem honum höfðu borist upplýsingar frá voru íþróttir hvergi skylda nema í Bandaríkjunum.⁶⁵

Mótmælin gegn íþróttaskyldunni héldu áfram, og árið 1953 lýsti yfirgnæfandi meirihluti stúdenta yfir andstöðu sinni við hana í

⁵⁹ Birgir Snæbjörnsson, *Því ekki að brosa*, 34–35.

⁶⁰ *Stúdentablað* 1. des. 1948, 29.

⁶¹ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs III. 14. jan. 1949.

⁶² *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs III. 7. feb. 1950.

⁶³ *Dskjs*. HÍ. BA2:6. Stúdentaráð HÍ til háskólaráðs 6. apríl 1951.

⁶⁴ *Dskjs*. Mmm. 1989-B/403 Háskóli Íslands almennt, apríl 1951 – maí 1953. IX. Hreggviður Stefánsson, ritari Stúdentaráðs HÍ til Menntamálaráðherra, apríl 1951; sbr. Menntamálaráðuneyti til Stúdentaráðs HÍ 8. apríl 1951.

⁶⁵ *Dskjs*. Mmm. 1989-B/403 Háskóli Íslands almennt, apríl 1951 – maí 1953. IX. Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi til Menntamálaráðuneytis 1. feb. 1952.

almennri atkvæðagreiðslu á vegum Stúdentaráðs. Við það gáfust háskólayfirvöld upp á að tyfta stúdenta til íþróttaiðkana, og féllu reglurnar þá úr gildi í raun. Með háskólalögum árið 1957 og reglugerð árið eftir var skyldan formlega aflögð, og hefur síðan ekki verið reynt að neyða stúdenta til að stunda líkamsæfingar. Það þýðir þó ekki að íþróttaiðkun þeirra hafi lagst af, því að notkun Íþróttahússins fór frekar vaxandi undir lok sjöunda áratugarins en hitt þrátt fyrir – eða kannski einmitt vegna þess – að íþróttaskyldan var ekki lengur við lýði.⁶⁶ Fjölmargir stúdentar þá, eins og allar götur síðan, tóku því undir þá skoðun Alexanders Jóhannessonar að líkamleg hreysti stuðlaði að heilbrigði sálarinnar, sem þýddi þó ekki að þeir sættu sig við að vera neyddir til líkamsmennta.

⁶⁶ *Þskjs.* Mmrn. 1989-B/407 Háskóli Íslands almennt, jan. 1960 – des. 1960. XV Þorkell Jóhannesson rektor til Menntamálaráðuneytis 30. apríl 1960.

11. Rekstur og stjórnslá Háskóla Íslands 1911–61

1. Fjárveitingar og sjóðir Háskóla Íslands


Haustið 1931 tók Ólafur Lárússon við rektorsembætti í annað sinn, og gerði hann fjárveitingar til Háskólans að umtalsefni í ræðu rektors á setningarathöfn skólans. Fyrstu tvö árin sem skólans var getið í fjárlögum (þ.e. fyrir árin 1912 og 1913) höfðu á milli þrjú og fjögur prósent af tekjum ríkisins runnið til skólans, sagði hann, en frá þeim tíma hafði mjög hallað á Háskólann. Var svo komið þetta haust að á fjárlögum ársins 1932 hafði hlutfall skólans af tekjum ríkisins fallið í 1,36%, sem þýddi að hlutfallslegar fjárveitingar til skólans voru komnar í rétt liðlegan þriðjung af því sem þær höfðu verið við stofnun hans. Fjárveitingar taldar í krónum höfðu vissulega þrefaldast á þessum tveimur áratugum, en á meðan höfðu tekjur ríkisins áttfaldast – enda hafði verðbólga verið mikil á fyrri hluta þessa tímabils. Háskólinn hafði því hvergi nærri haldið í við vöxt ríkisins, og reyndar taldist Ólafi til að fjárveitingin hefði staðið nokkurn veginn í stað að raungildi á þessum 20 árum, þótt nemandafjöldinn hefði meira en þrefaldast. Afleiðingin var sú, fannst Ólafi, að Háskólinn hafði ekki tekið þeim þroska sem hann hefði þurft, og engar hinna fjölmörgu tillagna sem fram höfðu komið um „aukningu Háskólans, bæði frá kennurum Háskólans og mönnum utan hans, tillögur sem hafa verið nytsamlegar og eftirtektarverðar“, höfðu komist til framkvæmda. „Hingað til hafa þær allar strandað á sama skerinu“, sagði rektor að lokum; „fjárveitingavaldið hefir eigi viljað veita það fé, er þurft hefir til að koma þeim í framkvæmd.“¹

Ef við notum hlut Háskólans í heildarútgjöldum íslenska ríkisins, eins og þau voru áætluð í fjárlögum hvers árs, sem mælikvarða á þróun fjárveitinga til skólans sést að gagnrýni Ólafs Lárússonar var ekki úr lausu lofti gripin. Fyrstu starfsár Háskóla Íslands voru fjárveitingar til stofnunarinnar ávallt yfir 3% af útgjöldum íslenska ríkisins, og var það veruleg hækkun frá því sem embættismanna-skólarnir þrír höfðu kostað fyrir sameiningu þeirra í Háskóla Íslands. Útgjöldin jukust úr 33.640 krónum fyrir skólana þrjá árið 1910 í 57.570 þúsund krónur fyrir Háskólann árið 1912.² Stafaði kostn-

¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1931–32, 4–7.

² *Landsreikningurinn* 1910, 51–52; 1912, 49.

Myndrit I.13 Fjárveitingar á hvern nemanda við Háskóla Íslands á föstu verðlagi 1912–61




Heimildir: *Landsreikningurinn 1912–34.* – *Ríkisreikningurinn 1935–61.* – *Hagskinna*, 638.

Við umreikning verðlags er miðað við vísitölu neysliverðs án húsnæðis, en hún var stillt á 100 í júlí 1914. Upphæð fjárveitinga til Háskólans er miðuð við útgjöld til skólans samkvæmt lands- og ríkisreikningum. Fjárveitingar til Atvinnudeildar Háskólans og Tilraunastöðvarinnar á Keldum eru ekki inni í þessum tölum.

aðraukinn bæði af fjölgun kennara og verulegri hækkun launa. Í verðbólgu fyrri heimsstyrjaldar seig hlutfall fjárveitinga til Háskólans af útgjöldum ríkisins aftur á móti hratt. Var það komið niður í 2,8% í stríðslok og í um 1,4% í byrjun fjórða áratugarins, eins og Ólafur benti á. Þessi þróun hélst nokkurn veginn óslitið til loka tímabilsins sem hér um ræðir; hlutfallið var um 1% í byrjun síðari heimsstyrjaldar, 0,6% í byrjun sjötta áratugarins, og fjárveitingar til Háskólans voru komnar niður í um hálf prósenta af útgjöldum íslenska ríkisins samkvæmt fjárlögum á hálfri aldar afmæli skólans árið 1961.³

Að hluta til skýrist þessi þróun af nokkuð örum vexti íslenska ríkisins fremur en af lægri fjárveitingum til Háskóla Íslands. Á 20. öldinni tók hið opinbera á sig sífellt fleiri skyldur, ekki síst í félags- og heilbrigðismálum, sem drógu sjálfkrafa úr hlutfallslegu vægi þeirra verkefna sem landssjóður hafði þegar á sinni könnu á fyrstu

³ Þessir reikningar eru byggðir á fjárlögum, sbr. *Sjórnartíðindi* 1911–61 A.



Þorkell Jóhannesson rektor 1954–60. Teikningin er eftir Tryggva Magnússon og birtist í Stúdentablaði árið 1928, þegar Þorkell var formaður stúdentagardsnefndar.

árum aldarinnar. Útgjöld Háskólans á hvern nemanda, umreiknuð yfir á fast verðlag,⁴ eru því hlutlægar mælikvarði á framlög ríkisins til skólans en hlutfall hans af heildarútgjöldum eða tekjum ríkissjóðs. Það skal tekið fram að slíkur samanburður er ekki hafinn yfir gagnrýni, því að útgjaldaliðir Háskólans, eins og þeir voru skilgreindir í lands- og ríkisreikningum, breyttust talsvert í tímans rás. Kostnaður Háskólans af hita, rafmagni og ræstingu jókst t.a.m. verulega við flutninginn í Háskólabýgginguna árið 1940, og allt fram á sjötta áratuginn voru náms- og húsnæðisstyrkir stúdenta við skólann færðir á reikning Háskóla Íslands, en þessi liður var felldur úr útgjöldum Háskólans árið 1953 og settur undir Lánasjóð stúdenta. Hvorug þessara breytinga skipti þó verulegu máli fyrir heildar-reikninginn.

Að þessum fyrirvörum gefnum er óhætt að fullyrða að fjárveitingar á hvern nemanda Háskólans lækkuðu verulega á fyrstu hálfu öldinni í sögu skólans, þótt þróunin hafi verið mjög sveiflukennð allan tímann. Að frátöldum tvennum heimsstyrjaldarárum má í grófum dráttum skipta fyrstu hálfu öldinni í sögu skólans í þrjú skeið, þ.e. árin fyrir fyrri heimsstyrjöld, árin á milli styrjaldanna og sjötta áratuginn. Á fyrsta skeiðinu voru fjárveitingar á hvern nemanda mjög háar, eða yfir þúsund krónur á verðlagi ársins 1914. Greinilega var vel búið að skólanum í upphafi eins og Ólafur Lárússon benti á, en á móti því kemur að óeðlilega fáir nemendur komu á hvern fastan kennara á þessum árum, eða aðeins um fjórir til sex. Á öðru tímabilinu, eða frá 1920 til upphafs síðari heimsstyrjaldar, hafði upphæðin lækkað um nær helming og sveiflaðist á milli 400 og 600 króna á hvern nemanda skólans á ári. Á síðasta tímabilinu, sem spannaði allan sjötta áratuginn, hafði enn hallað á ógæfuhliðina, því að þá náðu útgjöldin – reiknuð á verðlagi ársins 1914 – aldrei 400 krónum á nemanda. Árin á milli skeiðanna þriggja einkennast af miklum sveiflum, sem endurspegluðu ótryggt efnahagsástand í landinu og þá ekki síst tímabundna óðaverðbólgu. Þannig lækkuðu útgjöldin, reiknuð á föstu verðlagi, hratt í verðbólgu fyrri heimsstyrjaldar, enda stóðu laun háskólakennara í stað öll stríðsárin. Þetta var lagað að hluta til með nýjum launalögum árið 1919, og þrefaldaðist launakostnaður Háskólans í krónum talinn því á milli árunna 1919 og 1920 (úr 41 þúsund krónum í tæp 127 þúsund).⁵ Hlutfallsleg lækkun útgjalda á hvern nemanda á árum síðari heimsstyrjaldar skýrist aftur á móti að mestu af fjölgun stúdenta á sama tíma og

⁴ *Hagskinna*, 638–39. – Guðmundi Jónssyni prófessor er þakkað fyrir að benda á þessa reikningsaðferð.

⁵ *Landsreikningurinn* 1919, 33; 1920, 35.

fjöldi kennara stóð í stað. Við þessu var brugðist undir lok styrjaldarinnar með fjölgun fastra kennara, og hækkuðu útgjöldin því verulega að raungildi um stund. Þessi hækking gekk öll til baka í byrjun sjötta áratugarins með aukinni verðbólgu og öðrum erfiðleikum í íslensku efnahagslífi. Óstöðugt efnahagslíf setti því mark sitt á fjárhag Háskólans á þessum tíma eins og endranær.

Útgjöld Háskóla Íslands samkvæmt lands- og ríkisreikningum segja ekki alla söguna af fjárhagslegri stöðu stofnunarinnar, því að Háskólinn hafði úr ýmsum öðrum tekjum að spila en fjárveitingum úr ríkissjóði. Happprætti Háskólans var honum t.a.m. mikil lyftistöng eftir að það var stofnað á fjórða áratugnum, en þar sem tekjur þess runnu að mestu til útgjalda sem ríkið hafði aldrei lagt fé til – þ.e. fjárfestinga í húsnæði Háskólans – þá breyta þær ekki þeirri mynd sem dregin er upp í myndriti I.13. Sáttmálasjóður Háskóla Íslands var einnig góð búbot fyrir skólann, ekki síst vegna þess að hann – líkt og Happprættið – var á forræði Háskólans og aðeins óbeint háður afskiptum stjórnvalda. Sjóðurinn varð til á grundvelli sambandslagasáttmála Íslendinga og Dana sem gerður var árið 1918, en samkvæmt honum greiddi ríkissjóður Danmerkur tvær milljónir króna sem skiptust á tvo sjóði sem nota átti til „að efla andlegt samband milli Danmerkur og Íslands, styðja íslenskar vísindarannsóknir og aðra vísindastarfsemi og styrkja íslenska námsmenn“, eins og sagði í sambandslögnum. Var fjárveitingin að einhverju leyti hugsuð sem sárabót til Íslendinga vegna niðurfellingar garðstyrks til íslenskra háskólanema í Kaupmannahöfn, en styrkurinn féll niður með fullveldinu eins og áður hefur komið fram. Einnig má líta á milljónirnar tvær sem eins konar heimanmund til Íslendinga við stofnun fullvalda þjóðríkis – þótt danska samninganefndin hefði tæplega skrifað undir þá skoðun Íslendinga að greiðslan hafi falið í sér viðurkenningu á kröfum og rökum Jóns Sigurðssonar í fjárhagsmálinu.⁶ Samkvæmt sambandslögnum skiptist fjárhæðin í tvo jafna hluta, og myndaði annar þeirra sjóð í vörslu háskólans í Kaupmannahöfn, en hinn hlutinn var lagður til Háskóla Íslands.⁷ Báðir sjóðirnir starfa enn og kallast hinn íslenski eins og áður Sáttmálasjóður og er enn hluti af sjóðakerfi Háskóla Íslands, en danski sjóðurinn, *Dansk-Islandsk fond*, fellur nú undir Norræna menningarsjóðinn (*Nordisk kulturfond*) í Kaupmannahöfn.⁸

Stofnskrá Sáttmálasjóðs var samþykkt af konungi í lok júní 1919.⁹ Var þar kveðið á um, í samræmi við sambandslögin, að sjóðurinn

⁶ Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 246.

⁷ *Stjórnartíðindi* 1918 A, 77.

⁸ Sjá heimasíður sjóðanna: *Vef. Sáttmálasjóður og Vef. Dansk-Islandsk fond*. – *Stúd-entablað* 30. maí 1929, 45–47.

⁹ *Stjórnartíðindi* 1919 A, 23–24.

skyldi „efla andlegt samband Danmerkur og Íslands“, m.a. með útgáfu vísindarita og styrkjum til stúdenta og fyrirlesara, „styðja og styrkja íslenska vísindastarfsemi“ og „styrkja íslenska námsmenn“. Sjóðurinn var ávaxtaður þannig að íslenska ríkið tók milljónina að láni til 20 ára, samkvæmt samkomulagi við Háskólann, og greiddi 5% af láninu í ársvexti.¹⁰ Fyrsta starfsár sjóðsins (1919) voru vaxtatekjur hans 51 þúsund krónur, og var úthlutað rúmum 40 þúsund krónum af þeim til ýmissa verkefna. Fimmtungur vaxtateknanna var notaður til að auka við höfuðstól sjóðsins, samkvæmt stofnskrá hans, sem þýðir að hann óx um nálægt 1% að nafnvirði árlega. Þetta ár voru fjárveitingar til Háskólans á fjárlögum sléttar 78 þúsund krónur,¹¹ þannig að hér var um verulegan feng að ræða fyrir stofnunina og starfsmenn hennar.

Ekki er að sjá að forsvarsmenn hins íslenska Sáttmálasjóðs hafi tekið ákvæði stofnskrárinnar um að sjóðnum bæri að efla andlegt samband Danmerkur og Íslands alltof hátíðlega, því að í raun varð sjóðurinn fyrst og fremst almennur bakhjarl fyrir íslensk vísindi, menningu og menntun – og þá ekki síst á sviðum sem tengdust starfsemi Háskóla Íslands. Tæpur helmingur fyrstu úthlutunar rann til „að styðja ísl[enska] vísindastarfsemi og söfn og rannsóknastofur“, eins og segir í yfirliti yfir rekstur sjóðsins, en lægri upphæðum var varið til útgáfu kennslubóka, bókakaupa fyrir Háskóla Íslands, auk styrkja til utanfara háskólakennara og til læknakandídata frá Háskóla Íslands sem hugðu á framhaldsnám erlendis.¹² Svipað mynstur hélst í úthlutunum sjóðsins næstu áratugin.

Samkvæmt þriðju grein stofnskrár Sáttmálasjóðs fór háskólaráð með stjórn sjóðsins, og var hann því alfarið undir valdi Háskólans. Ríkið reyndi þó ítrekað að koma útgjöldum sínum yfir á sjóðinn með því að „hvetja“ hann til að taka að sér verkefni sem áður höfðu verið á könnu hins opinbera. Strax við stofnun sjóðsins velti ríkið þannig nokkrum útgjaldaliðum á hann, svo sem utanfararstyrkjum til háskólakennara og læknakandídata, gjöldum vegna bókakaupa fyrir Háskólann og kostnaði við útgáfu kennslubóka Háskólans.¹³ Alþingi gerði fleiri tilraunir til að bæta útgjöldum á sjóðinn. Eitt dæmi um það er þegar fjárveiting til námsstyrkja stúdenta við Háskólann var lækkuð um tæplega helming á fjárlögum ársins 1925 með því fororði að „ætlast [væri] til, að veitt verði úr Sáttmálasjóði í þessu skyni 12500 kr.“¹⁴ Háskólaráð aftók með öllu að verða við þessari beiðni, og varð ríkissjóður því að lokum að punga út með 9.000 króna aukafjárveitingu til þessara styrkja.¹⁵

¹⁰ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs I. 4. jan. 1919.


¹¹ *Stjórnartíðindi* 1917 A, 176–77.

¹² *Árbók Háskóla Íslands* 1919–20, 52.

¹³ Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 247–48.

¹⁴ *Stjórnartíðindi* 1924 A, 111.

¹⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1924–25, 36–37.



Próf við Háskóla Íslands 1960

Embættispróf í læknafræði:
Í janúar 1960: Bogi Melsted, Einar Baldvinsson, Guðmundur Georgsson, Jón Jóhannesson, Jónas Oddsson, Kjartan Kjartansson.

Embættispróf í lögfræði:
Í janúar 1960: Benedikt Blöndal, Hjörtur Torfason, Jóhann Nielsón, Pórkell Gíslason.

Embættispróf í guðfræði:
Í janúar 1960: Ingiberg Hannesson.
Í maí og júní 1960: Jón Hnefill Aðalsteinsson, Þórarinn Þórarinnsson.

Embættispróf í lögfræði:
Í janúar 1960: Benedikt Blöndal, Hjörtur Torfason, Jóhann Nielsón, Pórkell Gíslason.

Embættispróf í lögfræði:
Í janúar 1960: Grétar Haraldsson, Helgi V. Jónsson, Jóhann J. Ragnarsson, Ólafur G. Einarsson, Ólafur Stefánsson, Vilhjálmur Þórhalsson.

Kandidatspróf í vískafræðum:
Í janúar 1960: Sigurpáll Vilhjálmsson.
Í maí og júní 1960: Ásgeir Ingólfsson, Einar H. Kristjánsson, Haukur Helgason, Lárus Jónsson, Sigurður Tómasson, Torben Frederiksen, Þórhallur Helgason.

Fyrsta hl. próf í lyftifræði lýsala:
Í maí og júní 1960: Halldór Magnússon, Sigrún Gísladóttir.

Meistarapróf í íslenskum fræðum:
Í maí og júní 1960: Jón Marínó Samsonarson.

Kandidatspróf í íslenskum fræðum:
Í maí og júní 1960: Ingólfur Pálmarsson.

B.-A. próf:
Í janúar 1960: Haukur Melax, Hörður Lárusson, Ólaf Benediktssóttir.
Í maí og júní 1960: Hans Christensen, Ragna Ragnars, Svanur Pálsson.

Próf í íslensku fyrir erl. stúdenta:
Í janúar 1960: Kaari A. Saanila.
Í maí og júní 1960: Michael Krauss.

Kandidatspróf í tannlækningum:
Í janúar 1960: Guðjón Axelsson, Hörður Saxvaldsson, Sigurður Jónsson.

Fyrsta hluta próf í verkfræði:
Í júní 1960: Ásgeir Sigurðsson, Bjarni Dórkarson, Finnur Jónsson, Heiðar Þór Hallgrímsson, Jón D. Þorsteinsson, Njörður Tryggvason, Sigurjón Helgason, Vífill Oddsson, Þór Benediktsson, Þórður Þorbjarnarson, Þorvaldur Þásson.

STÚDENTABLAÐ

51

Árið 1960 var Háskólinn enn svo smár í sniðum að nöfnum þeirra sem útskrifuðust mátti koma fyrir á einni blaðsíðu í Stúdentablaði, og hafa þó rúm fyrir hina nauðsynlegu táknmynd af kandidát hverrar deildar.

Þegar til kom var það verðbólguþráðurinn fremur en ásælni ríkissjóðs sem dró máttinn úr Sáttmálasjóði. Þetta varð æ ljósara eftir því sem nær dró síðari heimsstyrjöld, því að aukning á höfuðstól sjóðsins dugði alls ekki til að vinna á móti hækkun verðlags á síðari helmingi fjórða áratugarins. Skipaði háskólaráð því nefnd í september 1939 til að kanna leiðir til að afla sjóðnum nýrra tekna. Henni varð helst starsýnt á rekstur kvikmyndahúss, enda virtist þar vera um nokkra gróðavon að ræða. Fyrsta atlagan var gerð haustið 1939 þegar Háskólinn reyndi að kaupa rekstur Gamla bíós sem þá var falur, en það mistókst.¹⁶ Eftir að ófriðurinn hófst fyrir alvöru fór allt verðlag úr böndum, og vandi Sáttmálasjóðs varð þar með enn augljósari en áður. Keypti Háskólinn því húseign að Austurstræti 5 í ársbyrjun 1941 með það fyrir augum að byggja nýtt kvikmyndahús á lóðinni. Stóðu háskólayfirvöld fyrir samkeppni um hönnun hússins, en ekkert varð úr byggingaráformunum, að sögn háskólayfirvalda

¹⁶ HÍ. Gjörðabók háskólaráðs II. 4. okt. 1939.

vegna skorts á byggingarefni og hraðvaxandi dýrtíðar í landinu.¹⁷ Tók sjóðurinn þess í stað gamalt íshús á leigu við Tjarnargötu og breytti því í kvikmyndahús.¹⁸ Hlaut húsið nafnið Tjarnarbíó og var opnað fyrir gestum í ágúst 1942.¹⁹ Að eigin sögn þá ætlaði rekstrarnefnd bíósins að leggja sérstaka áherslu á fréttamyndir og góðar fræðslumyndir, og tók blaðamaður Þjóðviljans því fagnandi. Væri „þess sannarlega þörf að bíógestir fái tækifæri til þess að horfa á eitthvað annað en Hollywood-daður“.²⁰

Ekki voru allir jafnhrífir af hugmyndum Háskólans um bíórekstur. Ráðagerðir skólans báru „óneitanlega nokkurn keim af fjáröflunarsótt þeirri, sem kviknað hefir með ófriðnum og geisar nú víða“, skrifaði t.a.m. einn greinarhöfundur í dagblaðið *Vísir*, og fannst honum ótækt að opinber stofnun eins og Háskóli Íslands stæði í atvinnurekstri í samkeppni við einkaaðila.²¹ Hermann Jónasson kennslumála- og forsætisráðherra var svipaðs sinnis, en hann mælti eindregið gegn því að skólinn keypti húseignina í Austurstræti. Ráðamenn skólans hefðu engar heimildir „til þess að leggja fé háskólans í atvinnurekstur“, skrifaði ráðherra, „og til að leggja það í áhættu með því að gera vafasöm fasteignakaup“. Andstaða ráðherrans við húskaupin virðist að hluta til hafa stafað af því að Háskólinn keppti við aðra opinbera stofnun, Búnaðarbankann, um eignina í Austurstræti, en bankinn hafði augastað á sömu lóð undir höfuðstöðvar sínar. „Háskólinn á, eins og aðrar ríkisstofnanir“, skrifaði Hermann, „að fá rekstrarfé sitt úr ríkissjóði með einum eða öðrum hætti, en ekki að afla þess með þeirri tegund viðskipta, sem hann hyggst stofna til“.²²

Gagnrýnendur Háskólans höfðu talsvert til síns máls. Skólinn hafði ekki forsendur til að standa í umfangsmiklum atvinnurekstri, og var umstangi við bíóið einfaldlega bætt ofan á aðrar skyldur starfsmanna skólans. Pétur Sigurðsson háskólaritari stýrði þannig Tjarnarbíói í hjáverkum fyrstu árin, og Níels Dungal prófessor, sem sat í rekstrarnefnd þess, notaði hluta af tíma sínum í rannsóknarleyfi í Bandaríkjunum vorið 1944 til að afla kvikmynda fyrir bíóið. Í bréfi sem hann skrifaði Alexander Jóhannessyni í apríl 1944 segir hann starfsbróður sínum frá því að hann hafi tryggt Tjarnarbíói sýningarréttinn á um 20 myndum – og nefnir þar sérstaklega myndirnar „Lucky Legs“, „What’s Buzzin’ Cousin“ og „Appointment in Berlin“, sem allar flokkuðust sjálfsagt til „Hollywood-daðurs“. Tók Níels fram um leið að fulltrúi Columbia-kvikmyndaversins, sem

¹⁷ *Þskjs.* HÍ. BA 2:20. Alexander Jóhannesson til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis 24. mars 1941. – *Þskjs.* Mmrn. 1989-B/399 Háskóli Íslands almennt, júní 1942 – ágúst 1943. I. Jón Hj. Sigurðsson til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis 6. des. 1943. – Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 141–45.

¹⁸ *Morgunblaðið* 19. sept. 1941, 3.

¹⁹ Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 146–47.

²⁰ *Þjóðviljinn* 8. ágúst 1942, 4.

²¹ *Vísir* 15. feb. 1941, 3.

²² *Þskjs.* Mmrn. 1989-B/399 Háskóli Íslands almennt, júní 1942 – ágúst 1943. I. Hermann Jónasson til háskóla- rektors 11. maí 1942.

hann hafði átt viðskiptin við, hafi tjáð sér að Nýja bíó ætli „sér að drepa okkur“.²³ Í ljósi þess að rekstrarfé skólans var ávallt skorið við nögl og Sáttmálasjóður rýrnaði stöðugt í verðbólgunni áttu háskólayfirvöld ekki margra kosta vö. Bíóreksturinn heppnaðist líka ágætlega og skilaði Sáttmálasjóði umtalsverðum tekjum fyrstu árin, og þá einkum á stríðsárunum þegar fjöldi erlendra hermanna var í borginni.²⁴ Háskólinn lét því gagnrýni á reksturinn sem vind um eyru þjóta og lagði þvert á móti út í byggingu nýs og glæsilegs kvikmyndahúss við Hagatorg sem var vígt á hálfri aldar afmæli skólans.²⁵ Með bíórekstrinum tókst Háskólanum að forða Sáttmálasjóði frá þeim örlögum sem beið nærri allra þeirra fjölmörgu sjóða sem skólinn hefur eignast í gegnum tíðina, þ.e. að brenna upp í verðbólguálinu.

2. Stjórnsýsla embættismannaskólans

Fyrstu þrjú áratugin á sögu Háskóla Íslands var skipulag stjórnsýslu stofnunarinnar afar einfalt því að allan þann tíma starfaði aðeins einn maður á skrifstofu skólans, háskólaritarinn. Í lögum um Háskóla Íslands var starfssvið hans skilgreint þannig:

Stjórnarráðið skipar ritara við háskólann. Ritarinn hefur á hendi reikningsfærslu sjóða þeirra, er háskólinn eignast og hefir umsjón með byggingum háskólans og innanhússmunum. Hann annast nauðsynlegar útveganir og endurbætur, tekur á móti skrásetningargjöldum stúdenta og prófgjöldum.²⁶

Starf háskólaritara var nánar útfært í erindisbréfi sem samþykkt var á háskólaráðsfundi í lok fyrsta starfsárs skólans. Þar kemur fram að honum var ætlað að sjá um allt skrifstofuhald Háskólans, bókhald, umsýslu styrktarsjóða skólans, skráningu nemenda, kaup á kennslubókum og skrásetningu þeirra bóka sem Háskólanum áskotnuðust. Þótt starfssvið hans væri býsna víðtækt var háskólaritara aðeins ætlað að vinna þrjár stundir hvern virkan dag – og gæti hann „ekki gegnt starfi sínu vegna sjúkdóms eða annara nauðsynja, verður hann að setja mann á sinn kostnað í sinn stað“, eins og segir í erindisbréfi fyrsta háskólaritarans.²⁷ Stjórnvöld og háskólaráð virðast ekki hafa verið á einu máli um mikilvægi ritarastarfsins því að ráðið lagði til að fyrsti háskólaritarinn, Jón Rósinkranz læknir, fengi 1.500 krónur í árslaun, enda ætti hann að verða „nokkurs konar trúnaðarmaður Háskólastjórnarinnar“.²⁸ Hefði þetta gert háskólaritara að liðlega

²³ *Lbs.* 28 NF. Niels Dungal til Alexanders Jóhannessonar 7. apríl 1944.

²⁴ *Þskjs.* Mmrn. 1989-B/403 Háskóli Íslands almennt, apríl 1951 – maí 1953. IX. bréf Alexanders Jóhannessonar til menntamálaráðherra 29. nóv. 1951.

²⁵ Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 186–201.

²⁶ *Stjórnartíðindi* 1909 A, 132.

²⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 1911–12, 57–58.

²⁸ *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/103, ör. 13. Db. 3, nr. 365. Lárus H. Bjarnason og Jón Helgason til Stjórnarráðs 25. ágúst 1911. – Sbr. *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs I. 24. ágúst 1911.

hálfdrættingi í launum á við dósenta skólans. Þetta þótti Stjórnarráðinu greinilega ofrausn, því að í skipunarbréfi Jóns var honum veittur ritarastarfinn með 600 króna árslaunum.²⁹

Það var fyrst með ráðningu Péturs Sigurðssonar magisters í starf háskólaritara haustið 1929 sem farið var að líta á ritarastarfið sem fulla vinnu. Vildu háskólayfirvöld greinilega koma stjórnarsýslu skólans á fastari grunn en verið hafði fram að því, og var Pétri falið að koma skikki á skjalasafn Háskólans, og þetta sama haust var, að tillögu Stúdentaráðs, farið að gefa út sérstök stúdentaskírteini til nemenda Háskólans.³⁰ Fljótlega hlóðust líka alls kyns verkefni á Pétur, enda þótti hann bæði samviskusamur og vandvirkur. Hann tók t.a.m. við forstöðu Upplýsingaskrifstofu stúdenta haustið 1931,³¹ gegndi formennsku í byggingarnefnd stúdentagarðs á fjórða áratugnum, starfaði sem framkvæmdastjóri Happdrættis Háskólans í um 30 ár og sá að auki um daglegan rekstur Tjarnarbíós fyrstu árin. Auk þessa sinni hann húsvörslu fyrir Háskólann allan þann tíma sem skólinn starfaði í Alþingishúsinu.

Pegar Háskólinn fluttist í háskólabygginguna var, að sögn Magnúsar Más Lárussonar prófessors, „háskólaritaraembættið orðið það umsvifamikið að leggja þurfti nótt við dag til að anna því“.³² Plássleysi og takmarkaðar fjárveitingar til Háskólans gerðu það þó að verkum að engin viðbót fékkst við stjórnarsýslu skólans á meðan hann starfaði við Austurvöll. Eftir að flutt var í háskólahöllina á Melunum fjölgaði smám saman í stjórnarsýslunni. Sérstakur umsjónarmaður hússins tók við húsvörslustarfi háskólaritarans, enda var umsjón háskólabyggingarinnar mun umfangsmeiri og flóknari sýsla en húsvarsla í Alþingishúsinu. Frá árinu 1942 fékk Pétur Sigurðsson síðan aðstoð á háskólaskrifstofunni, en háskólaritari virðist í fyrstu hafa greitt hana af eigin fé.³³ Það var fyrst árið 1949 sem annar starfsmaður var ráðinn í fast starf á skrifstofu Háskólans, en það var Erla Elfasdóttir. Starfaði hún við hlið Péturs og eftirmanna hans um áraradur.³⁴ Árið 1960 var loks þriðji starfsmaðurinn ráðinn á skrifstofu skólans.

Vorið 1963 sendi Ármann Snævarr háskólarektor menntamálaráðherra bréf í tilefni þess að Pétur Sigurðsson hafði ákveðið að láta af störfum fyrir aldurs sakir.³⁵ Ármann lýsir þar þörfum Háskólans fyrir skrifstofufólk og segir hann „allsendis útilokað“ fyrir þá þrjá starfsmenn sem þá störfuðu á skrifstofu Háskóla Íslands „að anna þeim verkefnum, sem til falla á skrifstofunni, enda hafa

²⁹ *Dskjs.* Stjr. I. skrifst. B/103, örk 13. Db. 3, nr. 365. Stjórnarráð til Jóns Rósinkranz 19. sept. 1911.

³⁰ *HÍ.* Gjörðabók háskólaráðs II. 24. sept. og 1. nóv. 1929.

³¹ Lárus Sigurbjörnsson, „Upplýsingaskrifstofa Stúdentaráðsins“.

³² Magnús Már Lárusson, „Pétur Sigurðsson“.

³³ *Dskjs.* Mmm. 1989-B/404 Háskóli Íslands almennt, nóv. 1955 – okt. 1957. XI. Þorkell Jóhannesson rektor til menntamálaráðherra 10. nóv. 1955.

³⁴ Páll Sigurðsson, *Úr húsnaðis- og byggingarsögu* II, 88–93.

³⁵ Sbr. *Dskjs.* Mmm. 1989-B/407. Háskóli Íslands almennt, jan. 1961 – ágúst 1962. XVI. Uppsagnarbréf Péturs Sigurðssonar til háskólaráðs 8. nóv. 1961 og til Menntamálaráðuneytis 18. nóv. 1961.



Háskólabyggingin með augum Hans A. Mueller. Tréskurðarmynd sem var gefin út á póstkorti.

Þau verkefni aukizt til stórra muna síðustu árin eftir því sem stúdentum fjölgar og kennslugreinar aukast og kennarafjöldi vex.“ Taldi Ármann upp hin ýmsu störf sem féllu til á skrifstofunni, og gefur sá listi glögga mynd af stjórnsýslu Háskólans á fyrri hluta sjöunda áratugarins. Á skrifstofu Háskólans var haldin spjaldskrá um hvern stúdent, skrifar rektor, þar sem námsferli hans voru gerð skil og skráðar ýmsar persónulegar upplýsingar um hann. Starfsfólk skrifstofu sinnti erindum nemenda, svaraði fyrirspurnum þeirra, vélritaði og fjölritaði próf og fjallaði um styrkumsóknir nemenda. Háskólaritari hafði líka umsjón með útgáfu Árbókar Háskólans, sem komið hafði út með svipuðu sniði á hverju ári frá stofnun skólans. Skrifstofan sinnti öllum deildum skólans, því að engar sérstakar deildarskrifstofur voru starfræktar við skólann. Deildunum bárust margvísleg erindi og fyrirspurnir frá almenningi og stjórnvöldum, og nefnir Ármann í því sambandi lögmæti mannanafna, umsagnir um styrkhæfni umsækjenda um opinbera styrki og ýmiss konar tæknileg álitamál. Þurfti skrifstofan að taka á móti þessum erindum og miðla þeim til þeirra sem málin vörðuðu. Skrifstofan gat aftur á móti ekki aðstoðað kennara svo neinu nam við vélritun, að sögn háskólarektors, eins og tíðkaðist við háskóla erlendis. Fannst Ármanni það heldur „óhagkvæm launapólitík“ hjá íslenska ríkinu, „að sjá próffessorum ekki fyrir slíkri aðstoð – vélritunarstúlkur eru þeim færari í þessu efni og auk þess launalægri“. Að síðustu hafði



Pétur Sigurðsson, meistari í íslenskum fræðum, var háskólaritari í 34 ár, 1929–63, og framan af eini starfsmaðurinn í stjórnslu Háskólans. Hér er Pétur í dyrum hússins við Vonarstræti 4, þar sem Happraetti Háskóla Íslands var til húsa í fyrstu, enda var hann líka framkvæmdastjóri þess allt til 1963.

öll fjárhagsumsýsla skólans vaxið gríðarlega með fjölgun starfsmanna og nemenda, og þótti rektor að „brýn nauðsyn [væri] á því, að einum manni sé falin forsjá þeirra mála (questor), svo sem gert er víðast hvar við norrænu háskólana.“ Í lok skýrslunnar ber Ármann Snævarr síðan saman starfslið Háskóla Íslands og háskólans í Björgvin. Fjöldi prófessora og stúdenta í skólunum tveimur var áþekkur, sagði hann, eða 44 prófessorar og 1.150 nemendur í Björgvin en 36 prófessorar og 850 nemendur við Háskóla Íslands. Himinn og haf var þó á milli skólanna tveggja þegar starfslið á skrifstofum þeirra var borið saman. Á skrifstofu Háskóla Íslands störfuðu þrír starfsmenn, en á háskólaskrifstofunni í Björgvin unnu, auk rektors, vellaunaður framkvæmdastjóri, skrifstofustjóri, tveir fulltrúar, einn ritari, einn prófstjóri, þrír aðstoðarritarar, einn „forvalter“, með umsjónarmann sér við hlið, og gjaldkeri með fjóra starfsmenn – og auk þess hafði Læknadeild Björgvinjarháskóla sinn eigin ritara. Þrátt fyrir þennan mun treysti rektor Háskóla Íslands sér ekki til að fara fram á meira en fjórða starfsmanninn á skrifstofu skólans, eða eina „starfsstúlku“; fékkst hún ári síðar.³⁶

Bréf rektors er ekki aðeins athyglisvert vegna þeirrar greinargóðu lýsingar sem það gefur á verkefnum háskólaskrifstofunnar, heldur einnig vegna þess aukna áhuga forystumanna skólans á stjórnslu stofnunarinnar og eflingu hennar sem þar kemur fram. Fram á sjötta áratuginn verður þessa þáttar í starfsemi Háskólans lítið vart í áformum skólans og óskum, sem snerust flestar um fjölgun kennaraembætta, hærri laun kennara og fjölbreyttara nám við skólann. Rectorsstarfið sjálft hafði lengst af verið aukastarf þeirra sem til þess voru valdir, og nutu þeir lítillar umbunar fyrir erfiðni; þeir fengu þó lítilsháttar risnufé, afnot af bifreið og húsaleigustyrk, en deildarforsetastörf voru unnin í sjálfböðavinnu. Eftir því sem skólinn þroskaðist úr örsmáum embættismannaskóla í áttina að því sem kalla mætti „raunverulegan háskóla“ jukust kröfur um aukna fagmennsku og sérhæfingu á öllum sviðum stofnunarinnar. Hér fóru óskir stjórnenda skólans og kennara að flestu leyti saman, enda var skólanum stjórnað af kennurum.

Hugmyndir háskólamanna um hvar skórin kreppti helst að í stjórnslunni fóru þó ekki alltaf saman. Rektorarnir lögðu mesta áherslu á að styrkja almenna stjórnslu skólans, fjárhagsstjórn og þjónustu við nemendur, en kennurum þótti brýnna að efla ritaraþjónustu fyrir akademíska starfsmenn. Ósk Heimspekideildar um

³⁶ *Þskjs.* Mmrn. 1989-B/408 Háskóli Íslands almennt, ágúst 1962 – maí 1964. XVII. Ármann Snævarr til Gylfa Þ. Gíslasonar menntamálaráðherra 2. maí 1963; Björn Hermannsson til menntamálaráðuneytis 19. feb. 1964.

„vérlitunarstúlku“ haustið 1960 lýsir vel viðhorfi kennaranna til þessara mála. Beiðnin var fyrst samþykkt á deildarfundi Heimspekideildar í september þetta ár, að tillögu Halldórs Halldórssonar prófessors, en hún gekk út á það að deildarforseta væri falið „í samvinnu við rektor Háskólans að vinna að því við menntamálaráðherra, að ráðin verði vérlitunarstúlka við deildina. Stúlku þessari sé ætlað það starf að annast vérlitun á fræðilegum ritgerðum prófessora deildarinnar og embættisbréfum.“³⁷ Ráðuneytið sendi beiðnina til fjárveitinganefndar Alþingis, en ekki er að sjá að þingið hafi virt hana viðlits.³⁸ Halldór Halldórsson gerði þögn þingsins að umtalsefni í opnu bréfi sem hann birti í *Alþýðublaðinu* – flokksmál-gagni Gylfa Þ. Gíslasonar menntamálaráðherra – síðla árs 1960. Nýlega hafði Heimspekideild borist, upplýsir hann lesendur blaðsins, „svar við málaleitan, er hún hafði sent Menntamálaráðuneyti“, og voru viðbrögð ráðuneytisins honum greinilega ekki að skapi. „Svarið var þess efnis, að ógerningur væri að fá fjárframlög til þess að ráða vérlitunarstúlku við deildina“, segir hann, en stúlkunni hefði verið ætlað að vérlita fræðigreinar prófessoranna, svo að þeir gætu eytt meiri tíma til rannsókna. „Hingað til hafa þeir ýmist „pikkað“ verk sín á ritvél með einum fingri eða greitt sjálfir vérlitunarkostnað af launum sínum, sem eru ámóta og laun óbreyttra verkamanna í Svíþjóð.“ Nú voru háskólakennarar búnir að fá sig fullsadda af ástandinu, því að þeir voru, eins og aðrir Íslendingar, „í þann veginn að hætta því að láta svelta sig í hel fyrir það eitt að stunda andleg störf. Það verður ekki hægt í framtíðinni að reka háskóla á Íslandi eða stofnanir í sambandi við hann, ef þau störf, sem þar eru unnin, eru greidd með verkamannalaunum.“³⁹

³⁷ *HÍ*. Gjörðabók Heimspekideildar II. 23. sept. 1960.

³⁸ *Þskjs*. Mmrn. 1989-B/407 Háskóli Íslands almennt, jan. 1960 – des. 1960. XV. Menntamálaráðuneyti til fjárveitinganefndar Alþingis 1. nóv. 1960.

³⁹ Halldór Halldórsson, „Bréf til stjórnsmálaritstjóra *Alþýðublaðs*“.


12. Þjóðskóli – embættismannaskóli?

Hugmyndin um þjóðskólann hefur þjónað sem eins konar upp-
runagoðsögn Háskóla Íslands. Til hennar hefur verið vísað allt frá
því að fyrst var rætt um stofnun háskóla á Íslandi á níunda áratug
19. aldar, og frá stofnun Háskólans hefur hún myndað einn mikil-
vægasta þáttinn í sjálfsmyndarsköpun stofnunarinnar. Fyrstu áratug-
ina voru rætur hugmyndaðarinnar öllum ljósar, því að þjóðskólahug-
takið var sótt beint í bænarskrá 24 Íslendinga í Kaupmannahöfn til
Alþingis, sem oftast er tengd nafni flutningsmannsins á þinginu, Jóns
Sigurðssonar. Vígsla Háskólans á aldarafmæli þjóðhetjunnar undir-
stríkaði þessi tengsl, því að með stofnun háskóla á Íslandi lýsti Al-
þingi yfir þeim vilja sínum að gera draumsýn Jóns Sigurðssonar um
þjóðskólann að veruleika.

Þrátt fyrir þau skýru vensl sem menn sáu á milli Háskóla Ís-
lands og þjóðskóla Jóns Sigurðssonar átti sú stofnun sem komið var
á fót 1911 fátt sammerkt með þjóðskólahugmyndum forystumanns
sjálfstæðisbaráttunnar. Samkvæmt tillögum Jóns skyldi þjóðskólinn
verða almenn menntastofnun sem miðaðist við þarfir og lundarfar
þjóðarinnar og þjónaði öllum helstu atvinnugreinum landsins. Há-
skóli Íslands var aftur á móti fyrst og fremst hugsaður sem loka-
áfangi starfsþjálfunar þess örsmáa forrættindahóps Íslendinga sem
hugði á embættisstörf á vegum hins opinbera. Háskólinn var því til
að byrja með fremur þjóðríkisskóli en þjóðskóli.

Ýmsir urðu til að gagnrýna þessa þröngu afmörkun á hlutverki Há-
skólans, en meðal stjórnmálamanna var Jónas Jónsson frá Hríflu bæði
skipulegastur og staðfastastur ádeilenda. Hann ásakaði forystumenn
Háskóla Íslands iðulega um að hafa vikið af þeirri braut sem Jón
Sigurðsson markaði á fimmta áratug 19. aldar, og því hefðu þeir brotið
óskrifaðan samning skólans við þjóðina. Háskólinn var ekki raun-
verulegur þjóðskóli, fullyrti Jónas, heldur „launamannaverksmiðja“
sem stjórnað var af fámennri íhaldsklíku, og hún hefði það markmið
eitt með skólanum að endurnýja sjálfa sig.¹ Margir háskólamenn gagn-
rýndu einnig skólann og þá menntun sem hann hafði upp á að bjóða –
eða kannski öllu heldur hversu fábreytta menntun hann bauð upp á.

¹ Jónas Jónsson, „Stofnun
Jóns Sigurðssonar“.



Háskólastúdentar tóku á sinn hátt þátt í fyrstu landhelgisdeilu Íslendinga við Breta.

Eitt dæmi um slíka ádeilu er grein Guðmundar Hannessonar prófessors í Stúdentablaðinu árið 1936 þar sem hann lýsir þeirri ósk sinni að brátt myndi Háskólinn „skipta fötum, fara úr miðaldaspjörunum og taka upp þjóðlegan íslenskan búning, sniðinn eftir vorum þörfum og ástæðum“, eins og hann orðaði það. Allt frá stofnun Háskólans hafði skólinn bæði starfað eftir erlendum fyrirmyndum og verið sérlega „sniðinn sem skóli fyrir embættismenn“. Aðstaða starfsmanna til rannsókna var engin, hélt Guðmundur áfram, og urðu nemendur því að læra allt af bókum – sem var frekar bagalegt þegar þess var gætt að bókaeign „háskólans er enn af svo skorum skammti í flestum greinum, að leita verður til útlanda, ef nokkuð skal lesa ofan í kjölinn“. Guðmundur sá þó hjartari tíma út við sjóndeildarhringinn:

Góðir menn hafa þegar hafizt handa til þess að bæta úr helztu göllunum eða öllu heldur að breyta svo skipulagi háskólans,

I. EMBÆTTISMANNAKÓLINN

að hann verði öflug þjóðþrifastofnun í stað þess að vera steingerður embættismannaskóli, stofnun, sem geti orðið ljós á vegum allra landsmanna, sem geti borgað þeim með rentum hverja krónu, sem hann fær.

Þarna vísar Guðmundur til nýstofnaðrar Atvinnudeildar Háskólans, væntanlegs kennaranáms og nýs háskólahúss, en hann var viss um að þessar nýjungar myndu umbylta starfi Háskólans. Í Atvinnudeildinni átti að stunda hagnýtar rannsóknir sem gögnuðust bændum landsins, iðnaðarmönnum og sjómönnum, og þegar kennaradeildin væri komin á legg myndu barna- og unglingskólakennarar hafa „bæði stúdentsmenntun og háskólapróf í sinni grein“. Sá hann fyrir sér að ófullkomnir farskólar og smáskólar legðust af í kjölfarið, „og í stað þeirra fjölgar myndarlegum heimavistarskólum með góðum húsakynnum, kennurum og kennslutækjum. Mætti þetta verða þýðingarmikil breyting á öllu uppeldi almennings“. Loks stefndi í að hugsjónir Jóns Sigurðssonar yrðu að veruleika; Háskólinn fullnægði þörfum þjóðarinnar og kæmi öllum stéttum að gagni.²

Eins og fram hefur komið þá rættust draumar Guðmundar Hannessonar ekki nema að litlu leyti. Atvinnudeildin varð aldrei sú lyftistöng fyrir Háskólann sem hann sá fyrir sér, og þess var langt að bíða að stofnuð væri sérstök kennaradeild við Háskóla Íslands. Eðli Háskólans breyttist því lítið við flutninginn í háskólabygginguna á Melunum, þótt námsgreinum fjölgaði nokkuð. Hann varð áfram í eðli sínu embættismannaskóli þar sem rannsóknir flestra kennara voru stundaðar í hjáverkum.

Sjálfsagt má finna ýmsar ástæður fyrir því að Háskólanum gekk illa að laga starfsemi sína að breyttum aðstæðum í íslensku samfélagi. Óhætt er þó að fullyrða að ábyrgðin lá aðallega hjá stjórnvöldum, og þá bæði ríkisstjórn og Alþingi, því að þau virðast ekki hafa haft mikinn áhuga á að breyta skólanum eða taka til greina bænir háskólamanna um nýjar rannsóknarstofnanir og kennslugreinar við skólann. Aðgerðaleysið skýrist að hluta til af fjárskorti ríkisins, því að fámennt þjóð hlýtur að forgangsraða þeim verkefnum sem hún kostar af almannafé. Háskólinn var greinilega ekki framarlega í þeirri forgangsroð, og því fóru fjárveitingar til skólans á hvern nemanda stöðugt lækkandi fyrstu hálfu öldina sem hann starfaði. Einnig má benda á að sú uppbygging, kostuð af ríkissjóði, sem varð á árunum í kringum síðari heimsstyrjöld á sviði rannsókna í þágu at-

² Guðmundur Hannesson, „Þjóðskóli Íslendinga“, 1–4.



vinnuveganna kom Háskólanum að litlu gagni. Kusu stjórnvöld fremur að koma á fót nýjum stofnunum en að trúa Háskólanum fyrir slíkum rannsóknum – og Alþingi setti slíkar rannsóknarstofnanir aðeins undir vald Háskólans þegar það neyddist til þess. Þessarar tortryggni gætti einnig á sviði háskólakennslu, því að það var með miklum semingi sem Alþingi samþykkti að viðskiptakennslu á háskólastigi væri komið fyrir í Lagadeild Háskólans fremur en í sérstökum ríkisreknum viðskiptaháskóla.

Þrátt fyrir þennan ágreining voru fulltrúar stjórnvalda og forystumenn Háskólans sammála um að Háskólinn væri þjóðlegur skóli. Með orðum Hermanns Jónassonar á vígsludegi háskólabyggingar hinn 17. júní 1940 þá var hin nýja bygging „musteri íslenzkrar menningar. Þar á að vera æðsti vörður okkar tungu, okkar íslenzka arfs.“³ Nemendur og kennarar Háskólans tóku heilshugar undir slíkar skoðanir. Gott dæmi um það er grein eftir Þorkel Jóhannesson frá árinu 1925, en þá var hann stúdent á þriðja ári við Heimspekideild. „Háskóli Íslands er og á að verða einskonar veð-trygging,“ skrifar hann, „sem gefin er í framtíðinni til varðveislu og þroska menningarlegu og pólitisku sjálfstæði ríkisins.“⁴ Þorkell var sama sinnis aldarþriðjungi síðar þegar hann talaði til nemenda Háskólans, nú úr ræðustóli rektors á háskólahátíð:

Við viljum vera sjálfstæð þjóð, en meginskilyrði þess er að við gerum okkur ljósa nauðsynina á því að varðveita þjóðlega menningu vora, halda tungu vorri hreinni og óflekkaðri og ávaxta menningararf vörn í bókmenntum og listum í andlegu

Stúdentaráð 1957–58. Frá vinstri: Magnús Þórðarson laganemi, Hörður Sævaldsson tannlæknanemi, Ólafur G. Einarsson laganemi, Bogi Melsteð læknanemi, Birgir Ísleifur Gunnarsson laganemi, formaður ráðsins. Þessir voru allir fulltrúar Vöku, félags lýðræðis-sinnaðra stúdenta. Leifur Jónsson læknanemi, frá Félagi frjálslyndra stúdenta, Emil R. Hjartarson læknanemi, frá Stúdentafélagi jafnaðarmanna, Guðmundur Guðmundsson læknanemi, frá Félagi röttækra stúdenta, Ólafur Pálmason íslenskunemi frá Þjóðvarnarfélagi stúdenta.

³ *Árbók Háskóla Íslands* 1939–40, 63–64.

⁴ Þorkell Jóhannesson, „Sjálfstæði Íslendinga. Háskólinn og stúdentagarðarnir“, 1.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN

lífi hveftrar nýrrar kynslóðar, allt það sem gert hefir og gert getur okkur að þjóð meðal annarra þjóða. Í þeim efnum stóða okkur ekkert eftirlíkingar, hversu glæstar og nýttízkulegar sem þær eru.⁵

Ef marka má málflutning hinna ýmsu rektora á fyrstu áratugum Háskólans virðast forystumenn hans hafa endurskilgreint þjóðskólahlutverk stofnunarinnar á þann hátt að skólanum bæri að þjóna sem eins konar varðkastali íslenskrar menningar og hliðvörður fyrir erlend áhrif á Íslandi. Allir voru sammála um að íslensk menning þarfnaðist innblásturs að utan, því að, svo notuð séu orð Alexanders Jóhannessonar, höfðu Íslendingar á öllum öldum fundið fyrir þörfinni á „að flytja andleg frækorn úr öðrum löndum og gróður-setja í íslenzkri mold“. Vísaði hann til andans stórmenna þjóðarinnar, manna á borð við Snorra Sturluson, sem veittu „straumum erlendar hámenningar yfir íslenzkt þjóðlíf, líkt og vorregni í hina frjósömu íslenzku mold“. Mikilvægast var þó, að sögn Alexanders, „að vér varðveitum íslenzkt séreðli, íslenzkt sjálfstæði, íslenzka tungu og öll þau andlegu verðmæti, er forfeður vorir hafa látið oss í arf. Það er hlutverk háskóla vors, æðstu menningarstofnunar þjóðarinnar, að standa á verði og gæta hinna andlegu fjársjóða þjóðarinnar og auka við þá.“⁶ Eftir því sem leið á 20. öldina færðist heimurinn nær Íslendingum, og þá ekki síst eftir að erlendir her tók hér bálfestu í síðari heimsstyrjöld. Þessu fylgdu ýmis áhrif sem menningarpostulum líkaði ekki allskostar við og það skerpti á ábyrgð Háskólans. Á sama tíma og skólanum bar að auka skilning nemenda sinna á erlendum tungumálum, tjáði Alexander nemendum Háskólans haustið 1948, og þá ekki síst á hinni nýju aðal tungu á alþjóðamótum, enskunni, þá hlaut hann „að leggja stund á að viðhalda öllu því, sem reynzt hefur bezt í lífi þjóðarinnar á umliðnum öldum og gæta þess, að erlend ómenning nái ekki að festa rætur“.⁷

Grunnur þessa skilnings háskólamanna á hlutverki Háskólans lá í viðhorfum þeirra til íslenskrar menningar. Í þeirra huga var hún ekki aðeins sérstök og einkennandi fyrir íslenska þjóð heldur einstök í menningarsögu heimsins. „Engin núlifandi tunga hefur varðveitt jafn miklar minjar hins indógermanska frummáls og íslenzka tunga,“ fullyrkti málfræðingurinn Alexander Jóhannesson eitt sinn, „og er það hyggja vor, að áður en langt um líður muni íslenzka tunga skipa jafn virðulegan sess við erlenda háskóla og t.d. forngríska, er

⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1958–59, 17.

⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1933–34, 7–8.

⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 1948–49, 8–9.

stendur öllum öðrum tungum ofar um varðveizlu fornra minja og frumleik mannlegrar hugsunar“.⁸ Það var ekki aðeins tungan sem gerði það að verkum að íslensk menning skipaði heiðursess, því að virðing íslenskunnar hvíldi á hróðri fornþókmennntanna. „Forfeðrum vorum auðnaðist að skapa sígildar þókmennntir,“ sagði Ólafur Lárússon í móttöku sem haldin var Ólafi ríkisarfa Noregs og norski Snorranefnd til heiðurs sumarið 1947. Þær hafa

einatt verið taldar eitt hinna þriggja skæru ljósa í andlegu lífi mannkynsins. Þeim hefur verið skipað við hlið biblíunnar og hinna klassisku þókmennnta Grikkja og Rómverja. Af nægta-brunni þeirra hefur þjóð vor, ætlið eftir ætlið, teygð andlega næringu. Þær hafa haldið við þjóðerni voru. Land ættasagnanna hefur verið vort fyrirheitna land, fagurt og dýrðlegt land, sem vér höfum litið til, er að oss þrengdi, og þangað höfum vér sótt styrk, kjark og von. Ættasögurnar sýndu oss, hvernig Ísland var endur fyrir löngu. Vér höfum hugsað sem svo, að það, sem það eitt sinn var, gæti það aftur orðið. Það varð aflgjafi í viðreisnarstarfi voru, vilji okkar og takmark, jafnræðið við sjálfa oss, við land ættasagnanna.

Metnaður Háskóla Íslands var, lauk Ólafur máli sínu, „að verða aðalhæli rannsóknanna á fornþókmennntum vorum“.⁹

Í starfi Háskólans fyrstu hálfu öldina virðist þjóðskólahlutverkið helst hafa birst í viðleitni skólans til að ala upp þjóðholla embættismenn og að halda á loft heiðri íslenskrar menningar. Jón Hjaltalín Sigurðsson rektor vísaði til hins síðara þegar hann sagði að Heimspékideild ætti „að sjálfsögðu að vera aðal vísindadeild háskólans“, og því bæri „að efla hana sem mest og bezt, þannig að hún verði í framtíðinni fullkonnasta kennslu- og vísindastofnun í íslenskum fræðum í Norðurálfu“.¹⁰ Kennarar Heimspékideildar voru lengst af sama sinnis, því að deildin skilgreindi sig æ skýrar sem deild „íslenskra fræða“ og aðgreindi þar með rannsóknir á íslenski menningu frá öðrum menningarrannsóknum.

Þessi þróun var alls ekki öllum kennurum Heimspékideildar að skapi eins og fram kemur í blaðagrein sem Hreinn Benediktsson, prófessor í íslenski málfræði, skrifaði árið 1968 í tilefni af fimm ára afmæli Handritastofnunar Íslands.¹¹ Þar spyr hann sig hvað hugtakið „íslensk fræði“ merki, og er niðurstaða hans sú að það sé í

⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1948–49, 8.

⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1946–47, 92–93.

¹⁰ Jón Hj. Sigurðsson, „Nokkur orð um Háskóla Íslands“, 7.

¹¹ Hreinn Benediktsson, „Hvað eru íslensk fræði?“.

I. EMBÆTTISMANNAKÓLINN

Háskólaráð á fimmtugasta háskólaárinu, 1960–61. Frá vinstri: Kristinn Stefánsson forseti Læknadeildar, Ólafur Björnsson forseti Laga- og viðskiptadeildar, Magnús Már Lárusson forseti Guðfræðideildar, Ármann Snævarr háskólarektor, Pétur Sigurðsson háskólaritari, Guðni Jónsson forseti Heimspékideildar, Þorbjörn Sigurgeirsson forseti Verkfræðideildar, Árni Grétar Finnsson laganemi og fulltrúi stúdenta.



rauninni merkingarlaust. Þau mynduðu ekki heilsteypta og sjálfstæða fræðigreina, heldur væri slegið saman mörgum tengdum en ólíkum fræðigreinum – ekki síst bókmenntafræði, málfræði, sagnfræði og textafræði – undir þessu nafni. Hver þessara fræðigreina hefði sínar eigin hefðir og aðferðir, og því væri útilokað að steypa þeim öllum í eitt mót. Að sögn Hreins gekk áherslan á íslensk fræði líka gegn þeirri stefnu sem Björn M. Ólsen hafði markað í „hinni gagnmerku ræðu“ sem hann flutti á vígsluhátíð Háskólans árið 1911. Þar hafði fyrsti rektorinn lagt áherslu á að íslensk tunga yrði rannsökuð í samhengi við önnur germönsk og indóevrópeisk mál, og íslensk saga í tengslum við sögu hinna Norðurlandanna. Hvatti Hreinn eindregið til þess að snúið yrði aftur til þeirrar „vísðsýnu háskólastefnu sem mótuð var 1911 og á árunum þar á eftir“.¹²

Túlka má gagnrýni Hreins Benediktssonar sem vitnisburð um ákveðið óþol hjá yngri starfsmönnum Háskólans við upphaf nýrra tíma í sögu skólans. Þeir kröfðust þess að Háskóli Íslands tæki sér erlenda háskóla til fyrirmyndar, með aukinni kennslu og rannsóknunum í náttúru- og félagsvísindum, og höfnuðu því að vísindin sem þeir stunduðu væru séríslensk. Það er athyglisvert í því sambandi að sjá að gagnrýnendur á starf skólans sóttu rök til fyrsta rektors Háskólans. Nú skyldi stefnu skólans breytt þannig að hann myndaði ekki lengur kínverskan múr sem byrgði „fyrir útsýnina til alheimsmenningarinnar“, svo vitnað sé í hina sígildu ræðu Björns M. Ólsen frá 1911. Í framtíðinni skyldi Háskólinn þjóna þjóðinni ekki aðeins með því að mennta íslenska embættismannastétt, eða með því að löggilda viðtekna klisjur um íslenska menningu, heldur með því

¹² Hreinn Benediktsson, „Hvað eru íslensk fræði?“, 11.

að taka mið af erlendum háskólum. Háskóli Íslands yrði þar með ekki aðeins þjóðskóli, heldur einnig „kosmopolitisk stofnun“ og fullgildur „borgari í hinni miklu respublica scientiarum“¹³ – lýðveldi vísindanna – eins og fyrsti rektor hans hafði óskað hinni nýju stofnun 17. júní 1911.

Þegar litið er yfir aldarsögu Háskólans sést að hann stóð á ákveðnum tímamótum á hálftrar aldar afmælinu 1961, þótt erfitt hafi verið að merkja þá hvert stefndi. Snemma sumars á afmælisárinu hafði danska þingið samþykkt lög um skil á hluta þeirra íslensku handrita sem geymd voru í opinberum söfnum í Danmörku,¹⁴ og vöktu þau vonir manna um að Háskólinn yrði í framtíðinni sú alþjóðamiðstöð íslenskra miðaldafræða sem margir höfðu óskað. Þessa von má lesa út úr ummælum Guðna Jónssonar prófessors í hátíðarblaði stúdenta haustið 1961, en þar veltir hann fyrir sér framtíðarskipun þeirra námsgreina sem kenndar voru í deildinni sem hann var í forsæti fyrir, Heimspekideild. Guðni hafði nýlokið við að skrifa hálftrar aldar sögu Háskólans, og byggði hann spádóm sinn á þeirri reynslu sem hann þóttist geta lesið út úr þróun mála á fyrstu 50 árunum í starfi stofnunarinnar:

Á aldarafmæli háskólans munu fjórar sjálfstæðar háskóla-deildir hafa myndazt úr núverandi heimspekideild. Þær verða þessar:

- 1) Heimspekideild, með 3–4 prófessorum, fæst eingöngu við heimspekileg vísindi, þar með talin forspjallsvísindi og uppeldisfræði.
- 2) Þjóðfræðadeild, með allt að 8 prófessorum, hefir með höndum kennslu í íslenskum fræðum og umsjá með Handritastofnun Íslands, Þjóðfræðastofnun Íslands og ef til vill fleiri stofnunum, og veita prófessorar þeim forstöðu.
- 3) Máladeild, með allt að 5 prófessorum, þar með talin mannkynssaga, almenn bókmenntasaga o.fl.
- 4) Náttúrufræðideild, með 5–6 prófessorum.¹⁵

Gerði Guðni því ráð fyrir að árið 2011 myndu 21–23 prófessorar sjá um mestalla þá kennslu sem nú fer fram á Hugvísindasviði og raunvísindahluta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs – auk uppeldisfræði á Menntavísindasviði og forstöðu þeirra rannsóknarstofnana sem nú er skipað undir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

¹³ *Árbók Háskóla Íslands* 1911–12, 11.

¹⁴ Sigrún Davíðsdóttir, *Håndskriftsagens Saga*, 265–308.

¹⁵ *Stúdentablað* 6. okt. 1961, 17.

I. EMBÆTTISMANNAKÓLINN

Erfitt er að meta með nákvæmni hversu miklu skeikaði í spádómi Guðna um þróun í starfsmannafjölda Háskólans, en ef aðeins er litið á starfsmenn Hugvísindasviðs þá störfuðu 79 akademískt ráðnir starfsmenn við sviðið vorið 2011 (49 prófessorar, 17 dósentar og 13 lektorar – fimm sendikennarar eru þar undanskildir) og auk þess tíu starfsmenn á sviðsskrifstofu.¹⁶ Að hluta til skýrist frávikid á milli spádómsins og stöðunnar hálfri öld síðar af því að Guðni reiknaði ekki með þeirri sprengingu sem varð í nemendafjölda og námsframboði Háskólans á sjöunda og áttunda áratugnum. Skipulag skólans og fjöldi námsbrauta breyttist því miklu hraðar á árunum á eftir 1961 en ætla mátti af reynslu fyrstu fimm áratuganna í starfi Háskólans. En Guðni virðist ekki heldur hafa séð fyrir þá eðlisbreytingu sem varð á Háskóla Íslands með stóru auknum rannsóknum og rannsóknarnámi við skólann. Hann gekk einnig út frá því að rannsóknir og kennsla í íslenskri sögu, bókmenntum og málvísindum mynduðu enn eina heild á aldarafmæli Háskólans, í sérstakri „Þjóðfræðadeild“, og að þessar fræðigreinar yrðu áfram kjarni rannsókna við Háskólann með mun fleiri kennurum en væntanleg „Náttúrufræðideild“. Hann sá því ekki betur en að skólinn yrði enn sá þjóðlegi varðkastali íslenskrar menningar sem hann hafði vanist.

Fyrsta hálfu öldin í starfi Háskólans einkenndist af hægfara vexti, og Guðni Jónsson hafði enga ástæðu til að ætla að þar yrði breyting á. En fallvalt getur reynst að byggja spár um framtíðarþróun stofnana og samfélaga á reynslu sögunnar, því að aðstæður breytast hratt og oft á óvæntan hátt. Þetta átti eftir að sannast rækilega í þróun Háskóla Íslands næstu áratugina.

¹⁶ Upplýsingar eru fengnar af heimasíðum Hugvísindasviðs og fjögurra deilda þess. – *Vef*. Háskóli Íslands. Hugvísindasvið.



Sigríður Matthíasdóttir

II. GRUNNMENTUNARSKÓLINN 1961–1990







1. Þjóðfélagsbreytingar eftirstríðsáranna og þróun menntamála

1. Inngangur

Sennilega eru fá tímabil í sögu Háskóla Íslands jafnafrifarík fyrir þróun skólans og tímabilið frá um miðjum sjöunda áratug 20. aldar og fram á miðjan áttunda áratuginn. Háskólinn tók stakkaskiptum á þessum árum á fjölmarga vegu, og má í fyrsta lagi nefna að stúdentafjöldi jókst gríðarlega.¹ Gerðar voru grundvallarbreytingar á starfsemi Háskólans, og inn í hann tóku að berast gersamlega nýir hugmyndastraumar og viðhorf sem kennd hafa verið við hið fræga ár 1968. Skólinn breyttist þannig úr því að vera stofnun sem þróaðist hægt og rólega yfir í allt annars konar stofnun, stofnun sem þurfti að fást við róttækar stökkbreytingar, m.a. á nemendafjölda, kynferði nemendanna og almennum lífsviðhorfum bæði nemenda og kennara.

Ög háskólayfirvöld voru sér vissulega meðvituð um að háskóla-
menntun, og þar með Háskóli Íslands, stóð á þröskuldi nýrra tíma. „Það er í raun og sannleika næsta heillandi tímabil í sögu háskólanna, er vér lifum nú“, sagði rektor skólans, Ármann Snævarr, í ræðu sinni á háskólahátíð árið 1964, „málefni þeirra eru mjög í deiglu, og er sennilegt að vænta megi mikilla breytinga næstu árin.“² Engu að síður sá Háskólinn einnig sæng sína uppreidda. Rektor kvað það fagnaðarefni að aðsókn að skólanum væri mjög að aukast, á Íslandi jafnt sem annars staðar, en eins og hann mælti í ræðu sinni 1964 skapaði hinn aukni stúdentafjöldi háskólum alls staðar í heiminum vandamál af nýjum toga, og þar væri Háskóli Íslands sannarlega ekki undanþeginn.³ En þess má geta að aðeins á árunum 1965–75 fjölgaði stúdentum við Háskóla Íslands um tæplega 2.600 manns.⁴ Í tölu rektors á háskólahátíð þetta ár mátti merkja sterka vitund um að skólinn stæði á krossgötum og jafnvel á ákveðnum nýjum upphafsreit. „Hér við Háskólann er flest í dögum“, sagði Ármann um leið og hann rakti hvern málaflokkinn á fætur öðrum þar sem lyfta þyrfti grettistaki.⁵

Eitt af hinum endurteknu þemum í ræðum rektors á sjöunda

¹ *Hagskinna* H1812.

Rafræn útgáfa.

² *Árbók Háskóla Íslands* 1964–65, 5.

³ *Árbók Háskóla Íslands* 1964–65, 4–5.

⁴ *Hagskinna* H1812.
Rafræn útgáfa.

⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1964–65, 21.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.1 ÞJÓÐFÉLAGSBREYTINGAR EFTIRSTRÍÐSÁRANNA

áratugnum var hvernig húsnæðisskorturinn stæði allri rannsóknar- og kennslustarfsemi fyrir þrifum, og árið 1968 lýsti hann því yfir að hann hefði „miklar áhyggjur út af framvindu mála hér“:

[E]itt er víst, ef ekki er unnt að stórauka húsnæði Háskólans og mannafla á næstu 2–3 árum, takmarkast af sjálfu sér aðgangur að ýmsum kennslugreinum skólans – og til svo hörmulegra tíðinda má ekki draga. Við verðum að hafa í huga hina geysilegu stúdentafjölgun, sem í vændum er, og við megum ekki láta það henda okkur, að vera ekki við henni búnir hér á háskólastiginu. Við erum vanbúnir að taka við ... [stúdentafjölguninni] að mínum dómi, nema við aukum til mikilla muna starfssvið Háskólans og menntunarleiðir hér, því að ella yfirfyllast þær tiltölulega fáu greinir, sem hér er fengizt við.⁶

Margt þurfti þannig að taka stakkaskiptum innan Háskólans, ætti hann að vera fær um að veita viðtöku hinum mikla stúdentafjölda sem nú tók að útskrifast úr framhaldsskólunum og bankaði á dyr skólans. Og ferli það sem hann var nú á leið inn í var vissulega flókið og samsett úr mörgum ólíkum þáttum, en þegar horft er til baka má samt benda á tvö atriði sem sérstaklega standa upp úr. Í fyrsta lagi þá virðist sá vandi sem skólinn stóð frammi fyrir á þessum árum hafa verið allyfirþyrmandi, enda var aðstöðuleysi af fjölbreytilegum toga og alvarleg fjárhagsvandráði á meðal þeirra mála sem háskólayfirvöld glímdu við. En aftur á móti vekur einnig athygli að meðal háskólayfirvalda og ríkisvaldsins virðist hafa ríkt fastur ásetningur um að takast á við þessar breytingar, ásetningur sem m.a. byggðist á skilningi á hvað væri í húfi ef það væri ekki gert. Í þeim tilraunum ber væntanlega hæst skipun hinnar svokölluðu Háskólanefndar árið 1966 er hafði það að markmiði að gera framtíðartillögur um þróun skólans. En með því tók skólinn að marka framtíð sinni ramma í samræmi við evrópskar mennta-áætlanir og stefnu OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París.

Þannig bar einnig hátt umræður um vísindastefnu og vísindarannsóknir, og rætt var um það og ritað hvort og í hversu miklum mæli skólinn stæði undir nafni sem vísindastofnun. En heimildir sýna að ráðamenn skólans, sem og aðrir sem að málefnum hans

⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1968–69, 16–18.

komu eða létu sig varða mennta- og vísindastefnu í landinu, höfðu verulegar áhyggjur af þessu máli. Markaðist tímabilið þannig af umfangsmikilli umræðu um vísindastefnu og tilganginn með því að efla vísindi í landinu almennt, en sú umræða fór fram í tengslum við öll skólastig og að sjálfsögðu ekki síst Háskóla Íslands. Nýjar hugmyndir um tengsl æðri mennta og vísinda við þjóðfélagslegan hagvöxt áttu þannig eftir að marka mjög þá stefnu sem skólinn tók á síðustu áratugum 20. aldar.

2. Menntun verður almenn í Evrópu

Þær breytingar sem urðu á Háskóla Íslands á sjöunda og áttunda áratugnum áttu rætur að rekja til hinna veigamiklu þjóðfélagsbreytinga eftirstríðsáranna og breytinga á evrópsku menntakerfi. Þau umskipti sem urðu í menntakerfinu, og þá ekki síst í háskólamenntun á árunum eftir síðari heimsstyrjöld, geta vissulega talist nokkurs konar bylting. Háskólamenntun, segir breski sagnfræðingurinn Eric Hobsbawm, hafði fram að þessu verið fágæt nema í Bandaríkjunum, en fyrir seinni heimsstyrjöld voru stúdentar í „þremur af stærstu, þróuðustu og menntuðustu löndunum“ í Evrópu, þ.e. í Þýskalandi, Frakklandi og Bretlandi, aðeins um 150.000 samtals. Samkvæmt útreikningum Hobsbawm var þessi fjöldi „einn tíundi af einu prósentí“ samanlagðs íbúafjölda þessara landa, og sýnir sú tala glöggt hversu fágætur munaður háskólamenntun var. Tæplega fimmtíu árum síðar, eða á ofanverðum níunda áratugnum, var fjöldi stúdenta aftur á móti talinn í milljónum í nokkrum af stærstu ríkjum Evrópu, og voru þeir nú orðnir rúmlega 2,5% heildaríbúafjölda í löndum sem yfirhöfuð lögðu áherslu á menntamál. Víða voru um 20% aldurshópsins frá tvítugu til tuttugu og fjögurra ára í námi. Svo að sérstaklega sé rætt um þær breytingar sem urðu á áratugunum milli 1960 og 1980 þá fjölgaði stúdentum í löndum Evrópu almennt þrefalt eða fjórfalt, og er Ísland í þeirra hópi, en hér fjölgaði stúdentum vel rúmlega þrefalt.⁷ Í sumum löndum jókst stúdenta-fjöldinn þó miklu meira. Á Ítalíu, í Svíþjóð og í Finnlandi fjölgaði stúdentum fimm- til sjöfalt, og á Spáni og í Noregi sjö- til nífalt.⁸

Umbreytingar í evrópsku háskólanámi á eftirstríðsárunum eiga rætur að rekja til flókens samspils fjölbreytilegra þátta. Þrír þættir eru sérstaklega mikilvægir og verða raktir hér, en þeir eru í fyrsta lagi umskipti og félagslegar umbætur á menntakerfinu um og upp úr seinni heimsstyrjöld, í öðru lagi fólksfjöldasprengja eða „barna-



Ásgeir Ásgeirsson forseti Íslands og Ármann Snævarr háskólarektor koma á afmælishátíð Háskólans í nýju Háskólabíói haustið 1961.

⁷ Hobsbawm, *Öld öfganna*, 313–14. – *Hagskinna*, 859.

⁸ Hobsbawm, *Öld öfganna*, 313–14.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.1 ÞJÓÐFÉLAGSBREYTINGAR EFTIRSTRÍÐSÁRANNA

Um allan heim fengu nýjar háskólabýggingar svip hagkvæmni í stað viðhafnar eldri tíma. Talað var um stúdentaverksmiðjur. Þessi mynd er af byggingum háskólans í New South Wales í Ástralíu sem var stofnaður árið 1949.



sprengja“ eftirstríðsáranna og í þriðja lagi sá efnahagsuppgangur sem varð og gerbreytti vestrænum þjóðfélögum á áratugunum eftir síðari heimsstyrjöld. Breski sagnfræðingurinn Tony Judt hefur skrifað um þessar breytingar, en hann segir frá því hvernig stjórnvöld víða um Evrópu gengust fyrir miklum endurbótum á menntakerfi landa sinna í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar. Voru þær liður í umfangsmiklum félagslegum umbótum eftirstríðsáranna.⁹

Hin pólitíska hugmyndafræði sem þar lá að baki er rakin hjá sænska sagnfræðingnum Lennart Berntson í ritinu *Europa 1800–2000*. Fyrstu árin eftir seinna stríð einkenndust þannig af nýrri og hugmyndafræðilega róttækri stefnu sem var ríkjandi í vestur-evrópskum stjórnámálum allt fram á áttunda áratuginn. Þessi stefna var ekki aðeins borin fram af vinstri væng stjórnálanna heldur einnig m.a. af fjölmörgum hópum hægfara íhaldssinna, og sömuleiðis studdu hana sérfræðingar um efnahagsmál og þjóðfélagsskipuleggjendur af ýmsum toga.¹⁰ Berntson bendir á að lagður var ákveðinn grunnur að umbótum þessum í Englandi á stríðsárunum þar sem settar voru fram ýmsar hugmyndir og tillögur um stefnu framtíðarinnar í félags- og efnahagsmálum. Þar á meðal má nefna tillögur breska félagsmálafrömuðarins Williams Beveridge um að koma á almennu félagslegu tryggingakerfi sem hann setti fram árið 1942 og oft er litið á sem grundvöllinn að velferðarríki eftirstríðsáranna. Meðal meginhug-

⁹ Judt, *Postwar*, 391.

¹⁰ Berntson, Guðmundur Hálfðanarson og Jensen, *Europa 1800–2000*, 325.



mynda og markmiða í því kerfi var t.d. að koma á fót tryggingakerfi sem tryggði öllum þjóðfélagsþegnum lágmarks lífsviðurværi, heilbrigðisþjónustu sem stæði öllum opin og síðast en ekki síst menntakerfi sem hefði að markmiði jafnrétti allra einstaklinga til náms.¹¹

Það er lykilatriði hér að almenningmenntun skyldi skipulögð á grundvelli hugmynda um velferð, einstaklingsréttindi og félagslegt réttlæti.¹² Umbreyting skólakerfisins byggðist, rétt eins og afgangurinn af velferðarríkinu, á blöndu af lýðræðislegum og efnahagslegum sjónarmiðum. Annars vegar var markmiðið að veita öllum þjóðfélagshópum aðgang að menntun sem áður hafði í raun og veru verið einkaréttur þeirra þjóðfélagshópa sem betur máttu sín. Hins vegar var litið svo á að aukin almenn menntun væri mikilvægur liður í því að skapa og viðhalda efnahagslegum og þjóðhagslegum vexti. Sú hugsun að menntun tengdist náð efnahagslegum framförum hafði að vísu verið við lýði frá því um og eftir 1930, segir Even Lange, en á sjötta áratugnum færðist það stöðugt í vöxt á alþjóðlegum vettvangi að umræður um hagvöxt snerust um tengslin við menntun og áhrif hennar. Nytsemisrök af þessu tagi áttu þannig sífellt vaxandi stuðningi að fagna í umræðum um menntamál.¹³

Leiðin til náms var að verða opnari, enda hugmyndafræði jafnréttis nú beinlínis ákveðin undirstaða skólakerfisins. Þjóðfélagsþróunin stefndi þó ekki aðeins í átt til aukins jafnréttis í skólamállum því að fjöldi þeirra barna og ungmenna sem skyldu njóta góðs af þessari þróun tók nú að aukast stórkostlega. Hér er vísað til hinnar vel þekktu barnasprengru sem varð í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar, en þar má t.d. nefna að í löndum á borð við Bretland og Frakkland var fæðingartíðni fyrstu fjögur árin eftir heimsstyrjöldina, þ.e. 1946–50, 30% meiri en hún var á síðari hluta fjórða áratugarins, árin 1935–39.¹⁴ Þetta var þróun sem átti sér stað um allan hinn vestræna heim.

Síðast en ekki síst eiga umskipti og fjöldasprengrja í háskóla-menntun á sjöunda áratugnum rætur að rekja til efnahagsuppgangs árána eftir stríð sem gerbreytti þjóðfélögum Vesturlanda á fjölmargan hátt og hefur verið rannsóknarefni ótal sagnfræðinga. Breski sagnfræðingurinn Eric Hobsbawm orðar þessar breytingar og viðhorf manna til þeirra svo að vissulega hafi margir gert sér grein fyrir þegar á sjötta áratugnum „að tímarnir höfðu ... breyst ótrúlega til batnaðar, sérstaklega ef þeir mundu allt aftur til árána fyrir seinni heimsstyrjöld“. Það hafi þó ekki verið fyrr en á áttunda áratugnum

¹¹ Bertson, Guðmundur Hálfðanarson og Jensen, *Europa 1800–2000*, 325. – Um þróun velferðarkerfisins, sjá Stefán Ólafsson, „Þróun velferðarríkisins“, 399–404.

¹² Bertson, Guðmundur Hálfðanarson og Jensen, *Europa 1800–2000*, 325. – Sjá einnig Lawson og Silver, *A Social History of Education in England*, 415, 421.

¹³ Lange, *Samling om felles mål 1935–1970*, 215–16.

¹⁴ Eley, *Forging Democracy*, 355.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.1 ÞJÓÐFÉLAGSBREYTINGAR EFTIRSTRÍÐSÁRANNA

með veltiárin að baki að hagfræðingar og aðrir sem um málin fjöll-
uðu „tóku að gera sér grein fyrir að lokið var skeiði í sögu heimsins
... sem var afar óvenjulegt, e.t.v. einstætt.“ Nöfnin sem þeir fundu
til að lýsa þessu voru t.d. „dýrðarárin þrjátíu“ í Frakklandi og
„aldarfjórðungs „gullöld““ Englendinga og Bandaríkjamanna.¹⁵
Vöxtur heimshagkerfisins var slíkur að „þegar komið var fram á 7.
áratuginn var ljóst að aldrei hafði þekkt annað eins. Heimsfram-
leiðsla á iðnværingi fjórfaldaðist frá því á öndverðum 6. áratugnum
þar til á öndverðum 8. áratugnum og ... heimsverslun á framleiðslu-
afurðum tífaldaðist.“¹⁶

Ástæður þessa eru að sjálfsögðu margbreytilegar, en hér er það
lykilatriði að lífshagkerfi almennings gerbreyttust og þar með möguleikar
fjölskyldna til að senda börn sín til mennta. „Efnahagsuppgangurinn
í heiminum gerði það að verkum“, segir Eric Hobsbawm, „að ótal
sæmilega stæðar fjölskyldur – hvítflibbastafrsmenn og opinberir
starfsmenn, kaupmenn og þeir sem stunduðu kaupsýslu í smáum
stíl, bændur, á Vesturlöndum jafnvel velmegandi faglærðir verka-
menn – höfðu ráð á að senda börn sín í fullt nám.“ Hér kom vest-
rænt velferðarkerfi einnig til sögunnar, en það hóf að styrkja stúd-
enta eða lána þeim fé til náms.¹⁷

Þessi þjóðfélagslegu umskipti gefa vísbendingar um að við-
miklar félagslegar og menningarlegar breytingar hafi verið að eiga
sér stað,¹⁸ en á eftirstríðsárunum gerðist það að börnum úr öllum
stéttum var veittur greiðari aðgangur inn í framhaldsskóla að barna-
skóla loknum. Þetta hafði margháttaðar breytingar í för með sér og
m.a. þá að meðal vestrænna þjóða fékk nú öll alþýða manna aðgang
að hefðbundnu skólanámsefni eða kennslugreinum, svo sem eins
og stærðfræði eða tungumálum, sem áður hafði aðeins verið á færi
fárra að tileinka sér. Ekki nóg með það heldur gat hún nú haldið
með þessa þekkingu sína inn í háskólana og lokið þaðan háskóla-
prófum.¹⁹

Breytingarnar sem þessu fylgdu voru þó ekki aðeins hugarfars-
legs eðlis heldur einnig býsna áþreifanlegar. Hin nýja bylga
stóraukins nemendafjölda sem flæddi í gegnum skólakerfið skapaði
vandamál af algerlega nýjum toga og kallaði á viðbrögð stjórnvalda
og háskólanna sjálfra. Mismunandi leiðir voru farnar til að mæta
þeim, en í Bretlandi og að einhverju leyti á Norðurlöndum var m.a.
brugðið á það ráð að byggja upp nýja háskóla í útjaðri borga og
bæja. Hvað varðar inntökuskilyrði í háskóla á þessum breyttu

¹⁵ Hobsbawm, *Öld öfg-
anna*, 274–75.

¹⁶ Hobsbawm, *Öld öfg-
anna*, 278.

¹⁷ Hobsbawm, *Öld öfg-
anna*, 315.

¹⁸ Judt, *Postwar*, 391.

¹⁹ Judt, *Postwar*, 391.

tímum þá voru einnig farnar mismunandi leiðir. Í Bretlandi kusu menn að halda í hið gamla kerfi elítumenntunar sem byggðist á rétti háskólanna til að velja inn nemendur eða hafna í samræmi við einkunnir og að taka einungis við þeim fjölda sem í raun var rými fyrir í skólunum. Varð þetta til þess að háskólastúdentar í Bretlandi héldu áfram að vera fremur lítill forréttindahópur, en árið 1968 voru það ennþá aðeins sex prósent hvers árgangs sem stunduðu háskólanám. Á meginlandinu þróaðist háskólamenntun aftur á móti í allt aðra átt. Í flestum evrópskum ríkjum var engin hefð fyrir sérstökum inntökuskilyrðum í háskóla, öðrum en stúdentsprófi sem veitti sjálfkrafa rétt til æðri menntunar. Það fyrirkomulag hafði heldur aldrei skapað nein vandamál, enda stúdentar sárafaír, en í kringum árið 1960, þegar stúdentar tóku að streyma inn í háskólana, var ný staða uppi. Háskólarnir yfirfylltust, og að vissu leyti leiddi þetta til hreinnar skelfingar, en til voru dæmi um háskóla sem venjulega höfðu haft um fimm þúsund nemendur en þurftu nú að kljást við stúdentafjölda sem nam 30 þúsundum.²⁰

3. Lífskjarabylting á Íslandi og nýtt menntakerfi

Þjóðfélagsþróun á Íslandi á fyrstu tveimur áratugunum eftir stríð var á margan hátt svipuð og annars staðar í Evrópu. Um leið skar hún sig einnig úr að því leyti að hún var örari og sneggri, og hér voru að verða þjóðfélagsbreytingar sem á evrópskri grundu höfðu víðast hvar staðið yfir í miklu lengri tíma. Hafa þarf í huga að í upphafi 20. aldar var Ísland eitt fátækasta og vanþróaðasta land Vestur-Evrópu, og rétt fyrir upphaf síðari heimsstyrjaldar, árið 1938, var landsframleiðsla á mann hér á landi enn sú lægsta í Evrópu.²¹ Það virðist óumdeilt mat meðal fræðimanna að síðari heimsstyrjöldin hafi skipt sköpum í íslenskri þjóðfélagsþróun á 20. öld og markað þau skil þegar Ísland í raun steig inn í nútímann. Þannig ritar Helgi Skúli Kjartansson í bók sinni *Ísland á 20. öld* að ef miða skuli innreið „nútmans“ á Íslandi við eitt ártal sé hernámsárið 1940 nærtækast. Hersetan marki svo skýr þáttaskil í sögu landsins að helst megi líkja við fyrstu ár heimastjórnarinnar í byrjun 20. aldar með öllum þeim nýjungum sem henni fylgdu.²² Aðrir fræðimenn taka undir þetta; með „heimsstyrjöldinni síðari urðu ... ein mestu straumhöfðum í hagsögu Íslands á 20. öld“ segir Guðmundur Jónsson sagnfræðingur, og fylgdi stríðinu „meiri auðsæld en þjóðin hafði áður þekkt“.²³

²⁰ Judt, *Postwar*, 393–94.

²¹ Guðmundur Jónsson, „Hagþróun og hagvöxtur á Íslandi 1914–1960“, 29, 32, 36–37.

²² Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 220. – Guðmundur Jónsson, „Hagþróun og hagvöxtur á Íslandi 1914–1960“, 10.

²³ Guðmundur Jónsson, „Hagþróun og hagvöxtur á Íslandi 1914–1960“, 10.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.1 ÞJÓÐFÉLAGSBREYTINGAR EFTIRSTRÍÐSÁRANNA

Og þótt á ýmsu gengi í efnahagsmálum þjóðarinnar á árunum eftir stríð²⁴ þá er það samt sem áður mat fræðimanna að þegar litið sé yfir lengri tíma megi skoða þriggja áratuga tímabilið 1952–82 sem næsta samfelld hagvaxtartímabil í sögu landsins.²⁵ Gullöld hagvaxtarins náði þannig einnig til Íslands, en á þessum árum komst landið langt í að ná nágrennaþjóðunum á sviði hagþróunar. Aðeins fimmtán árum eftir stríð, árið 1960, var „Ísland að fullu orðið iðnvætt ríki, hafði langleiðina dregið uppi nálæg iðnaðarlönd í tækni og framleiðsluskipulagi, og þjóðartekjur voru orðnar áþekkar því sem tíðkaðist í öðrum löndum Vestur-Evrópu“. Enda þótt landbúnaður og sjávarútvegur væru enn fyrirferðarmiklir í íslensku atvinnulífi „hafði hagkerfið tekið á sig svipmót vestrænna iðnaðarlanda í öllum aðalatriðum“.²⁶ Var það að sjálfsögðu veigamikil forsenda þess að þjóðin gæti lagt grunn að svipaðri þróun menntakerfisins og gerðist annars staðar á Vesturlöndum.²⁷

Á sviði fólksfjölgunar og barneigna steig þjóðin einnig í takt við aðrar þjóðir. Íslendingum fjölgaði mjög á áratugunum eftir stríð, og svo að aðeins sé litið til höfuðborgarinnar þá fjölgaði ungu fólki undir tvítugu um rúmlega sjö þúsund á einum áratug, 1940–50. Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur rekur þessa þróun í Sögu Reykjavíkur og segir að árið 1940 hafi fólk innan við tvítugt verið „tæplega 14 þúsund talsins og rúmur þriðjungur bæjarbúa, en árið 1950 töldust ríflega 20 þúsund til þessa aldurshóps“. Árið 1960 var þessi hópur orðinn „nærri 30 þúsund manns eða liðlega 40% Reykvíkinga“. Sé litið yfir landið allt þá fjölgaði um 28 þúsund manns í hópi ungmenna undir tvítugu á árabílinu frá 1940 til 1960 eða úr tæplega 48 þúsundum í nærri 76 þúsund.²⁸ Það liggur í augum uppi að skólayfirvöld í landinu fengu ærin verkefni við að sjá þessum fjölda ungmenna þó ekki væri nema fyrir barnaskólamenntun, og má geta þess að á sjötta áratugnum voru reistir hvorki meira né minna en sex nýir barna- og unglingaskólar í austanverðri Reykjavík, vestan Elliðaána.²⁹

Framhaldsskólasprengja sjöunda áratugarins og hin gríðarlega fjölgun fólks í háskólanámi, sem rædd verður í næsta kafla, spratt þannig upp úr þjóðfélagsbreytingum sem á margan hátt bera sterkan keim af því sem gerðist annars staðar í Evrópu. En færa má rök fyrir því að þau miklu umskipti sem áttu sér stað í fræðslumálum á sjöunda áratugnum hafi átt sér mikilvægan forboða og aðdraganda í nýjum áherslum í velferðar- og menntamálum eftir stríð. Hvað

²⁴ Sjá t.d. Guðmundur Jónsson, „Hagþróun og hagvöxtur á Íslandi 1914–1960“, 35–37.

²⁵ Magnús S. Magnússon, „Efnahagsþróun á Íslandi 1880–1990“, 121. Hér eru undanskilin áfallaárin 1967–68.


²⁶ Guðmundur Jónsson, „Hagþróun og hagvöxtur á Íslandi 1914–1960“, 39.

²⁷ Guðmundur Jónsson, „Hagþróun og hagvöxtur á Íslandi 1914–1960“, 35–37. – Magnús S. Magnússon, „Efnahagsþróun á Íslandi 1880–1990“, 121.

²⁸ Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur I*, 11. – *Hagskinna*, 124–25. – Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Fólksfjölda- og byggðapróun 1880–1990“, 87–88.

²⁹ Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur II*, 221.

Myndrit II.1 Búsetubreytingar Íslendinga 1940–60



Heimild: *Hagskinna*, 102–13.

Á meðan íbúafjöldi höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja rúmlega tvöfaldaðist stóð hann nokkurn veginn í stað annars staðar á landinu.

snerti breytingar á menntamálum fylgdu Íslendingar einnig alþjóðlegri þróun og gerðu mikilvægar grundvallarbreytingar á menntakerfinu. Litu þær dagsins ljós með nýrri fræðslulöggjöf sem unnið var að á stríðsárunum, en árið 1943 var skipuð millipinganefnd sem hafði það hlutverk að móta nýjar tillögur um samræmt skólakerfi, og var hin nýja fræðslulöggjöf sett árið 1946.³⁰

Eitt meginmarkmið nefndarinnar sem undirbjó hina nýju fræðslulöggjöf var að gera skólanám og skólustarf í landinu markvissara, með heilsteyptu fræðslukerfi sem um leið næði til sem flestra þátta námsins.³¹ En nú voru opinberir skólar í landinu, kostaðir eða styrktir af almannafé, í fyrsta sinn felldir inn í skilgreint, samfellt skólakerfi, og var það nokkurs konar grundvallaráhersla eða útgangspunktur laganna.³² Samkvæmt nýju lögnum var þannig


³⁰ Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur* II, 202. – Ingólfur Á. Jóhannesson, *Menntakerfi í mótnun*, 61.

³¹ Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur* II, 202.

³² Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 418. – Ingólfur Á. Jóhannesson, *Menntakerfi í mótnun*, 62.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.1 ÞJÓDFÉLAGSBREYTINGAR EFTIRSTRÍÐSÁRANNA

Myndrit II.2 Barnasprengingin á stríðs- og eftirstríðsárunum



Heimild: *Hagskinna*, 49, 60–62, 125.

Á milli 1940 og 1960 fjölgaði Íslendingum um 45%. Á sama tíma tvöfölduðust fæðingar sem aftur leiddi til tvöföldunar fólks á háskólaaldri milli 1960 og 1980.

tekið upp samræmt skólakerfi um land allt sem greindist í fjögur stig, barnafræðslustig, svo gagnfræðastig, þá menntaskóla- og sérskólastig og loks háskólastig.³³


Annað meginmarkmið fræðslulaganna 1946 var að gera möguleika ungs fólks til náms jafnari og að opna því leiðir til áframhaldandi menntunar að loknu skyldunámi. Eða að skapa „jafnrétti, frelsi og bræðralag í víðtækari merkingu en þjóð vor hefur áður kynnt“ eins og það er orðað í riti Gunnars M. Magnúss, *Um menntamál á Íslandi 1944–1946*, sem gefið var út af Menntamálaráðuneytinu árið 1946.³⁴ Lög þessi sóma sér þannig vel í félagsskap umbótasinnaðrar félagslegrar löggjafar eftirstríðsáranna í Evrópu, enda voru löggin m.a. sett til þess að draga úr þeirri mismunun nemenda sem fólst í inntökutakmörkunum í skólana og efnahagslegu misrétti. Í greinargerð nefndarinnar sagði að sú skoðun hefði gert vart við sig „að menntaskólarnir, (einkum Menntaskólinn í Reykjavík) ... [væru] eins konar forréttindaskólar fyrir börn efnadra foreldra, sem geti kostað börn sín í ýmiss konar aukakennslu“. Nefndin setti þetta í samband við nýfengið frelsi þjóðarinnar og áleit að í „lýðfrjálsu landi ... [ætti] að gera sem flestum – og helst öllum –, sem til þess hafa hæfileika, kleift að stunda það nám, er þeir óska“.³⁵

Það er í samræmi við þetta álit nefndarinnar að nýtt skipulag unglingafræðslu var líklega umfangsmesta breytingin á skólakerfinu

³³ Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur II*, 202. – Ingólfur Á. Jóhannesson, *Menntakerfi í mótun*, 63–65.

³⁴ Gunnar M. Magnúss, *Um menntamál á Íslandi 1944–1946*, 11.

³⁵ Gunnar M. Magnúss, *Um menntamál á Íslandi 1944–1946*, 35.



sem gerð var árið 1946, en með henni voru einmitt lögð drög að því að opna ungmennum leið að framhaldsnámi og jafnvel háskólanámi. Með unglingsprófi fengu nemendur nú rétt til áframhaldandi skólagöngu á gagnfræðastiginu. Gátu þeir sest í gagnfræðaskóla eða þreytt svokallað landspróf sem veitti fólki aðgang að menntaskóla, og var aðgangur að menntaskólanámi og stúdentsprófi þannig gerður mun auðveldari en verið hafði.³⁶

³⁶ Ingólfur Á. Jóhannesson, *Menntakerfi í mótiun*, 64.

2. Fjölgun stúdenta og ný vísindastefna

1. Framhaldsskólasprengja

Ein af veigamestu breytingunum sem gerðar voru á íslensku skóla-kerfi á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar fólst í því að aflétt var að mestu leyti takmörkunum á fjölda þeirra sem gætu öðlast stúdentsprófsmenntun og þar með fengið aðgang að háskólanámi. Hópur þeirra sem luku stúdentsprófi stækkaði enda ört, nýir menntaskólar risu og hinir svokölluðu fjölbrautaskólar komu til sögunnar með nýju skipulagi og að mörgu leyti nýjum hugmyndum um framhaldsmenntun. Barnasprengja eftirstríðsáranna átti að sjálf-sögðu verulegan þátt í þeim breytingum sem urðu á menntaskóla- og stúdentsprófsmenntun, en á þessum tíma var þó ekki nóg með að árgangar fólks undir tvítugu væru óvenjulega stórir. Þeir fæddust einnig inn í þjóðfélag sem óðum var að þróa með sér gerbreytt viðhorf til mennta- og skólamála. Sú spurning sem rædd verður hér á eftir snýst í meginatriðum um orsakir þessa. Hvað varð til þess að takmörkunum var létt af rétti almennings til stúdentsprófsmenntunar með svo afgerandi hætti sem raun bar vitni? Hafa þarf í huga að hér var um að ræða grundvallarbreytingu og í raun eins konar „byltingu“, svo mjög jókst fjöldi þeirra sem nú var veittur aðgangur að æðri menntun. Samt gerðist þessi breyting fremur átakalaust, og varla varð vart við mótmæli gegn því að þessum takmörkunum væri aflétt.¹

Til að varpa ljósi á þá sprengingu sem varð í framhaldsmenntun eftir 1960 er rétt að líta á nokkrar tölur. Árið 1960 voru aðeins þrjár menntaskólar í landinu, Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn að Laugarvatni, en einnig útskrifaði Verslunarskólinn stúdenta. Einungis lítil hluti hvers árgangs lauk stúdentsprófi eða 9,2%.² Árið 1964 fór það hlutfall af hverjum árgangi sem þreytti stúdentspróf í fyrsta sinn yfir 10%, en ellefu árum síðar eða árið 1975 var hlutfall nemenda sem prófinu lauk orðið rúmlega 20% af hverjum árgangi. Mennta- og fjölbrautaskólum hafði þá heldur betur fjölgað og voru orðnir ellefu talsins á landinu.³ Svipaða sögu er að segja um fjölgun nemenda í Háskóla Íslands. Á

¹ Nefna má umræður um frumvarp um fjölgun menntaskóla árið 1964. Það var samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum og engin mótmæli komu fram. – *Alþingistíðindi* 1964 B, 1545–65.

² *Hagskinna*, 847, 858.

³ *Hagskinna*, 847, 858. – Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 420. – Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur* II, 198.

árunum 1960–65 var fjöldi innritaðra nemenda í skólanum tæplega 850 að meðaltali, en sé litið yfir meðaltalið áratug síðar eða árin 1970–75 hafði þessi tala hækkað um rúmlega 1.300 og var komin upp í 2.179.⁴

Fimmtán árum þar á eftir eða árið 1990 hafði enn orðið gerbreyting á, en þá voru skólar sem buðu upp á stúdentsmenntun orðnir á þriðja tug talsins og hlutfall af hverjum árgangi sem prófinu lauk var orðið 44,7%.⁵ Við Háskóla Íslands var meðaltal innritaðra stúdenta á árunum 1985–90 orðið um 4.500.⁶

Hin miklu umsvif í íslenskum fræðslumálum á sjöunda áratugnum og í byrjun þess áttunda voru að mörgu leyti viðbrögð við kreppeástandi sem skapast hafði í skólakerfinu og í fræðslumálum þjóðarinnar. Ekki var um auðugan garð að gresja þegar kom að möguleikum til menntunar að loknu skyldunámi, og því jókst stöðugt ásóknin í að þreyta landspróf og fá þar með aðgöngurétt að námi til stúdentsprófs. Á því tæplega 30 ára tímabili sem landspróf var megin aðgöngumiði íslenskra unglunga að stúdentsprófsnámi óx hlutfallið af hverjum árgangi sem prófið þreytti allt að því þrefalt, frá því að vera um 12% á árunum 1946–50 upp í að vera 35% á árunum 1971–74.⁷ Æ fleiri sóttust eftir þeim lykli að menntun og atvinnu sem stúdentsprófsmenntun veitti. Þar voru þó fleiri kallaðir en útvaldir því fall meðal þeirra sem gengust undir landsprófið var mikið, en aðeins 2/3 hlutar nemenda að meðaltali komust í gegnum nálaraugað og náðu lágmarksárangri.⁸

Ásóknin í stúdentsprófskírteini hafði margt í för með sér og þá ekki síst að gagnfræðaskólanám, sem áður hafði nýst mörgu ungmenninu vel í leit að öruggri stöðu í atvinnulífinu, var óðum að missa gildi sitt. Reyndar var gagnfræðaprófið „orðið að blindgötu sem gaf fá tækifæri samanborið við stúdentspróf“. Gagnfræðaskólar og fleiri skólar reyndu að vísu að bæta úr þessu og opna framhaldsdeildir sem veittu aðgang að stúdentsprófi,⁹ en í menntakerfinu hafði skapast kreppe, og kerfið var orðið mjög á skjön við ýmsa þætti þjóðfélagsþróunarinnar. Endurskoðun viðreisnaráranna á löggjöf um menntir og rannsóknir í landinu fól þannig m.a. í sér viðbrögð við þessu ástandi í fræðslukerfinu og snerist á margan hátt um að finna leiðir út úr því öngstræti sem þar hafði myndast.

Ofangreind þróun menntakerfisins er um leið góður mælikvarði á þær miklu þjóðfélagsbreytingar sem áttu sér stað á Íslandi eftir seinni heimsstyrjöld, og má t.d. benda á stöðu landsprófsins í því

⁴ *Hagskinna*, 847, 858. – Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur* II, 198.

⁵ *Hagskinna*, 847, 858. – Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur* II, 198.

⁶ *Hagskinna*, 859.

⁷ Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur* II, 252–53.

⁸ Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur* II, 252–53. – *Tölfræðihandbók* (1967), 324.

⁹ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 420. – *Almenningsfræðsla á Íslandi* II, 163–65.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.2 FJÖLGUN STÚDENTA OG NÝ VÍSINDASTEFNA



Árlegur nýstúdentafjöldi Íslendinga margfaldaðist á fyrstu 50 árum Háskóla Íslands. Í upphafi tóku milli tíu og tuttugu piltar stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík árlega. Árið 1961 voru nýstúdentar þaðan orðnir 99. Þar að auki útskrifuðust um 70 stúdentar á Akureyri og ein bekkjardeild úr hvorum skóla, Verslunarskólanum og Menntaskólanum að Laugarvatni, alls um 210 manns á öllu landinu.

sambandi. Landsprófslöggjöfin hafði verið sett með það að markmiði að stuðla að jafnrétti til framhaldsnáms og hafði að mörgu leyti áhrif í þá átt. Aftur á móti fólst mikil sía í landsprófinu, og því var það nú tekið að hindra sókn unglinga til náms fremur en að greiða götu þeirra á menntaveginum. Svo ör hafði þróunin verið á því tæplega 20 ára tímabili sem leið frá því að ný fræðslulöggjöf var sett árið 1946 og þar til lög um menntaskóla voru endurskoðuð árið 1965.¹⁰

En ný viðhorf til skólagöngu héldust í hendur við ný viðhorf á sviði vísinda og mennta, og sjöundi áratugurinn er þannig einnig í mikilvægum skilningi áratugur nýrrar vísindastefnu, nýrra hugmynda um hvers vegna væri nauðsyn á að efla menntir og vísindi í landinu og hvaða tilgangi það þjónaði. Um nýja vísindastefnu hefur verið fjallað í grein um þróun Háskólans frá árinu 1986 eftir Þóri Kr. Þórðarson prófessor við Guðfræðideild, en þar er greint frá því að á sjöunda áratugnum hafi hafist „sú sókn til aukinna rannsókna“ sem markaði starf Háskólans síðasta aldarfjórðunginn á 20. öld. „Þróunarsaga Háskólans tók stökk fram á við í átt að auknum rannsóknum“ og tengdist þeirri almennu skoðun sem óðum var að ryðja sér til rúms að „á Íslandi væri að rísa ný gerð þjóðfélags, byggð á tækni, vísindum og efnahagsframförum.“¹¹ Orð Þóris lýsa vel þeirri bylgi almennrar umræðu um tengsl menntunar, vísinda og hagþróunar sem einkenndi sjöunda áratuginn. Áratugurinn markaðist þannig af feiknalegri áherslu á mátt menntunar til að auka þjóðfélagslegan hagvöxt og lífskjör.

¹⁰ Ingólfur Á. Jóhannesson, *Menntakerfi í mótun*, 78–79.

¹¹ Þórir Kr. Þórðarson, „Frá embættismannaskóla til vísindaseturs“, 13.



2. Viðreisnarstjórn og menntamál

Velþekkt er sú staðreynd að tímabil svokallaðrar viðreisnarstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks á árunum 1959–71 markaði tímamót í stjórnmálasögu þjóðarinnar, hagþróun og atvinnumálum. Árið 1960 er talið marka þáttaskil í hagstjórn hér á landi á 20. öld. Eins og ýmsir sagnfræðingar hafa fjallað um þá voru gerðar mikilvægar breytingar á skipulagi efnahagsmála, og haftatímabilið svokallaða leið undir lok. Með orðum Magnúsar S. Magnússonar var stefnt að því að „aðlaga tiltölulega lokað kapítalískt hagkerfi“, þ.e. íslenska hagkerfið, að almennum efnahagslegum straumum í hinum vestræna heimi. Markmiðið var þannig að „sambætta íslenska hagkerfið þeirri þróun sem átti sér stað á Vesturlöndum“, þróun sem kennd hefur verið við félagslegan markaðsbúskap og tengd við uppbyggingu velferðarkerfisins.¹²

Viðreisnarárin voru hluti hins langa og samfellda hagvaxtar-tímabils sem áður hefur verið rætt, en á árunum 1962–66 jukust tekjur þjóðarþúsins um rúmlega 10% á ári að meðaltali. Þar kom fyrst og fremst til mikill síldaraflí og hátt verð á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum.¹³ Áhersla jókst ennfremur mjög á velferðar- og menntamál, en útgjöld til fræðslumála og heilbrigðismála tvöfölduðust næstum því á tímabilinu. Árið 1959 runnu 3,8% landsframleiðslunnar til fræðslu- og heilbrigðismála, en árið 1971, þegar viðreisnarstjórnin fór frá, var þetta hlutfall orðið 7,5%.¹⁴

Stóraðgerðir viðreisnarstjórnarinnar á sviði efnahagsmála mörkuðu tímamót í íslenskri þjóðfélagsþróun á 20. öld, og hafa efnahagsmálin á vissan hátt setið í öndvegi þegar stjórnar þessarar er minnst. Þar má benda á umfjöllun tímaritsins Nýrrar Sögu árið 1988 um

¹² Ólafur Rastrick og Sumarliði R. Ísleifsson, *Stjórnarráð Íslands 1964–2004* II, 29–30. – Magnús S. Magnússon, „Efnahagsþróun á Íslandi 1880–1990“, 209.

¹³ Ólafur Rastrick og Sumarliði R. Ísleifsson, *Stjórnarráð Íslands 1964–2004* II, 36.

¹⁴ Ólafur Rastrick og Sumarliði R. Ísleifsson, *Stjórnarráð Íslands 1964–2004* II, 83.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.2 FJÖLGUN STÚDENTA OG NÝ VÍSINDASTEFNA

stjórnartímabil viðreisnarstjórnarinnar, en tímaritið tekur hana sem dæmi um bæði umdeilda og umtalaða stjórn, einnig löngu eftir að stjórnartíð hennar lauk. Tiltekur ritið sérstaklega að oft hafi verið vitnað í efnahagsaðgerðirnar sem hún stóð að árið 1960 fyrir utan stóriðjuframkvæmdir og inngöngu Íslendinga í Fríverslunarbandalag Evrópu.¹⁵

Þó hefur verið á það bent að algengt sé hér á landi að menn horfi frekar til efnahagsþáttanna en hinna þjóðfélagslegu þátta þegar lagt sé mat á hvaða árangri ríkisstjórnir hafi náð. Síður sé „fjallað um stöðugleika í þjóðfélaginu, frið á vinnumarkaði, breytingar á stjórnkerfi, lífskjör og stéttskiptingu, menningarafrek og búferlaflutninga“. Síðarnefndu þættirnir séu þó ekki síður mikilvægir.¹⁶ Við þá þætti í upptalningunni sem sjaldnar hafa verið taldir skipta máli í afrekaskrá ríkisstjórna má án efa bæta vísindastefnu og menntamálum.

Því má velta fyrir sér hvort sú þögn sem ríkir um þessa mikilvægu hluta stjórnmalanna bendi til þess að þættir á borð við lífskjör, menningarafrek, þjóðfélagslegan stöðugleika og menntamál hafi á einhvern hátt þótt hafa minna vægi innan stjórnmalasviðsins en efnahagsmálin. En hér skal í það minnsta byggt á því viðhorfi að málefni á borð við menntamál skuli vera í brennidepli þegar störf ríkisstjórna og stjórnmalamanna eru tekin til umfjöllunar. Það hefur aftur á móti í för með sér að mikilvægt er að taka til athugunar þá stjórnmalamenn og þær ríkisstjórnir sem komu við sögu við þróun menntamála. Afstaða og aðgerðir viðreisnarstjórnarinnar skipta þannig miklu þegar breytingar sjöunda og áttunda áratugarins á sviði vísindastefnu og menntamála eru skoðaðar, en umrætt tímabil var tími mikilla umsvifa á sviði fræðslumála og rannsókna á Íslandi, enda var íslenskt skólakerfi tekið til gagngerrar endurskoðunar og mótuð ný og gerbreytt stefna á sviði menntamála.

Þannig var unnið að víðtækri endurskoðun á íslenski skólalöggjöf á þessum tíma. Að frátalinni nýrri löggjöf um Háskóla Íslands, sem sett var árið 1970,¹⁷ var sett ný og breytt löggjöf um fjölmarga sérskóla á sviði kennslu, tæknimála, iðnaðar og lista, og enn öðrum skólum var komið á fót á þessum sviðum. Þar má nefna að stofnuð var „eins árs menntadeild“ við Kennaraskólann þar sem ljúka mátti stúdentsprófi,¹⁸ og var hann síðan gerður að Kennaraháskóla árið 1971. Ný heildarlöggjöf um Myndlista- og handíðaskóla Íslands var sett árið 1965, og árið 1963 var sett tímamótalöggjöf um fjárhags-

¹⁵ „Viðreisnarstjórnin“, 95.

¹⁶ Stefán Ólafsson, „Viðreisnarárin: Gæfa eða gjörvuleiki ríkisstjórnar?“, 100.

¹⁷ Ólafur Rastrick og Sumarliði R. Ísleifsson, *Stjórnarráð Íslands 1964–2004* II, 115–17.

¹⁸ *Almenningsfræðsla á Íslandi* II, 77.



Viðreisnarstjórnin í upphaflegri mynd, undir stjórn Ólafs Thors, 1959–63, með forseta Lýðveldisins. Frá vinstri: Gunnar Thoroddsen fjármálaráðherra, Ingólfur Jónsson landbúnaðar- og samgöngumálaráðherra, Bjarni Benediktsson dóms-, kirkjumála- og iðnaðar-ráðherra, Ólafur Thors forsætisráðherra, Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, Ásgeir Ásgeirsson forseti, Guðmundur Í. Guðmundsson utanríkisráðherra, Emil Jónsson sjávarútvegs- og félagsmálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra. Síðar áttu eftir að verða ýmsar breytingar á stjórninni en Gylfi hélt áfram að stýra Menntamálaráðuneytinu allt til stjórnarskipta 1971.

legan stuðning við tónlistarskóla í landinu. Þar með var lagður grunnur að þeirri miklu eflingu tónlistarskóla sem einkenndi íslenskt skólalíf á síðustu áratugum 20. aldar. Þá var Tækniskóli Íslands stofnaður árið 1963, komið var á fót Fiskvinnsluskóla árið 1971, og árið 1966 voru sett ný heildarlög um iðnfræðslu í landinu. Utan alls þessa var komið á fót skólarannsóknardeild við Menntamálaráðuneytið árið 1966 sem fylgdist með því hvernig skólanámskráin væri framkvæmd og gerði tillögur um nýja kennsluhætti. Þar að auki var unnið að nýjum grunnskólalögum, en frumvarp um þau var fyrst lagt fram á Alþingi veturinn 1970–71.¹⁹ Að lokum voru einnig sett mikilvæg lög á sviði rannsóknarmála, en heildarlög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna voru sett árið 1965.²⁰

Eins og sjá má af þessari upptalningu var íslensku skólakerfi umbylt á valdatíma viðreisnarstjórnarinnar, og þegar sú saga er metin verður ekki horft framhjá þætti ákveðins einstaklings í þessari þróun, þ.e.a.s. menntamálaráðherra sjálfs, Gylfa Þ. Gíslasonar, en hann gegndi því embætti frá árinu 1956 til 1971 eða í heil fimmtán ár, og þar af allan viðreisnartímann.²¹ Ekki er vafi á að Gylfi var öflugur í þessu starfi, og margt bendir til að það hafi verið gæfa fyrir þróun íslenskra menntamála að forysta þeirra skyldi vera á hans höndum á því umbreytingatímabili sem hér er til umræðu. Þar skiptir verulegu máli að Gylfi Þ. Gíslason var „einn af fremstu forystumönnum íslenskra jafnaðarmanna á 20.

¹⁹ Gylfi Þ. Gíslason, *Viðreisnarárin*, 142–43.

²⁰ Gylfi Þ. Gíslason, *Viðreisnarárin*, 142–43. – Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 81–85, 234.

²¹ *Alþingismannatal 1845–1995*, 190–91.

öldinni og einn áhrifamesti stjórnmalamaður Íslendinga á sinni tíð“ eins og greint var frá í forystugrein Morgunblaðsins við lát hans árið 2004. Það er því ljóst að hann hafði það bolmagn sem þurfti til að beita sér fyrir grundvallarbreytingum á skólakerfinu á sjöunda áratug 20. aldar.²²

Gylfi hafði einnig góðar forsendur til þessara verka. Hann var sjálfur í hópi best menntuðu stjórnmalamanna og ráðherra sem setið hafa að völdum á Íslandi, en hann lauk kandídatprófi í rekstrarhagfræði frá háskólanum í Frankfurt í Þýskalandi árið 1939 og doktorsprófi frá sama skóla árið 1954. Til íslenskra menntamála þekkti hann vel, enda hafði hann verið prófessor í viðskiptafræði við Háskóla Íslands frá árinu 1946. Gegndi hann því starfi til ársins 1956 og síðan aftur 1972–87.²³

Ennfremur er fróðlegt að skoða stöðu Alþýðuflokksins á tímabilinu, en hún virðist hafa verið með þeim hætti að ráðherra hafi haft óvenjulegt svigrúm til að hrinda í framkvæmd viðamiklum breytingum. Í því sambandi má benda á skrif Svans Kristjánssonar, en hann telur óhætt að fullyrða að í u.þ.b. fjóra áratugi, eða 1930–70, hafi stjórnmalamaður og stjórnmalaflokkar almennt haft sterkari stöðu en bæði á undan og eftir.²⁴ Þá álitur hann ennfremur að hluta viðreisnartímans, eða árin 1967–71, hafi Alþýðuflokkurinn haft nokkra sérstöðu. Staða flokksins hafi virst sterkari en oft áður, en hann hafði verið í ríkisstjórn samfelld frá árinu 1956, fyrst í vinstristjórn og í viðreisnarstjórninni frá árinu 1959. Á þessum tíma hafi flokkurinn verið í lykilaðstöðu við stjórnarmyndanir, og innan hans hafi ríkt meiri samheldni en áður í sögu hans.²⁵

Þá hefur verið bent á að samstarf stjórnarflokkanna tveggja, Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, hafi verið með ágætum.²⁶ Var þetta án efa eitt atriðið í þeirri stjórnmalalegu stöðu sem skapaðist og gerði ráðherra kleift að beita sér með þeim hætti sem hann gerði við uppbyggingu menntakerfisins í landinu.²⁷

3. Ný vísinda- og menntastefna

Til þess að gera grein fyrir umræðu í upphafi sjöunda áratugarins um vísindi og rannsóknir er fróðlegt að líta á tvö plögg sem var ætlað það hlutverk að móta framtíðarstefnu þjóðarinnar í þessum efnunum. Var þetta annars vegar skýrsla sem Rannsóknaráð ríkisins gaf út í maímánuði árið 1960 og bar heitið *Þróun rannsókna og tilrauna á Íslandi 1950–1960*.²⁸ Hins vegar voru á ferð drög að

²² *Morgunblaðið* 27. ágúst 2004, 26. Forystugrein.

²³ *Alþingismannatal 1845–1995*, 190–91.


²⁴ Svanur Kristjánsson, „Stjórnmalaflokkar, ríkisvald og samfélag 1959–1990“, 362.

²⁵ Svanur Kristjánsson, „Stjórnmalaflokkar, ríkisvald og samfélag 1959–1990“, 376.

²⁶ Guðni Th. Jóhannesson, „Bjarni Benediktsson“, 308–09.

²⁷ Gylfi Þ. Gíslason, *Viðreisnarárin*, 144–45.

²⁸ Steingrímur Hermannsson, *Þróun rannsókna og tilrauna á Íslandi 1950–1960*.



Eitt af hinum sígildu vanda-
 málum rannsóknarstarfs á
 Íslandi var fjárskortur. Hér
 er línurit eftir Steingrím
 Hermannsson, þá fram-
 kvæmdastjóra Rannsóknar-
 ráðs ríkisins en síðar for-
 setisráðherra, þar sem hann
 ber saman framlög ríkja til
 rannsókna á árunum 1950–
 60, reiknuð sem hundraðs-
 hluti af þjóðarframleiðslu.
 Fyrir Bandaríkin eru tvær
 línur og eru rannsóknir til
 hervarna taldar með í
 annari (a) en ekki hinni
 (b). Í öðrum löndum eru
 framlög til hernaðarrann-
 sókna ekki talin með. Ísland
 er lengst af lægst og stendur
 í stað meðan hin ríkin auka
 framlög sín stöðugt.

frumvarpi til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og álit meirihluta Atvinnuálanefndar ríkisins þar að lútandi, en nefndin skilaði þessum drögum af sér á sama tíma, í apríl árið 1960.²⁹ Lög um þetta efni voru þó ekki samþykkt fyrr en árið 1965.³⁰ En skýrslan og frumvarpsdrögin voru að miklu leyti samhljóða hvað varðaði sýn á þróun rannsókna. Saman gefa heimildir þessar glögga mynd af hugmyndum og orðræðu í upphafi sjöunda áratugarins um gildi og hlutverk vísinda og mennta í íslensku þjóðfélagi, bæði fyrir eflingu hagvaxtarins og almennar framfarir á flestum sviðum mannlífsins.

Skýrsla Rannsóknaráðs olli talsverðu fjaðrafoki er hún var gefin út, enda kom þar fram alvarleg gagnrýni á stöðu Íslendinga og stefnu í rannsóknarmálum.³¹ Þannig sýndi samanburður við aðrar vestrænar þjóðir, lönd á borð við Bandaríkin, Bretland, Holland, Svíþjóð og Noreg, að á sama tíma og þessar þjóðir hefðu „talið það nauðsynlegt þjóðarhag sínum og jafnvel tilveru“ að margfalda framlag sitt til vísinda og rannsóknarmála var hið sama ekki raunin á Íslandi. Þvert á móti stóð það hlutfall af þjóðarframleiðslunni sem notað var til vísindastarfsemi og rannsókna að mestu í stað á áratugnum frá 1950 til 1960.³²

²⁹ Þskj. Mmrn. 1989 B/1893. Frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. – Sjá einnig *Í ljósi vísindanna*, 27.

³⁰ *Í ljósi vísindanna*, 31.

³¹ *Í ljósi vísindanna*, 24–25. – Dagur B. Eggertsson, *Steingrímur Hermannsson II*, 170–72.

³² Steingrímur Hermannsson, *Þróun rannsókna og tilrauna á Íslandi 1950–1960*, 12, 17.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.2 FJÖLGUN STÚDENTA OG NÝ VÍSINDASTEFNA

Skýrsla Rannsóknaráðs varð tilefni til fyrirspurnar á Alþingi um rannsóknarmál í landinu. Var hún borin fram af Eggerti G. Þorsteinsyni sem sagði að mikið hefði verið rætt um rannsóknarmál í landinu að undanfögnu og hefði mönnum ekki borið saman um „að hve miklu leyti hið opinbera sinni þessum málum.“ Umræða þessi varð tilefni til brýnu milli menntamálaráðherra og Rannsóknaráðs, en skemmst er frá því að segja að sá boðskapur að Íslendingar væru slákir eftirbátar nágrannaþjóðanna í rannsóknarmálum féll ekki í kramið hjá ráðherra.³³ Hann gerði fjölmargar athugasemdir við þær upplýsingar sem Rannsóknaráð hélt á lofti, varði hlut stjórnvalda kröftuglega og benti t.d. á að nútímaþjóðfélag á Íslandi hefði verið byggt upp frá grunni á afar stuttum tíma.³⁴ Aftur á móti er varla vafi á því að hvað varðaði almenna sýn á þróun vísinda og mótun íslenskrar vísindastefnu þá var ráðherra á mjög svipuðu máli og höfundar þeirra plaggja er Rannsóknaráð sendi frá sér vorið 1960. Sést það m.a. á framsöguræðu hans á Alþingi árið 1962 með frumvarpi um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sem byggðist að talsverðu leyti á álitum Atvinnuámalanefndar.³⁵

Í nefndum drögum að frumvarpi frá árinu 1960 var þróun rannsóknarmála frá því í síðari heimsstyrjöld rakin bæði til uppbyggingar þeirrar er varð í kjölfar styrjaldarinnar og til tækniþróunar er varð í stríðinu sjálfu. Þá kom það sér vel að í heimsstyrjöldinni var miklu fjármagni varið til „sköpunar á nýrri tækni“, og var afrakstur þess svo góður að „stórþjóðirnar ákváðu að minnka ekki fjármagn það, sem þær vörðu til rannsókna og leitar að nýjungum, heldur tóku þær að auka slíkt í stórum stíl“. Þar sagði jafnframt að þeim árum er liðin væru frá síðari heimsstyrjöld, sem voru ekki nema fimmtán, hefðu margir viljað líkja „við aðra iðnbyltingu“, svo víðtæk hefðu umskiptin orðið á sviði iðnaðar og iðnaðarframleiðslu.³⁶ Hraði nýsköpunarinnar ykist sífellt, og því til sönnunar starfaði í Bandaríkjunum „um helmingur alls vinnandi fólks ... við framleiðslu, sem var óþekkt fyrir 50 árum“. Því væri þó spáð „að hraði þróunarinnar muni enn aukast svo mjög, að eftir aðeins 25 ár muni aftur helmingur alls starfandi fólks í Bandaríkjunum þá vinna við framleiðslu, sem er óþekkt í dag.“³⁷

Kjarni þessara umræðna snerist um tengsl iðnþróunarinnar við hagvöxt og aukna þjóðarframleiðslu. Bandaríkjamenn og Svíar voru sérstakt viðmið í þeim efnum eins og vel kom fram í ræðu menntamálaráðherra á Alþingi árið 1962.

³³ Dagur B. Eggertsson, *Steingrímur Hermannsson II*, 169–70. – *Alþingistíðindi* 1960 D, 1142–43. – *Í ljósi vísindanna*, 24–25.

³⁴ *Alþingistíðindi* 1960 D, 1143–45.

³⁵ *Þskjs.* Mmrn. B/1893. Frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 29.

³⁶ *Þskjs.* Mmrn. B/1893. Frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 21.

³⁷ Steingrímur Hermannsson, *Þróun rannsókna og tilrauna á Íslandi 1950–1960*, 1.

Í skýrslu Rannsóknaráðs var spurt hvers vegna slíkt kapp hefði verið lagt á tækniþróun. Svarið fólst í rannsóknnum hagfræðinga þar sem því var haldið fram að það sem réði úrslitum um hvort þjóðarframleiðsla eða hagvöxtur ykist væri í raun ekki auknar fjárfestingar meðal þjóðarinnar né heldur aukið vinnuafli heldur það hvort þjóðirnar bæru gæfu til að átta sig á gildi þeirra þátta sem í skýrslunni eru m.a. kallaðir „ný tækni“ og „hinn mannlegi þáttur“, eða með öðrum orðum sú menntun sem þjóðfélagsþegnarnir réðu yfir til að þróa tæknina áfram. Þetta væru þau atriði sem ávallt hefðu mest að segja um aukningu þjóðarframleiðslu.³⁸

Þegar þetta væri haft í huga, sagði í skýrslu Rannsóknaráðs, þá væri engin furða þótt þróun á sviði tækni og vísinda væri eitt helsta keppikefli nútímaþjóðfélaga. Færni á þessum sviðum væri í raun það sem skildi milli feigs og ófeigs í þróun nútímaþjóðfélaga og skæri á endanum úr um hvort þjóðirnar mundu ná að vaxa og blómstra (og um leið að halda í við nágrenni) ellegar að heltast úr lestinni.³⁹

Umræddar heimildir gefa afar fróðlega innsýn í hugmyndir þær og orðræðu um tengsl mennta- og hagvaxtar sem áttu eftir að vera svo yfirgnæfandi í umræðu um skóla- og menntamál á öllum skólastigum á sjöunda áratugnum, ekki síst á háskólastigi. Tengslin milli hagþróunar, vísindaframfara og menntamála áttu eftir að verða meginþema í umræðu sjöunda áratugarins um menntamál og megin-drifkraftur að baki þeim. Menntamálaráðherra lagði á þetta þunga áherslu og sagði að í vísindastarfsemi, tækni og menntun fælist, svo að óumdeilt væri, lykillinn að þróun þjóðfélaga í framtíðinni. Í ræðu sinni fjallaði hann í fyrsta lagi um gildi vísindanna fyrir framfarir að öllu leyti og mannlega heill, í öðru lagi fyrir framleiðsluna og hagvöxtinn og benti svo á að allt þetta sýndi að landsins hamingja væri ekki síst undir því komin að efla rannsóknir og menntun.⁴⁰

Eins og fram kemur í þessum umræðum öllum þá hafði hinn menntaði einstaklingur að mörgu leyti breytt um hlutverk. Honum var nú ekki aðeins ætlað að gegna vel sínum störfum í embættismannakerfinu eða halda uppi menningu þjóðarinnar og menntalífi. Hann var nú skyndilega orðinn lykilpersóna í hagfræðilegum skilningi og hafði grundvallaráhrif á möguleika hvers þjóðfélags til að njóta góðs af og framfylgja kalli tímans um þjóðhagslegan vöxt og velmegun. Þessi umræða hafði mikil áhrif á framvindu mennta- og rannsóknarmála og er grundvallarþáttur í að útskýra þá staðreynd

³⁸ Steingrímur Hermannsson, *Þróun rannsókna og tilrauna á Íslandi 1950–1960*, 1–2. – *Alþingistíðindi* 1962 C, 203.

³⁹ Steingrímur Hermannsson, *Þróun rannsókna og tilrauna á Íslandi 1950–1960*, 2.

⁴⁰ *Alþingistíðindi* 1962 C, 203–04.

að hugmyndir og áætlanir um hina stórkostlegu þenslu menntakerfisins á sjöunda áratugnum mættu líttillu sem engri fyrirstöðu eða mótmælum. Hér má einnig vitna í orð Helga Skúla Kjartanssonar í riti hans Ísland á 20. öld, en þar ræðir hann einmitt um að á síðasta aldarfjórðungi 20. aldar hafi tekið að ryðja sér til rúms nýtt hugtak sem smám saman varð á hvers manns vörum. Þetta var hugtakið „mannauður“ sem er þýðing á enska hugtakinu „human capital“.⁴¹ Hugtak þetta kemur hvorki fyrir í skýrslu Rannsóknaráðs frá 1960 né í áðurgreindri framsöguræðu ráðherra um vísindastefnu. Í bókinni Viðreisnarárin, sem Gylfi Þ. Gíslason gaf út árið 1993, er það aftur á móti notað, en þar ræðir menntamálaráðherrann fyrrverandi þann auð sem felist í menntun og rannsóknum. Auðlegð þessi, segir Gylfi, geri „eflingu skóla, bæði almennra skóla og ekki sízt háskóla, nauðsynlega“ enda sé „[s]líkur auður, *mannauðurinn* ... orðinn mikilvægasta uppspretta hagsældar og farsældar“.⁴² Gefur þetta vísbendingar um að hugtakið hafi fyrst farið að ryðja sér til rúms eftir 1960, og kemur það heim og saman við niðurstöður Orðabókar Háskóla Íslands, en fyrsta heimild hennar um hugtakið í íslensku máli er frá árinu 1974.⁴³ Hugtakið átti eftir að öðlast fastan sess í íslenskum hugmyndaheimi og þjóðfélagsorðræðu, enda stefndi nú öll þróun í hugmyndafræði menntamála í landinu að því að grafa upp og „virkja“ þennan auð.

4. Stefnumörkun í menntamálum

Menntamál og rannsóknir komust rækilega á dagskrá stjórnvalda um miðbik sjöunda áratugarins. Í stefnuyfirlýsingu Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra í október 1965 var sett fram víðtæk stefna í skóla- og rannsóknarmálum, og sýnir hún vel hvernig endurskoðun á málefnum Háskóla Íslands var hugsuð í samhengi við almenna endurskoðun skólamála í landinu. Í yfirlýsingunni sagði eftirfarandi:

Ráðgerð er heildarendurskoðun á þeim þáttum skólalöggjafarinnar, sem ekki hafa verið endurskoðaðir á undanförunum árum, í þeim tilgangi að laga námsefni og skipulag skólanna að breyttum þjóðfélagsháttum, setja nýjar og einfaldari reglur um samskipti ríkis og sveitarfélaga, um stofnun og rekstur skóla og endurskipuleggja yfirstjórn fræðslumála. Teknar verði upp skipulegar, vísindalegar rannsóknir í skóla- og

⁴¹ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 424.

⁴² Gylfi Þ. Gíslason, *Viðreisnarárin*, 141. Leturbr. hér. – Helgi Skúli Kjartansson fjallar einnig um „mannauðs-sjónarmið“ í menntamálum í tengslum við stofnun Skólarannsóknadeildar Menntamálaráðuneytisins í *Almenningsfræðslu á Íslandi* II, 88–92.

⁴³ *Vef. Orðabók Háskólans*. Leitarorð: mannauður. Sótt 24. ágúst 2007. Dæmið er úr tímaritinu *Andvara*.

uppeldismálum. Samin verður framkvæmdaáætlun um skóla- byggingar á næstu árum og verður þar stefnt að því að full- nægja með skipulegum hætti þörf fyrir skólahúsnæði á öllum skólastigum. Gerð verður áætlun um eflingu íslenskra rann- sókna, bæði í raunvísindum og hugvísindum. Sérstök athugun mun fara fram í samráði við háskólaráð á nauðsynlegri eflingu Háskóla Íslands á næstu árum.⁴⁴

Forsætisráðherra mælti hér fyrir víðtækum áformum, og stefnumálin voru fjölbreytileg. Náðu þau allt frá byggingu skólahúsnæðis yfir í fræðilegar rannsóknir á menntamálum í landinu og uppbyggingu Háskóla Íslands.⁴⁵ Þannig áttu sér stað umfangsmiklar breytingar í íslenskum skólamálum og mátti í „raun og veru ... segja, að allt ís- lenzka skólakerfið ... [væri] í deiglunni, ... [væri] að endurskap- ast“, eins og menntamálaráðherra orðaði það í erindi um þróun íslenskra skólamála í apríl árið 1965.⁴⁶

Starf það sem hér fór af stað var unnið í nánú samráði við evrópska ráðgjafa á sviði menntamála og evrópskar alþjóðastofnanir, nánar til- tekið Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) í París. Í fréttatilkynningu frá Efnahagsstofnun Íslands, sem dagsett er 11. mars 1966, var gerð grein fyrir því að í flestum löndum heims væri nú verið að vinna „að áætlunargerð sem byggir á hinu nána sambandi mennt- unarmála við hagvöxtinn“. Ýmsar alþjóðastofnanir á borð við Sam- einuðu þjóðirnar, Evrópuráðið og Efnahags- og framfarastofnunina hefðu unnið að þess háttar áætlunargerð, og hefði sú síðastnefnda sér- staklega haft hina hagrænu hlið menntamála á sinni könnu.⁴⁷

Um þetta tímabil í sögu evrópskra menntamála er fjallað í ritinu *Education 1960–1990. The OECD Perspective*.⁴⁸ Þar kemur fram að í byrjun sjöunda áratugarins hafi stofnunin tekið að leggja aukna áherslu á hagvöxt innan aðildarlanda sinna. Nefnir höfundur ritsins, George S. Papadopoulos, áratuginn „gullöld hins menntunarlega vaxtar“ (*The Golden Age of Educational Growth*). Þar heldur hann því fram að kenningar um tengsl menntunar við hagvöxt hafi ýtt mjög undir vöxt á sviði menntamála og vilja til að efla almenna menntun. Hafi þessar hugmyndir haft mikil áhrif í þá átt að fella menntamál inn í almenna og opinbera stjórnarstefnu meðal Evrópu- þjóða.⁴⁹

Fram kemur að OECD hafi litið mjög til reynslu Svía við fram- kvæmd menntaáætlunarinnar, enda hafi þeir verið forystuþjóð í



Ný mynd háskólastú- entsins á sjöunda áratug 20. aldar, bók í annarri hendi en neyðsluvörur í innkaupaneti í hinni.

⁴⁴ *Alþingistíðindi* 1965 B2, 2789–90. – Ólafur Rastrick og Sumarliði R. Ísleifsson, *Stjórnar- ráð Íslands 1964–2004* II, 109–10.

⁴⁵ Ólafur Rastrick og Sumarliði R. Ísleifsson, *Stjórnarráð Íslands 1964–2004* II, 110.

⁴⁶ Gylfi Þ. Gíslason, „Skólamálin og sveitar- stjórnir“, 14.

⁴⁷ *Þskjts. Mmrn.* B/1183. Fréttatilkynning frá Efnahagsstofnun 11. mars 1966. – *Morgun- blaðið* 18. mars 1966, 3.

⁴⁸ Papadopoulos, *Educa- tion 1960–1990*, 37–58.

⁴⁹ Papadopoulos, *Edu- cation 1960–1990*, 37.

II. GRUNNMENTUNARSKÓLINN – II.2 FJÖLGUN STÚDENTA OG NÝ VÍSINDASTEFNA

Þessum efnum og hefðu lengi lagt stund á slíkar áætlanir. Því hefði stjórn verkefnisins beðið sænsk yfirvöld að gera skýrslu um tilhögun og aðferðir við menntaáætlanagerð þar í landi, og hefði henni verið dreift í öðrum aðildarlöndum.⁵⁰ Á tímamótafundum í sögu menntamála innan OECD, sem haldinn var í Washington D.C. í október 1961, var síðan mörkuð framtíðarstefna um menntamál innan stofnunarinnar og aðildarlanda hennar fram til ársins 1970. Settar voru fram kenningar um tengslin milli menntunar og efnahagsmála og haldið fram tveimur grundvallargildum. Annars vegar væri sem mest menntun í þágu sem flestra æskileg í sjálfri sér, hins vegar væri menntun einn sá mikilvægasti þeirra þátta sem ýttu undir hagvöxt og hagræna þróun.⁵¹

Í framhaldi af þessu var sett fram áætlun um aukningu innan OECD-landanna á fjölda nemenda, kennara, skólabygginga og almenns kostnaðar á sviði menntamála. Tölurnar sem þar komu fram voru mikilfenglegar, en gert var ráð fyrir gríðarlegri fjölgun nema á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Áætlað var að fjöldi nemenda á aldrinum 15–19 ára mundi aukast um 94% og fjöldi 20–24 ára nemenda ykist um 81%. Um leið var ljóst að þetta voru þau skólastig sem erfiðast var að setja fram nokkra spádóma um, enda réðist fjöldi nemenda á þessum stigum af mjög flóknu samspili lýðfræðilegra, efnahagslegra og félagslegra þátta. Þá voru þetta þau stig innan skólakerfisins sem hvað dýrust voru í rekstri. Allt þetta leiddi til þess að tilmæli voru sett fram um að menntamálaráðuneyti hinna ýmsu aðildarlanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar settu fram þróunaráætlanir á sviði menntamála innan ráðuneyta sinna.⁵²

Sú staðreynd að OECD skyldi leggja nafn sitt við og samþykkja niðurstöður Washingtonfundarins gerði menntamálaráðherrum um alla Evrópu auðveldara að krefjast þess að ríkin legðu verulegt fjármagn til þessara mála. Á fundi sem haldinn var í Rómaborg árið 1962 samþykktu ráðherrar menntamála í aðildarlöndunum einróma niðurstöður fundarins í Washington. Og ekki var látið sitja við orðin tóm því á næstu árum beitti Efnahags- og framfarastofnunin sér fyrir samræmdum skipulagningar- og áætlunargerðum á sviði menntamála í sínum fimmtán aðildarríkjum. Starfsemi þessi var skipulögð innan ramma verkefnis sem bar heitið *Educational Planning and Investment Program* (EIP), en það var komið í fullan gang í lok árs 1962.⁵³

Íslensk yfirvöld ákváðu að gerast þátttakendur í þessari áætlun, og tók Menntamálaráðuneytið þakksamlega boði frá OECD um að

⁵⁰ *Þskjs. Mmrn. B/1183. Efnahagsstofnunin. Nokkur efnisatriði ... frá 2. og 3. júní 1965, 7.*

⁵¹ Papadopoulos, *Education 1960–1990*, 37–38.

⁵² Papadopoulos, *Education 1960–1990*, 38–39.

⁵³ Papadopoulos, *Education 1960–1990*, 47. – *Þskj. Mmrn. 1989 B/1183. Efnahagsstofnunin. Nokkur efnisatriði ... frá 2. og 3. júní 1965, 6.*



Fimm menntamálaráðherrar: Brynjólfur Bjarnason 1944–47, Eysteinn Jónsson 1947–49, Gylfi Þ. Gíslason 1956–71, Magnús Torfi Ólafsson 1971–74, Ragnhildur Helgadóttir 1983–85.

aðstoða Íslendinga við gerð menntamálaáætlunar.⁵⁴ Á fundi sem haldinn var á vegum Efnahagsstofnunar Íslands í byrjun júní 1965 gerði Torfi Ásgeirsson, skrifstofustjóri stofnunarinnar, grein fyrir þeirri ákvörðun Menntamálaráðuneytisins að fela „Efnahagsstofnuninni, í samráði og samvinnu við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, að gera langtíma – 10 til 15 – ára – áætlun um menntaþörf þjóðarinnar og um þau skipulags- og fjárhagsvandamál, sem leysa þarf í því sambandi“. Sagði hann enn fremur að nokkuð hefði verið starfað að þessum málum þá að undanfögnu, en ætlunin væri að hefja skipulega vinnu þann 1. júlí þetta ár.⁵⁵ Stofnun þessari, Efnahagsstofnun Íslands, hafði verið komið á fót árið 1962, og var henni ætlað að sjá um hagrænar rannsóknir og áætlanir fyrir ríkisstjórn Íslands.⁵⁶ En í máli Torfa Ásgeirssonar kom fram að stofnuninni hefði verið falin umsjón með menntamálaáætluninni þar sem ekki var til þess mannaflí í Menntamálaráðuneytinu sjálfu.⁵⁷ Sagði hann einnig að viðhorf á Íslandi til áætlunargerðar á sviði skólamála hefðu nýverið tekið miklum breytingum, aðeins fáeinum árum áður „hefðu hógværar tilraunir til áætlanagerðar um skólabyggingar mætt – ekki beint andstöðu – en að minnsta kosti tregðu, en nú kæmu kröfur um heildaráætlun menntamála úr öllum áttum.“⁵⁸

Í gögnum Efnahagsstofnunar er rætt hvernig samvinnunni við Efnahags- og framfarastofnun Evrópu skyldi háttað, en ákveðið var að stofnunin sæi hópi Íslendinga fyrir þjálfun í að vinna að slíkri

⁵⁴ *Þskjs.* Mmrn. 1989 B/ 1183. Fyrsti fundur ráðgjafarnefndar um menntamála- og mannaflááætlunir 28. apríl 1966.

⁵⁵ *Þskjs.* Mmrn. 1989 B/ 1183. Efnahagsstofnunin. Nokkur efnisatriði ... frá 2. og 3. júní 1965, 1.

⁵⁶ Ólafur Rastrick og Sumarliði R. Ísleifsson, *Stjórnarráð Íslands 1964–2004* II, 53–55.

⁵⁷ *Þskjs.* Mmrn. 1989 B/ 1183. Efnahagsstofnunin. Nokkur efnisatriði ... frá 2. og 3. júní 1965, 30.

⁵⁸ *Þskjs.* Mmrn. 1989 B/ 1183. Efnahagsstofnunin. Nokkur efnisatriði ... frá 2. og 3. júní 1965, 12.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.2 FJÖLGUN STÚDENTA OG NÝ VÍSINDASTEFNA

⁵⁹ *Dskjs*. Mmrn. 1989 B/1183. Efnahagsstofnunin. Nokkur efnisatriði ... frá 2. og 3. júní 1965, 1–2 og fréttatilkynning frá Efnahagsstofnun, dags. 11. mars 1966. – *Dskjs*. Mmrn. 1989 B/1183. Bréf til menntamálaráðherra frá Torfa Ásgeirssyni 6. okt. 1965. Í uppkasti að fréttatilkynningu 1966 kemur fram að það var Klaus Bahr sem fyrstur hreyfði þessu máli við íslensk yfirvöld. – *Dskjs*. Mmrn. 1989 B/1183.

⁶⁰ Torfi Jónsson, *Æviskrár samtíðarmanna III*, 344–46.

⁶¹ *Dskjs*. Mmrn. 1989 B/1183. Bréf Efnahagsstofnunar til Menntamálaráðuneytis 16. nóv. 1965.

⁶² *Dskjs*. Mmrn. 1989 B/1183. Frétt frá Efnahagsstofnun 11. mars 1966 og bréf til Menntamálaráðuneytis 16. nóv. 1965.

⁶³ *Dskjs*. Mmrn. 1989 B/1183. Country Report. Submitted by the EIP-team of Iceland og Bréf Efnahagsstofnunar til menntamálaráðuneytis 16. nóv. 1965. – Sjá einnig *Dskjs*. Mmrn. 1989 B/1183. Fundur ráðgjafarnefndar um menntamála- og mannaflaáætlanir 28. apríl 1966.

⁶⁴ *Dskjs*. Mmrn. 1989 B/1183. Frétt frá Efnahagsstofnun 11. mars 1966.

⁶⁵ *Dskjs*. Mmrn. 1989 B/1183. Menntamálaáætlun, verkefnalisti 9. mars 1966.

áætlunargerð og réði ennfremur sérfræðinga til að vinna að íslensku áætluninni. Þetta voru þeir Klaus Bahr, forstöðumaður EIP-deildar Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, þ.e. þeirrar deildar sem vann að samræmingu og skipulagningu áætlunargerðar um menntamál í aðildarlöndum OECD, og Wolfgang Edelstein. Báðir unnu þeir við Rannsóknarstofnun menntamála í Berlín.⁵⁹ Sá síðarnefndi, Wolfgang Edelstein, átti eftir að verða áhrifamaður innan íslensks skólakerfis sem ráðgjafi Menntamálaráðuneytisins í skólamálu.⁶⁰

Háskóli Íslands átti aðild að umræddri menntaáætlun, en menntamálaráðherra skipaði svokallaða ráðgjafarnefnd sem var ætlað að vinna með starfshópi Efnahagsstofnunar að menntaáætluninni. Nefndin átti þó fyrst og fremst að vera til ráðgjafar og skyldi fá til umfjöllunar bæði einstaka þætti áætlunargerðarinnar og lokaáætlunina sjálfa.⁶¹ Í nefndina skyldu valdir framámenn þeirra menntastofnana og annarra stofnana sem nauðsyn væri að hafa „traust sambönd við“, og áttu í henni sæti fulltrúar helstu stofnana í landinu á sviði skólamála.⁶² Fyrir hönd Háskóla Íslands tók sæti í nefndinni rektor skólans, Ármann Snævarr, en þar áttu einnig fulltrúa Kennaraskóli Íslands, Tækniskóli Íslands, iðnskólarnir og menntaskólarnir. Meðal annarra stofnana er áttu fulltrúa í nefndinni voru t.d. Fjármálaráðuneytið, Fræðslumálaskrifstofan og Rannsóknaráð ríkisins en fyrir hönd þess settist í nefndina Steingrímur Hermannsson sem svo mikla hlutdeild átti í vísindastefnumótun ríkisins um 1960. Formennska í nefndinni skyldi vera í höndum menntamálaráðherra sjálfs.⁶³

Nefnd þessi kom í fyrsta sinn saman á fundi í mars árið 1966 og tók til umfjöllunar skýrslu frá starfshópi þeim sem unnið hafði að undirbúningi áætlunarinnar og sett fram starfsáætlun eða verkefnalista.⁶⁴ Hann fól m.a. í sér almenna lýsingu íslenska menntakerfisins, áætlanir um mannfjöldapróun, kostnaðargreiningu og yfirgrípamikla úttekt á hinum ýmsu skólástigum. Hvað varðaði Háskóla Íslands var m.a. gert ráð fyrir að athuga, eins og þar sagði, „[þ]róun kandidata 1950–1965“, meðalnamstíma kandidata og að gera áætlun um fjölgun háskólanemenda. En nánar verður fjallað um úttekt á málu Háskóla Íslands síðar.⁶⁵

Hin hagræðilega hugmyndafræði var í miðdepli nýrrar stefnuáætlunar á sviði menntamála. Í því sambandi er fróðlegt að líta á umræður sem fram fóru um mitt ár 1965, en í byrjun júní það ár var haldinn fundur um fyrirhugaða menntaáætlunargerð á vegum Efna-

hagsstofnunar, í fundarsal fræðslumálastjóra í Reykjavík. Fundinn sóttu fulltrúar ýmissa stofnana á borð við t.d. Iðnaðarmálastofnun, Hagstofu Íslands og fræðslumálastofnun. Þá áttu þar sæti fulltrúar menntaskólanna og skólastjórar Kennaraskóla Íslands og Tækniskóla Íslands, en fyrir hönd Háskólans sóttu fundinn Trausti Einarsson prófessor og Magnús Magnússon prófessor.⁶⁶ Inngangserindi héldu tveir erlendir menntaforkölfar, áður nefndur Klaus Bahr og Norðmaðurinn Kjell Eide, forstöðumaður áætlunardeildar norska menntamálaráðuneytisins, en þeim var ætlað, eins og Torfi Ásgeirsson orðaði það, að veita Íslendingum „ljósmóðurhjálp við þennan íslenzkan frumburð á sviði áætlanagerðar“.⁶⁷

Klaus Bahr tók fram í upphafi máls síns að það mætti skoða erindi hans „sem eins konar varnarræðu“ fyrir þeirri ákvörðun Efnahagssamvinnustofnunarinnar að beita sér fyrir aðgerðum á sviði menntamála í sínum aðildarlöndum, enda fólst í máli hans viðtækur rökstuðningur fyrir því að hagrænir þættir tengdust menntamálum nánum böndum. Þótt Bahr varaði við því að horfa á menntun sem tiltölulega einfalda framleiðslu þá lyti hún samt sem áður lög- málum framleiðslunnar, „naudsynlegt [væri] að taka tillit til framleiðslusérkenna menntakerfisins, þegar móta skal stefnu í menntamálum“.⁶⁸

Málflutningur Bahrs á fundi Efnahagsstofnunar um menntaáætlunargerð byggðist almennt á tveimur þáttum sem báðir voru fjárhagslegs og hagfræðilegs eðlis. Annars vegar að framtíðarvelferð þjóðanna á sviði hagþróunar og almennrar þjóðfélagsþróunar ylti á því að mennta alla þegnana eftir því sem kostur væri. Þessi dýrmæta „framleiðsluvara“ menntakerfisins, hinn menntaði þjóðfélagsþegn, væri líklegur til að ráða úrslitum um velgengni hvers þjóðfélags. Hins vegar að kerfi þetta, svo mikilvægt sem það var, væri líka kostnaðarsamt, og það sýndi fram á nauðsyn þess að skipuleggja menntakerfið og ráðast í áætlunargerð á borð við þá sem hér stóð fyrir dyrum.⁶⁹

Hinar hagfræðilegu forsendur fyrir endurskoðun og eflingu menntakerfisins hlutu góðan hljómgrunn. Í fréttatilkynningu frá Efnahagsstofnun sem dagsett er 11. mars 1966 er ítarlega fjallað um ástæður þess að íslenska ríkisstjórnin ákvað árið áður að gangast fyrir samningu menntaáætlunar, og var þar einkum tvennt tekið til. Rætt var um hina miklu fjölgun nemenda á öllum stigum skóla- kerfisins, sem nú væri fyrir séð, og bent á að þetta ætti sérstaklega

⁶⁶ *Þskjs.* Mmrn. 1989 B/ 1183. Efnahagsstofnunin. Þátttakendaskrá fundar um menntaáætlunargerð 2. og 3. júní 1965.

⁶⁷ *Þskjs.* Mmrn. 1989 B/ 1183. Efnahagsstofnunin. Nokkur efnisatriði ... frá 2. og 3. júní 1965, 1–2.

⁶⁸ *Þskjs.* Mmrn. 1989 B/ 1183. Efnahagsstofnunin. Nokkur efnisatriði ... frá 2. og 3. júní 1965, 2, 4.

⁶⁹ *Þskjs.* Mmrn. 1989 B/ 1183. Efnahagsstofnunin. Nokkur efnisatriði ... frá 2. og 3. júní 1965, 4–5.



II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.2 FJÖLGUN STÚDENTA OG NÝ VÍSINDASTEFNA

Samtímis hinn almennu menntaumuræðu var starfi Háskólans þokað í átt til fagmennsku og sérhæfingar. Til dæmis voru 1962 auglýstar tvær prófessorsstöður í tannlækningum við Læknadeild, önnur í krónu- og brúargerð, svo og tannsmíði, hin í barnatannlækningum og tannholdsjúkdómum, en engir íslenskir tannlæknar höfðu þá sérmenntað sig í greinum stðara embættisins. Þetta leiddi til þess að menntamálaráðherra setti, að kröfu Tannlæknafélags Íslands 1963, í reglugerð ákvæði um þriggja ára lágmarkssérmenntun prófessora í tannlækni­sræði í klínískum greinum. Mun það vera fyrsta ákvæðið um lágmarks­menntun kennara við skólann. En reglan var afnumin, vegna kröfu Læknadeildar, 1970, með þeim rökum að sömu reglur skyldu gilda um þessi prófessorsembætti sem önnur í Læknadeild. Ekki voru á ný settar reglur um lágmarks­menntun prófessora við Háskólann fyrr en 1999. – Hér eru kennarar og stúdentar í tannlækningum á vinnustað sínum í kjallara Landspítalans vorið 1963.



við um framhaldsskólakerfið. Samhliða yrði þörf fyrir sífellt fleiri kennara, og gerðar yrðu meiri kröfur um menntun þeirra. „Þótt ekki komi annað til, væri þessi þróun ærið tilefni til ýtarlegrar rannsóknar á núverandi ástandi þessara mála“, sagði í tilkynningunni. Við þetta bættist ennfremur að menn skildu æ betur „hið nána samband, sem er á milli aukinna afkasta atvinnuveganna og menntunar þjóðarinnar, bæði almennrar menntunar og þeirrar, sem sérhæfð er í þágu atvinnulífsins.“⁷⁰

Í tilkynningunni kemur glöggt fram hversu stórt hlutverk krafan um aukinn hagvöxt lék í uppbyggingu skólakerfisins á sjöunda áratugnum. Um leið má segja að þar birtist skýrt hvernig einmitt þessi ástæða, þ.e. að tengsl væru milli menntunar og almennrar velsældar og góðæris í landinu, var notuð til þess að réttlæta þau útgjöld sem hin víðtæka uppbygging skólakerfisins hlaut að hafa í för með sér. Þannig sagði í tilkynningunni að það væri eitt „meginmarkmið stjórnarvalda ... að stuðla að sem örustum hagvexti“ og hefði „öll áætlanagerð hér sem erlendis það markmið“. Og þar sem menntun hefði „dregið að sér vaxandi athygli sem meginundirstaða örrar hagþróunar“ væri nauðsynlegt að líta nýjum augum á markmið menntunar og skoða útgjöld þjóðarinnar til menntamála í öðru ljósi en venjan væri að gera. „Í stað þess að líta á almenna menntun sem

⁷⁰ Þskjs. Mmrn. 1989 B/ 1183. Fréttatilkynning frá Efnahagsstofnun 11. mars 1966.



nauðsynlega eingöngu til skilnings einstaklingsins á umhverfi sínu og til þess að gera hann hæfari í lífsbaráttunni, verður einnig að líta á menntunina sem eitt þýðingarmesta tæki þjóðfélagsins til þess að örva framfarir, til þess að auka hagvöxtinn.“ En þar með var líka, eins og sagði í fréttatilkynningu Efnahagsstofnunar, fullkomlega réttlætanlegt að bera fjárútlát í þágu menntamála saman við skipa-kaup, byggingu verksmíðja, vegalagningar og aðra þvílíka fjárfestingu sem lagt væri í „í því skyni að auka afköst þjóðarinnar“, þótt arðurinn væri að vísu seinni að skila sér.⁷¹

5. Sjónarmið í menntaumræðu

Menntaumræða sjöunda áratugarins einkenndist af athyglisverðu og e.t.v. nokkuð flóknu samspili nokkurra þátta. Þar bar hátt hugmyndafræði hagþróunar og nauðsyn þess að efla menntun til þess að tryggja hagvöxt. Menntaumræða sjöunda áratugarins mótaðist þó af fjölmörgum öðrum sjónarmiðum en því hagfræðilega. Almennt má segja að hún hafi einkenndist af skilningi á því að breytingar væru að ríða yfir þjóðfélagið og að menntakerfið léki lykillhlutverk í þeim. Þannig tengdist menntamálaumræðan náíð sterkri vitund um hinar gríðarlegu breytingar á sviði atvinnulífs og iðnþróunar. Þessi umræða var almenn í þjóðfélaginu, og má t.d. vitna í ræðu Páls Þorsteinssonar alþingismanns um endurskoðun skólalöggjafarinnar árið 1965. Þar sagði Páll að síðan gildandi skólalöggjöf var sett hefði orðið gerbreyting á atvinnuháttum þjóðarinnar og vélvæðing rutt sér til rúms í nær öllum atvinnugreinum. Þetta gildi „ekki einungis gagnvart aðalatvinnuvegum þjóðarinnar og við stórar framkvæmdir“, breyting þessi næði líka „til margs konar iðnaðar, og notkun véla við skrifstofustörf og hvers konar skýrslugerð ryður sér ört til rúms“. Allt þetta krefðist þess að skólalöggjöfin yrði endurskoðuð, til þess að gæta þess að fræðsluferfi landsins væri „sem bezt samhæft þeim kröfum, sem gera verður með tilliti til breyttra þjóðfélagshátta og nýrrar þekkingar á sviði uppeldis- og fræðslumála“.⁷²

Umræðan mótaðist ennfremur mjög af bæði menningarlegum og félagslegum sjónarmiðum.⁷³ Spurningin um hin þjóðfélagslegu umskipti sem í deiglunni voru, hvers eðlis þau væru og hvernig skólakerfið ætti að bregðast við þeim, brann á vörum skólamanna og forkólfa í menntamálu. Í þessu fólst einnig umræða um áhrif félagslegs umhverfis og stéttarstöðu á námsferil ungmenna og námsárangur. Almennt voru í deiglunni spurningar um möguleika

⁷¹ *Þskjs.* Mmrn. 1989 B/1183. Fréttatilkynning frá Efnahagsstofnun 11. mars 1966.

⁷² *Alþingistíðindi* 1965 D, 182–83. – Kristján J. Gunnarsson, „Bókvið og askurinn“, 134–40.

⁷³ Umfjöllun um stefnur í menntaumræðum, einkum á níunda áratug 20. aldar, er að finna í kafla Ingólfs Á. Jóhannessonar „Átök um menntaumbætur“ í *Almenningsfræðslu á Íslandi 1880–2007* II, 143–48.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.2 FJÖLGUN STÚDENTA OG NÝ VÍSINDASTEFNA



Ármann Snævarr, prófessor í lögfræði, var háskóla­rektor 1960–69, lengri tíma sam­fellt en nokkur annar rektor fram til þessa.

menntakerfisins til að stuðla að jafnrétti og koma hverjum einstaklingi til nokkurs þroska, á hans eigin forsendum.⁷⁴ Slíkar spurningar fléttuðust einnig saman við hina hagfræðilegu sýn eins og Wolfgang Edelstein benti á í erindi hjá Skólastjórafélagi Íslands árið 1966. Þar bar hann viðhorf nútímans til menntanna saman við viðhorf fyrri alda þegar þær voru „skrautbúnaður ... sem ekki varð látinn í askana“. Þegar menntirnar voru „prýði á manni og því meiri prýði, sem hann var fjarlægari hagnýtum þörfum dagsins“. Þessir tímar voru liðnir sagði Edelstein, en þess í stað væru

menntirnar orðnar hagþáttur, vaxtarþáttur, skilyrði félagsvaxtarins, jafnvel aðalvaxtarbroddurinn sjálfur. Þjóðfélag, sem einkennist af vexti og nýju hlutverki skóla og mennta, getur því með jafnmiklum rétti kallast menntasamfélag, breytingasamfélag eða hagvaxtarsamfélag. Það liggur við, að öll þessi hugtök verði nothæf hvert fyrir annað ...⁷⁵

Wolfgang Edelstein hafnaði því raunar einnig að kröfur um aukna hagþróun væru að taka öll völd og að menntamálum yrði gert að þjóna henni. Það væri „rangt að halda því fram, að menntirnar séu að hverfa undir gerræði hagvaxtarins“, sagði hann en þvert á móti stæðu „gildi einstaklingsins og framför þjóðfélagsins ... nú í nánara og innilegra sambandi en fyrir hefur verið“.⁷⁶

Hér á eftir verður skoðuð umræða sem fram fór í tímaritinu Menntamálum á sjöunda áratugnum og teknar til athugunar greinar tveggja skólafrömuða um menntamál og þjóðfélagsbreytingar. Annar þeirra var áhrifamaður í uppbyggingu íslensks menntakerfis, Kristján J. Gunnarsson, skólastjóri, síðar fræðslustjóri í Reykjavík og borgarfulltrúi. Hann var skipaður í fræðslulaganefnd árið 1969 og bar m.a. upp tillögu sem samþykkt var í borgarstjórn árið 1970 um stofnun fjölbrautaskóla. Í framhaldi af þeirri samþykkt var stofnaður fyrsti fjölbrautaskólinn á Íslandi, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.⁷⁷ Hinn var prófessor í uppeldisfræðum við háskólann í Glasgow, Stanley Nisbet að nafni, en sá kom til Íslands í boði Háskólans í apríl árið 1968 og hélt þar erindið sem greinin byggðist á.⁷⁸

Báðir voru þessir menn uppteknir af því að kryfja viðhorf til menntunar í þeirri þjóðfélagsgerð sem var að hverfa. Um leið leituðust þeir við að kortleggja nútímapjóðfélagið og setja fram kenningar

⁷⁴ Benda má á ýmsar greinar Wolfgangs Edelstein í greinasafni hans, *Skóli – nám – samfélag*. – Sjá einnig Sigurjón Björnsson, *Börn í Reykjavík*, t.d. 131–47.

⁷⁵ Edelstein, „Breyttir samfélagshættir og hlutverk skólanna“, 18.

⁷⁶ Edelstein, „Breyttir samfélagshættir og hlutverk skólanna“, 18.

⁷⁷ Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur* II, 257.

⁷⁸ Kristján J. Gunnarsson, „Bókvitið og askurinn“, 113–40. – Nisbet, „Hlutverk skólamannsins“, 115–28. – Edelstein, „Breyttir samfélagshættir og hlutverk skólanna“, 2–39.



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti tók til starfa árið 1975 og var fyrsti fjölbrautaskóli landsins. Innan tíu ára varð hann stærsti skóli Íslandinga.


um hlutverk menntunar í því. Kjarninn í umræðu þeirra snerist um rökin fyrir því að létta því loki af menntakerfinu sem hleypti aðeins útvöldum hópi ungmenna í framhaldsnám og um leið að gefa öllum almenningi kost á að sækja sér framhaldsmenntun. En í þessum umræðum felst hluti af svarinu við þeirri spurningu sem lagt var upp með hér að framan, þ.e.a.s. af hverju var hömlum létt af möguleikum ungmenna til þess að sækja sér stúdentsprófsmenntun með svo afgerandi hætti sem raun bar vitni.

Í erindinu sem Nisbet hélt við Háskóla Íslands árið 1968 nefndi hann það þjóðfélag sem nú var að hverfa „þjóðfélag hinna útvöldu“. Lýsti hann þeim þjóðfélagsbreytingum sem voru að verða á þann veg að þær væru „aðallega breyting úr þjóðfélagi hinna útvöldu, sem er einfalt í sniðum, í miklu flóknara þjóðfélag félagsliða (eða *teams*) sérfræðinga, tæknifræði og fjölmiðlunartækja, þjóðfélag sundurleitara en áður, að því er snertir sérfræðilega þekkingu, en samt samræmdara í þjóðarmenningu“. Sérstakt markmið Nisbets var að kryfja þá menntastefnu og menntapólitík er tíðkast hefði í umræddu þjóðfélagi útvalinna. Benti hann á að í því hefði sá hópur ungmenna er leggja skyldi stund á háskólanám verið valinn út á unga aldri. Menntun hans hefði verið „langvarandi, einangruð og akademísk“ og námsefni í framhaldsskólum fyrir þessa nemendur verið valið „samkvæmt erfðavenju, það hvíldi fremur á sögulegum grundvelli en á nokkurri sérstakri áætlun“.⁷⁹

⁷⁹ Nisbet, „Hlutverk skólamannsins“, 116.



II. GRUNNMENTUNARSKÓLINN – II.2 FJÖLGUN STÚDENTA OG NÝ VÍSINDASTEFNA



Erindi sem skoski uppeldisfræðingurinn Stanley Nisbet hélt í Háskólanum vorið 1968 var birt á íslensku í tímaritinu Menntamáttum.

Þrír þættir, sagði Nisbet, hefðu skipt meginmáli í menntakerfi þessa þjóðfélags. Í fyrsta lagi hefði „aðalmenntunarvandamálið“ verið það „að velja úr nemendur. Sú tíð var löngu liðin, þegar uppruni og auður réðu mestu um þjóðfélagslegan frama, en gert var ráð fyrir því enn þá, að aðeins minni hlutinn – ef til vill ekki meir en ¼ hvers aldursflokks – ætti að fá frekari menntun, og vandinn var að fleyta rjómann ofan af mjólkinni“. Nisbet benti á að í þessu þjóðfélagskerfi hefði hugmyndin um meðfæddar gáfur verið mikilvægur grundvöllur menntakerfisins, og því hefðu menn lagt allt kapp á að finna aðferðir til að nýta þann takmarkaða forða sem best. Þannig sagði hann að í öðru lagi hefði „aðalatriðið við úrval á væntanlegu menntafólki í slíku þjóðfélagi [verið] hugmyndin um „vizkubrunninn“ („the pool of ability“), þar sem skipuleggjendurnir gerðu ráð fyrir því, að gáfur væru að miklu leyti meðfæddar og hlutfall fólks með gáfnastig fyrir ofan visst mark mundi alltaf haldast nokkurn veginn svipað“. Menntun hefðu þess vegna varið tíma sínum í að ræða hvernig unnt væri að nýta þennan litla efnivið á sem hagkvæmasta hátt. Í þriðja lagi hefði hin pólitíska hugsjón þessa þjóðfélags byggst á hugmyndinni um „jafnrétti til tækifæra“. Þar sem gáfur kæmu ekki í hvers manns hlut hefði verið mikilvægt að veita „öllum hæfum börnum, hvar sem hinar þjóðfélagslegu eða efnalegu rætur þeirra kynnu að liggja ... jöfn tækifæri til að klífa tind frægðar og frama“. Þetta þýddi í raun að val nemenda til langskólanáms þurfti fyrst og fremst að byggjast á gáfnaprófum, sagði Nisbet, um leið og tryggja þurfti fjárhagslega aðstoð til handa „hæfum börnum“ sem gætu ekki annars lagt stund á það nám sem þeim byðist.⁸⁰

Lýsing Stanleys Nisbet kom ágætlega heim og saman við ýmsa þætti í íslensku menntakerfi, en landsprófið svokallaða hafði m.a. það hlutverk að velja úr nemendur sem töldust hæfir til menntaskóla- og háskólanáms. En það þjóðfélagskerfi sem umrætt menntakerfi byggðist á var nú að sögn hans á undanhaldi, jafnvel þó að breytingarnar væru enn á byrjunarstigi. „Þjóðfélag hinna útvöldu getur ekki lengur þrífist á síðari hluta tuttugustu aldar, og hið nýja þjóðfélag er að myndast með erfðismunum.“⁸¹

Prófessorinn skoski var þeirrar skoðunar að skólinn, þ.e.a.s. „hinn almenni skóli ... þar sem nemendur eru ekki valdir sérstaklega, heldur mynda fullkominn þverskurð af samfélaginu“ væri hvorki meira né minna en „[m]ikilvægasta menningartæki hins nýja

⁸⁰ Nisbet, „Hlutverk skólamannsins“, 117–18. – Um gagnrýni á hefðbundið val á nemendum til framhaldsnáms, sjá Boyd og King, *The History of Western Education*, 435–36.

⁸¹ Nisbet, „Hlutverk skólamannsins“, 118–19.





Þjóðfélags“. Menningin í Þjóðfélögum framtíðarinnar væri undir því komin að þegnarnir almennt nytu menntunar og ekki aðeins fámennur hópur. Í þessu sambandi benti hann á að sýnt hefði verið fram á að í skólum þar sem vali á nemendum sem stunda skyldu langskólanám hefði verið frestað og öllum kennt saman eins lengi og kostur var hefði komið í ljós að fleiri nemendur reyndust hafa hæfileika til að stunda menntaskóla- og háskólanám en áður var talið mögulegt. Jafnframt hefðu enn aðrir framlengt námstíma sinn með því að leggja stund á sambland fræðilegs og hagnýts náms. Sú stefna að greina sauðina frá höfrunum svo snemma í skólakerfinu hefði „augljóslega haft í för með sér missi á hæfileikamönnum“. Að fresta þessu vali virtist þýða að hægt væri „að færa stærri þjörg í bú“.⁸²

Kenningar þær er hér voru settar fram um að öll alþýða manna skyldi ganga menntaveginum áttu um margt rætur að rekja til annars viðhorfs til námsgáfna og möguleika til að ná árangri í námi en þess sem að sögn Nisbets hafði tíðkast í „Þjóðfélagi hinna útvöldu“. Um leið byggðu þær á öðru viðhorfi til hlutverks skólanna og skólakerfisins en áður hafði verið algengast. Hlutverk skólans og ábyrgð jókst með nokkrum hætti enda var því haldið fram að góð kennsla og kennsluáðferðir skiptu miklu máli, ekki síður en námsgreind nemendanna. Og þegar hinum nýju viðhorfum í menntamálum var stillt upp við hlið þeirra sem nú voru að hverfa þá einkenndust þau í fyrsta lagi af þeirri skoðun að í stað þess að nýta tímann til að velja úr nemendum væri nær að verja honum til endurbóta á kennslu. „Miklu fleiri nemendur munu öðlast miklu meiri þekkingu og kunnáttu, ef við einbeitum okkur að því að veita þeim góða kennslu en ef haldið verði áfram hinni tiltölulega þurru aðferð að endurbæta val á nemendum í árangurslitla skóla.“⁸³ Menntagildi hins hverfandi þjóðfélags fengu að fjúka eitt af öðru, og þannig var nú einnig sett spurningarmerki við hugmyndina um hinn óumbreytanlega „viskubrunn“, eða þá hugmynd að gáfur væru að miklu leyti meðfæddar og að fjöldi „greindra einstaklinga“ mundi alltaf verða nokkurn veginn svipaður.⁸⁴ Því var haldið fram að þegar „menningarlegum og námsletjandi hindrunum“ væri rutt úr vegi kæmi í ljós að „sá hundraðshluti fólks, sem er fær um að ná ákveðinni starfsþjálfun, getur hækkað að mun“. Hið nýja viðhorf, sagði Nisbet að væri „að það, sem við fáum úr vizkubrunninum, er ekki eins mikið undir magni brunnsins komið eins og afli dælnnar“.⁸⁵

⁸² Nisbet, „Hlutverk skólamannsins“, 119.

⁸³ Nisbet, „Hlutverk skólamannsins“, 120–21.

⁸⁴ Nisbet, „Hlutverk skólamannsins“, 121.

⁸⁵ Nisbet, „Hlutverk skólamannsins“, 121.





II. GRUNNMENTUNARSKÓLINN – II.2 FJÖLGUN STÚDENTA OG NÝ VÍSINDASTEFNA

Áherslur prófessors Stanleys Nisbet í fyrirlestri hans við Háskóla Íslands voru einkum á hlutverk skólans við kennslu og uppeldi barna og unglunga. Þannig má segja að einstaklingurinn hafi verið í brennipunkti og möguleikar hans til að öðlast þroska.⁸⁶ En hugmyndir Nisbets voru einnig settar fram í samhengi við áðurnefndar hagfræðilegar kenningar og hugmyndina um menntun „sem þjóðarfjárfestingu fremur en þjóðfélagslega þjónustu“. Út frá því sjónarhorni var það þjóðfélagið sem var í brennidepli og spurningin um hvernig það fengi sem best nýtt hvern og einn einstakling. Í því samhengi fékk jafnvel kjörorðið „jafnrétti til tækifæra“ ekki að vera óáreitt heldur var bent á annað kjörorð sem gæti komið í þess stað. Var það kjörorðið „fullnýting“. Því var haldið fram að þegar ýmsu augljósu misrétti hefði verið rutt úr vegi gerðu menn sér æ betur ljóst „að það verkefni að rækta og hagnýta út í æsar alla þá hæfileika, sem búa í samfélaginu, er svo feikilegt, að það hlýtur jafnvel að ganga fyrir því viðfangsefni að tryggja, að hverjum og einum séu veitt viðeigandi tækifæri“. Í stað þess að horfa á málið út frá því sjónarhorni að einstaklingar með sömu gáfu skyldu eiga rétt á sömu tækifærum var nú horft á málið út frá sjónarhorni þjóðfélagsins og þeirri hugmynd að vöxtur og viðgangur þess væri undir því kominn að „fullnýta“ alla þegnana.⁸⁷

Líkt og hinn skoski skólamaður Stanley Nisbet var Kristján J. Gunnarsson sannfærður um nauðsyn þess að umbylta skólakerfinu, og skrif hans fólu líka í sér athyglisverða greiningu á þörfinni fyrir að veita þar fleirum aðgang. Skólastjórinn íslenski tók þó annan pól í hæðina en Nisbet við að svara þessum spurningum. Í stað þess að greina evrópskt þjóðfélags- og menntakerfi var útgangspunktur hans hefðbundin íslensk þjóðmenning. Á ýmsan hátt gekk hann út frá venjubundinni sögu um sókn þjóðarinnar í átt til framfara og betra lífs á 19. og 20. öld en lagaði hana um leið að sínu eigin markmiði, sem hann átti sameiginlegt með öðrum skólaforkólfum tímabilsins, að menningarlega og efnahagslega nauðsyn bæri til þess að umbylta skólakerfinu.

Þannig má segja að í stað þeirrar söguskoðunar að frelsi íslensku þjóðarinnar frá Dönum hafi verið meginforsenda hagsældar og framfara hafi Kristján sett hugmyndina um tengsl menntunar og hagþróunar. Ræða hans gekk í stuttu máli út á það að kenninguna um tengsl menntunar, hagnaxtar og almennra þjóðfélagslegra framfara mætti heimfæra upp á alla Íslandssögu síðustu alda. Stöðnun og

⁸⁶ Nisbet, „Hlutverk skólamannsins“, 122–28.

⁸⁷ Nisbet, „Hlutverk skólamannsins“, 121. – Sjá einnig Matthías Jónasson og Sveinbjörn Sigurjónsson, „Stutt skýrsla frá þingi O.E.E.C.“, 74–79.





Árið 1969 var fullveldishátíð stúdenta 1. desember enn svo virðuleg að henni lauk með hátíðlegum kvöldverði. Hér má sjá þá sitja til borðs ásamt konum sínum Magnús Mátísson háskóla- rektor og Kristján Eldjárn forseta Íslands. Þeir eru nálægt miðri mynd.

skort í gamla bændasamfélaginu hefði þannig mátt rekja til þess að menn hefðu ekki kunnað að tengja menntun sína og menningu hinu veraldlega sviði. Þetta þýddi alls ekki að Íslendingar hefðu verið snauðir að menningu og menntun heldur hefðu menningin annars vegar og almennir atvinnuhættir hins vegar verið tvö óskyld svið. Menning Íslendinga í gamla bændasamfélaginu hefði þannig um margt verið fullkomlega klofin. Hún hefði á ýmsan hátt verið á háu stigi á hinu andlega sviði, sagði skólastjórinn, „[g]áfur og ímyndunar- afl þjóðarinnar blómguðust í sérkennilegri, andlegri menningu“, en þjóðinni hefði ekki tekist að tengja menntun verklegum og hagnýtum framförum. Þess vegna hefðu menn haft horn í síðu bóknáms, a.m.k. fyrir alþýðufólk, ekki vegna andúðar á þekkingu og fræðslu heldur hreinlega vegna þess að menn kunnu ekki og sáu enga leið til að nýta það í lífsbaráttunni. „Þjóð, sem sífellt stritaði og barðist við skortinn, taldi sig hafa á flestu öðru fremur þörf en þekkingu, sem hún vissi engin ráð til að færa sér í nyt.“ Það hafi ekki verið fyrir en menn tóku að læra þá lexíu að nám og bókvit yrði í askana látið, og um leið að tengja saman andlega og verklega menningu, að íslenskt samfélag hóf að taka framförum.⁸⁸

Kristján hélt því fram að öll hin mikla „vorleysing“ sem orðið hefði í þjóðfélaginu á 19. öld hefði tengst því að menntun varð almennari. Stundum hefði „bætt menntunarástand [verið] forsenda þess, að breytingar til bóta gætu átt sér stað, en stundum leiddi ný-

⁸⁸ Kristján J. Gunnarsson, „Bókvitid og askurinn“, 113–15.



II. GRUNNMENTUNARSKÓLINN – II.2 FJÖLGUN STÚDENTA OG NÝ VÍSINDASTEFNA



Á tímabili grunnmenntunarskólans, sem hér er til umræðu, urðu deildarskrifstofur að einhverjum mikilvægustu einingum háskólastarfsins. Hér eru María Jóhannsdóttir, skrifstofustjóri Heimspékiðeldar, og Anna Sigurbergsdóttir, ritari á skrifstofu deildarinnar í Árnagarði.

skipun í atvinnu- og félagsmálum til brýnnar þarfar á bættri og aukinni almennri og hagnýtri menntun“. Tók hann dæmi af forkólfum á sviði sjómennsku og landbúnaðar sem rufu vítahring fáfræði og stöðunar og öfluðu sér menntunar í sínu fagi. Nefndir voru til sögunnar menn á borð við Markús Bjarnason, er lauk skipstjórnarprófi frá Kaupmannahöfn og varð skólastjóri hins nýstofnaða Stýrimannaskóla í Reykjavík árið 1891, og Torfa Bjarnason sem stofnaði búnaðarskóla í Ólafsdal árið 1880.⁸⁹ Lífsstarf þessara manna sýndi svart á hvítu hvernig aukin menntun leiddi til atvinnuframfara og efnahagslegs ábata. Eða með öðrum orðum, að samband væri milli bættrar menntunar og aukins hagvaxtar. Í þessu sambandi setti hann fram drög að afar athyglisverðri kenningu, þ.e. að spyrja mætti að hve miklu leyti hinar ótrúlegu efnahagslegu framfarir á Íslandi á 20. öld ættu rætur að rekja til fræðslulaganna 1907 og þeirrar stórauðnu almennu menntunar sem fylgdi í kjölfar þeirra.⁹⁰

Spyrja má hvers vegna Kristján J. Gunnarsson tók þennan pól í hæðina, en kannski áleit hann að rök sem byggð voru á tilvísunum til íslenskrar sögu og sigra hennar í baráttunni við að verða að nútímapjóð væru ekki síður líkleg til að hrífa en ýmiss konar kenningar á sviði hagfræði og þjóðfélags- eða uppeldisfræði. Í það minnsta sagði hann að íslenska þjóðin stæði nú enn á ný á tímamótum, líkt og hún gerði á síðari hluta 19. aldar og í byrjun þeirrar 20. Nú var það heldur ekki aðeins þróun atvinnuhátta og atvinnulífs sem var í húfi heldur einnig allt samhengi íslenskrar menningar og félagsgerðar. Verið gæti, sagði hann, að „atvinnubyltingin skyggi nokkuð á aðrar breytingar, sem orðið hafa í íslenzka þjóðfélaginu“, en hinar félagslegu breytingar sem sigldu í kjölfarið skiptu þó síst minna máli. Endurskoðun skólakerfisins væri þess vegna nauðsynleg, bæði af atvinnulegum ástæðum en einnig af félagslegum og menningarlegum.⁹¹ Hin öra þjóðfélagsþróun hefði þannig leitt af sér slíkar breytingar að örvænta mætti um samhengi íslenskrar menningar og félagsgerðar. Sjálfur bókmenntarfarurinn var meðal þess sem væri í hættu ef skólakerfið yrði ekki tekið til gagngerar endurskoðunar, en skólastjórinn hélt því fram að með óbreyttum kennsluáferðum yrði almenn kunnátta í honum beinlínis leidd til glötunar. Sagði hann skýrt og skorinort að ef takast ætti að „varðveita að nokkru þátt Íslendingasagna í íslenzkri menningu, – eða bara skammlausa þekkingu á þeim, – þá ... [yrði] það ekki gert með óbreyttri heldur mjög breyttri afstöðu skólanna til þess viðfangsefnis“.⁹²

⁸⁹ Kristján J. Gunnarsson, „Bókvitnið og askurinn“, 120–22.

⁹⁰ Kristján J. Gunnarsson, „Bókvitnið og askurinn“, 124.

⁹¹ Um þróun íslensks þjóðfélags frá bændasamfélagi yfir í nútímapjóðfélag og tengsl þess við mótun íslensks skólakerfis, sjá Edelstein, *Skóli – nám – samfélag*, t.d. 133–56.

⁹² Kristján J. Gunnarsson, „Bókvitnið og askurinn“, 126–27, 132. Leturbr. í heimild.



En meginboðskapur Kristjáns varðandi hlutverk skólans var eftirfarandi. Skólinn átti í fyrsta lagi að þjóna þörfum atvinnulífsins, „veita þá þekkingu og menntun, sem fullnægi þörfum atvinnuveganna og þjóðfélagsins, bæði hvað snertir magn (fjöldi menntaðra einstaklinga) og gæði (sérhæfingu og menntunargildi)“. Í öðru lagi átti hann að gegna menningarlegu og félagslegu hlutverki í þjóðfélagi sem nú stóð á tímamótum, þ.e. að „skipuleggja og framkvæma uppeldisaðgerðir, sem að því miði, að þjóð og þegnar ráði yfir menningarlegri kjölfestu, er geri þá færa um að standast umrót hraðfara þjóðlífsbreytinga“.⁹³

Íslenska skólakerfið væri aftur á móti fjarri því að vera undir þetta búið, og enn vísaði skólastjórinn til aldamótaáranna til að rökstyðja mál sitt. Stöðu skólans í þjóðfélaginu nú á dögum sagði hann að svipaði „til þeirra aðstæðna, sem ríktu um síðustu aldamót, að því er snertir menntunarstig landsmanna andspænis breytingum í atvinnu- og þjóðlífi“. Brátt væri svo komið að þjóðina skorti þekkingu og hæfni á fjölmörgum sviðum, og mundi því ekki verða kleift að nýta sér þau tækifæri sem byðust til framfara.⁹⁴ Í greininni sem birt var um mitt ár 1965 var kveðið fast að orði þegar ástandinu var lýst:

Íslenzki skólinn hefur ekki þróast til samræmis við þjóðlífsbreytingar og uppfyllir ekki þarfir þjóðfélagsins eins og þær nú eru. *Af þessu leiðir, að við ráðum naumast lengur, hvaða stefnu uppeldi þjóðarinnar tekur í framtíðinni.* Við erum þess einnig mjög varbúinir að leysa hinar efnahagslegu þarfir fyrir sérmenntað fólk. Engar rannsóknir liggja fyrir og engar áætlanir hafa verið gerðar um menntaþarfir vegna atvinnuveganna. ... Rannsóknir (t.d. í Bandaríkjunum og hjá Efnahagsstofnun Evrópu) sýna þó, að menntun og tækni eru nú orðið mikilvægustu þættir hagvaxtarins, sem aukin hagsæld þjóðfélaganna byggist fyrst og fremst á. *Þess vegna er nauðsynlegt að samhæfa skólakerfið og hagkerfið, að því er efnahagsleg markmið varðar, á sama hátt og uppeldisleg markmið þurfa hvort tveggja að aðhæfast félagslegri skipun þjóðlífsins og móta hana.*⁹⁵

Þegar menn sætu nú andvaralausir, mælti Kristján J. Gunnarsson, og horfðu á breytingarnar ríða yfir þá skyldu þeir horfa til aldamótamannanna, en þeir hefðu gert það „átak í menntamálum, sem dugði til að þeirra efnalegu og menningarlegu framförum væri borgið“. Og þeir hefðu ennfremur sent dr. Guðmund Finnbogason utan

⁹³ Kristján J. Gunnarsson, „Bókvitið og askurinn“, 135.

⁹⁴ Kristján J. Gunnarsson, „Bókvitið og askurinn“, 138.

⁹⁵ Kristján J. Gunnarsson, „Bókvitið og askurinn“, 134–35. Leturbr. í heimild.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.2 FJÖLGUN STÚDENTA OG NÝ VÍSINDASTEFNA

⁹⁶ Kristján J. Gunnarsson, „Bókvitið og askurinn“, 138–39.

⁹⁷ Ítarleg umfjöllun um breytingar á framhaldsskólakerfinu er í kafla Jóns Torfa Jónssonar, „Samræmdur framhaldsskóli í mótun“ í *Almenningsfræðslu á Íslandi* II, 157–73.

⁹⁸ Ólafur Rastrick og Sumarliði R. Ísleifsson, *Stjórnarráð Íslands 1964–2004* II, 111.

⁹⁹ Ólafur Rastrick og Sumarliði R. Ísleifsson, *Stjórnarráð Íslands 1964–2004* II, 111, 314. – Gylfi P. Gíslason, *Vidreisnarárin*, 143. – *Almenningsfræðsla á Íslandi* II, 105–09.

¹⁰⁰ Ólafur Rastrick og Sumarliði R. Ísleifsson, *Stjórnarráð Íslands 1964–2004* II, 111. – *Alþingistíðindi* 1964 A2, 1297–98. – *Alþingistíðindi* 1969 B, 487–88. Voru lög samin af nefnd á vegum menntamálaráðherra, og hafði hún unnið að þeim allt síðan 1963. Í nefndinni sátu m.a. rektor Háskóla Íslands, Ármann Snævarr, skólastjóri Kennarskóla Íslands, Broddi Jóhannesson, og rektorar, skólastjórar og skólameistarar menntaskólanna og Verslunarskóla Íslands, fyrir utan aðra nefndarmenn sem áttu tímabundið sæti í nefndinni.

„til að kynna sér menntakerfi annarra þjóða og notfæra sér þá þekkingu við mótun hins íslenzka“. Nú á tímum væru aftur á móti engar sérstakar ráðstafanir gerðar til þess að „ungt menntafólk læri og þjálfist við menntarannsóknastofnanir, sem flestar menningarþjóðir, aðrar en Íslendingar, hafa komið upp hjá sér“.⁹⁶

6. Umbreyting skólakerfisins

Umbreyting skólakerfisins var þó í vændum þótt Kristjáni J. Gunnarssyni hafi þótt menn vera andvaralausir í grein sinni er hann ritaði árið 1965. Eins og áður hefur komið fram má segja að leiðsögumönnum íslenska skólakerfisins hafi lánast að ákvarða stefnuna um og eftir miðjan sjöunda áratuginn.⁹⁷ En nemendum á framhaldsskólastigi fór þá ört fjölgandi eins og áður hefur verið fjallað um, og þrýstingur hafði skapast úr öllum áttum. Á hinum lagalega vettvangi fór umbylting íslensks skólakerfis fram í nokkrum stigum sem öll höfðu áhrif á möguleika ungmenna til að flytjast áfram í skólakerfinu og þar með að ganga menntaveginna alla leið til háskólaprófs.

Fyrst skal nefna endurskoðun skyldunáms, en árið 1969 var skipuð svokölluð fræðslulaganefnd er skyldi endurskoða fræðslulögin frá árinu 1946. Nefnd þessi samdi frumvarp til laga um skólakerfið í heild og annað um grunnskóla. Í frumvörpum þessum var gert ráð fyrir að allt skyldunámsstigið yrði fellt saman í eina heild og að prófstigin tvö sem áður voru við lýði féllu niður, en nemendur myndu flytjast viðstöðulaust milli bekkja í grunnskólanum.⁹⁸ Þetta þýddi sem sé að engin skil voru lengur milli barnafræðslustigs og gagnfræðastigs. Þá var landsprófið lagt niður og í stað þess tekið upp grunnskólapróf sem veitti öllum nemendum tækifæri til að öðlast aðgöngumiða að stúdentsprófsnámi. Ennfremur lengdist skóla-skylda úr átta árum í níu, jafnframt því sem árlegur skólatími lengdist. Frumvörpin voru lögð fyrir Alþingi í ársbyrjun 1971, og voru ekki útrædd á því þingi en tóku aftur á móti gildi árið 1974.⁹⁹

Nokkru áður en endurskoðun á skyldunáminu hófst fóru af stað breytingar á allri íslenskri löggjöf um menntaskóla eða framhaldsskólamenntun til stúdentsprófs. Lög um menntaskóla voru endurskoðuð árið 1965, fyrst og fremst til þess að leyfa fjölgun skólanna, en árið 1970 voru sett ný lög um menntaskóla sem leystu af hólmi löggin frá árinu 1946.¹⁰⁰

Með nýjum lögum um menntaskóla árið 1970 var í fyrsta sinn afnumið að fjöldi menntaskóla í landinu skyldi vera lögbundinn og

ákveðinn með lagasetningu. Eins og Gylfi Þ. Gíslason gerði grein fyrir í framsöguræðu sinni með frumvarpinu á Alþingi árið 1969 þá var það ein meginbreyting frumvarpsins að ekki var lengur gert ráð fyrir því „að fjöldi menntaskóla sé ... ákveðinn í lögum, heldur er gert ráð fyrir því, að stofnun nýrra skóla skuli fara eftir fjárveitingum Alb[ingis] og ákvörðun ráðh[erra]“.¹⁰¹ Sú ákvörðun sem þarna var lagður grunnur að og komst smám saman í framkvæmd á næstu árum, að létta takmörkunum af rétti almennings og möguleikum til að stunda langskólanám, var án efa ein sú stjórnvaldsákvörðun sem hvað afdrifaríkust var fyrir sögu Háskóla Íslands á síðari hluta 20. aldar.

Í kjölfar nýju laganna fjölgaði mjög menntaskólum, og reistir voru nokkrir nýir skólar bæði í Reykjavík og úti um land. Haustið 1966 tók Menntaskólinn við Hamrahlíð til starfa, en hann brautskráði fyrstu stúdentana árið 1970. Þá var annar nýr menntaskóli stofnaður árið 1969, Menntaskólinn við Tjörmina, sem í fyrstu var til húsa í gamla Miðbæjarskólanum en flutti síðan starfsemi sína í Vogaskóla og var frá árinu 1977 nefndur Menntaskólinn við Sund. Þá var Menntaskólinn á Ísafirði tekinn í notkun árið 1970. Um 1970 hafði skólum þar sem hægt var að stunda nám til stúdentsprófs fjölgað um helming á tíu árum.¹⁰²

Breytingunum fylgdu einnig nýjungar í kennsluháttum, og var það í fullu samræmi við þá endurskoðun á allri hugmyndafræði náms sem drepíð var á hér á undan.¹⁰³ Kennsluhættir, bæði í barna- og unglingskólum og í menntaskólum, höfðu verið í föstum skorðum og einkennst af utanbókarlærdómi og yfirheyrslum. Þessi staða mála var eitt þeirra fjölmörgu atriða sem áhugamenn um skólamál voru uppteknir af á þessum tíma, en árið 1964 var ritað í grein um íslenska menntaskóla í Tímariti Verkfræðingafélags Íslands að kennslan í skólunum hefði „að mestu farið fram á þann hátt, að nemendurnir skulu hafa lært ákveðna lexú fyrir hvern dag og kennslustundin notuð til að ganga úr skugga um, að nemendurnir hafi hlýtt“.¹⁰⁴ Í yfirlýsingu frá Félagi háskólamenntaðra kennara var kveðið sterkara að orði í gagnrýni á ríkjandi kennsluhætti og sagt að ástandið í íslenskum skólum hefði undanfarna áratugi „einkennst af háskalegri kyrrstöðu í hugsun og stöðnun í föstum, úreltum formum“, og leiddi þetta til þess að skólana skorti mikið til „að fullnægja þeim kröfum, sem þjóðfélagið hlýtur að gera til þeirra í nútíð og framtíð“.¹⁰⁵ Nýjum viðhorfum til kennsluáðferða var stefnt gegn umræddri „yfirheyrsluáðferð“, og ríkti sterkur vilji til að ráðast gegn hefðinni, „brjóta upp form kennslunnar og gera hana sveigjanlegri“.¹⁰⁶

¹⁰¹ *Alþingistíðindi* 1969 B, 487–88.

¹⁰² Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur* II, 198, 261–63. – Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 422. – *Menntaskólinn við Hamrahlíð 30 ára*, 19–26.


¹⁰³ *Aðalnámskrá grunnskóla*, 17.

¹⁰⁴ Hinrik Guðmundsson, Jakob Björnsson og Páll Theodórsson, „Íslenzkir menntaskólar“, 36.


¹⁰⁵ *Efning Háskóla Íslands* II. Félag háskólamenntaðra kennara, „Yfirlýsing um grundvallarsjónarmið í skólamálu“, 3.

¹⁰⁶ Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur* II, 249, 263.

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.2 FJÖLGUN STÚDENTA OG NÝ VÍSINDASTEFNA



Á sama tíma og menntaskólum fjölgaði svo mjög var lagður grunnur að nýju skipulagi stúdentsprófsmenntunar. Hér er átt við fjölbrautaskólana svokölluðu sem tekið var að stofna bæði í Reykjavík og víðsvegar um land. Fjölbrautaskólakerfið var hreint afsprengi þeirra hræringa í menntamálum sem hér hafa verið ræddar og þar með sér-



Á áttunda áratug 20. aldar var stigið fyrsta skrefið í þá átt að gera framhaldsskólana að héraðsskólum landsins.

stakur vettvangur tilraunastarfsemi á sviði skólamála og nýrrar skipunar menntakerfisins sem skólamönnum lá svo mjög á hjarta á þessum tíma.¹⁰⁷

Þá voru breytingar „á innra starfi skólans ... ekki síður taldar mikilvægar“. Ákvarðanir sem teknar voru á þessum tíma byggðust þannig einnig á þeirri hugmynd að skólinn skyldi rækta og efla jafnréttissjónarmið og lýðræðislega vitund meðal skólanema.¹⁰⁸

Aðsóknin að Fjölbrautaskólanum í Breiðholti staðfesti þörfina fyrir skóla af þessu tagi. Á tíu ára afmæli skólans árið 1985 var hann orðinn fjölmennasti framhaldsskóli landsins, en skólinn, sem bauð upp á sjö svið eða námsbrautir, hafði innan sinna veggja rúmlega 2.000 nemendur í dagskóla og kvöldskóla. Árið 1981 var svo settur á fót annar fjölbrautaskóli, Fjölbrautaskólinn við Ármúla, og þar stunduðu rúmlega 700 nemendur nám að staðaldri á níunda áratugnum.¹⁰⁹

Það var þó ekki aðeins skólakerfið sem gekk í gegnum umbreytingaskeið á því árabili sem hér hefur verið til umræðu. Í vissum skilningi má segja að allt þjóðfélagið hafi leikið á reiðiskjálfi, eða í það minnsta hin menningarlegu gildi þess sem kynslóðin kennd við '68 tók til svo rækilegrar athugunar. Nýir straumar áttu vissulega eftir að hafa mikil áhrif og setja sterkan svip á þróun Háskóla Íslands, og tengdust þeir að sjálfsögðu um margt þeim hræringum sem hér hafa verið til umræðu. Verður nú vikið nánar að þessu.

¹⁰⁷ Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur* II, 257.

¹⁰⁸ Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur* II, 258–59.

¹⁰⁹ Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur* II, 258–60.